

# Ævintýra landið

Ferðalag um Ísland 2021

FRÍTT  
EINTAK

N1



# Steikargaldur



NÝTT ÚR SMÍÐJU POTTAGALDRA





**FINNDU GLEÐINA**





# Útivist - spennandi ferðir um Ísland

Nú þegar Íslendingar beina ferðum sínum um Ísland er tilvalið að slást í för með Ferðafélaginu Útivist og skoða landið í góðum félagsskap fólks sem býr yfir bæði reynslu og þekkingu. Fjölbreyttar ferðir eru í boði hjá Útivist í sumar. Gönguferðir um hálandið freista margra og er óhætt að segja að Útivist hafi á sinni dagskrá fjölda ferða sem henta vel til að kynna óbyggðum landsins með aðgengilegum hætti.

## Laugavegur og Fimmvörðuháls

Þekktustu gönguleiðir landsins eru án nokkurs vafa Laugavegurinn og Fimmvörðuháls. Nú er gott tækifæri til að láta verða að því að fara þessar skemmtilegu gönguleiðir og er hægt að velja úr dagsetningum í ferðaáætlun Útivistar. Í ferðum yfir Fimmvörðuháls er oft gíst í skála félagsins efst á hálsinum og þannig er hægt að taka leiðina í tveimur nokkuð þægilegum áföngum.

## Að Fjallabaki

Af ferðum á miðhálandinu er vert að nefna fjögurra daga ferð um Dalastíg sem er ný gönguleið á mjög áhugaverðum slóðum að Fjallabaki. Leiðin býður upp á allt það sem einkennir Fjallabak, en þar er farið um eitt mesta háhitasvæði landsins. Gengið er um fáfarnar slóðir vestan við Laugavegin, en gangan endar í Landmannalaugum. Einnig má nefna sívinsælar leiðir á Skaftártunguafreitti. Sveinstindur – Skælingar er skemmtileg gönguleið á þeim slóðum þar sem gíst er í gömlum gangna-



mannakofum sem Útivist hefur gert upp á einstaklega skemmtilegan hátt. Þessi gönguleið er tvímælalaust ein af perlum hálandisins.

## Lítt þekktar slóðir á Tindfjallajökli

Útivist hefur nýverið byggt nýjan skála við Tindfjallajökul í samvinnu við Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík. Með því opnast nýjir möguleikar til útivistar á fáförnum slóðum. Tindfjallahringurinn er ný gönguleið þar sem gengin er hringleið frá Fossi á Rangárvöllum, í Hungurfit og þaðan í skálann við Tindfjallajökul. Hér er skemmtileg nýjung í ævintýrlegu landslagi.



## Ævintýri fyrir börn og fullorðna

Fjölskylduferðir Útivistar njóta mikilla vinsælda. Ævintýri við Strút er bæki-stöðvarferð fyrir krakka, mömmur, ömmur, pabba, afa, frænkur og frændur. Hálandið í kringum Strútskála verður kannað, farið í Strútslaug, ætt upp og niður fjöll, stiklað yfir ár og leitað að hellisskútum.

Hægt er að skoða ítarlegar upplýsingar um allar ferðir Útivistar og bóka þátttöku á heimasíðu Útivistar.

utivist.is

Útgefandi: Ritform ehf.  
Ritstjóri: Valþór Hlöðversson (ábm).  
Hönnun og umbrót: Guðmundur Þorsteinsson.  
Auglýsingar: Ingibjörg Agústsddóttir.

Forsíðumynd: Stuðlagil.  
Ljósmynd: Guðmundur Þorsteinsson.

Ísafoldarprentsmiðja - Umhverfissvottun 141 825




Markaðsstofum landshlutanna er þökkun aðstoð við vinnslu blaðsins.

Ævintýralandinu er dreift frítt á upplýsingamiðstöðvar ferðamanna og á stöðvum N1 vítt um land.



GARMIN

GARMIN GPS OG inREACH  
SAMSKIPTATÆKNIN  
SKILAR OKKUR HEIM.



FENIX 6  
SPORT- OG ÚTIVISTARÚR MED  
KORTI OG MIKILLI RAFLÓÐUENDINGU

INREACH MINI  
GERVIHNATTA NEYÐARSENDIR,  
TRACKER OG SAMSKIPTATÆKI

GPSmap 66s  
3" SKJÁR MEÐ FRÁBÆRRI UPPLAUSN  
OG TENGJANLEGT VIÐ SNJALLSÍMA

GARMINBÚÐIN

ÖGURHWARFI 2, 203 KÖPVOGUR | Sími: 577 6000 | GARMIN.IS





■ Kyrrð og slökun í sveitinni.



■ Á Syðra-Skórðugili í Skagafirði er boðið upp á styttri og lengri hestaferðir auk gistingar.

# Hey Ísland - íslenskt alla leið!

**Ferðaskrifstofan Ferðapjónusta bænda hf., með vörumerkin tvö Hey Ísland og Bændaferðir, fagnar 30 ára afmæli í ár. Eins og nafnið gefur til kynna þá á fyrirtækið rætur sínar að rekja til ferðapjónustubænda sem enn í dag eru helstu eigendur og samstarfsaðilar ferðaskrifstofunnar. Fram til ársins 2020 þjónustaði ferðaskrifstofan fyrst og fremst erlenda markaðinn en í dag hafa opnast ný og spennandi tækifæri fyrir Íslendinga að upplifa landið með Hey Íslandi.**

**Gönguferðir að hætti heimamanna**  
Fyrir þá sem vilja hlaða batterín í nokkurra daga gönguferð um náttúru Íslands þá kennir ýmissa grasa hjá Hey Íslandi. Í samvinnu við ferðapjónustubændur er boðið upp á nýjar og spennandi gönguferðir í sumar og má þar t.d. nefna nokkurra daga gönguferðir á Vestfjörðum, Norðausturlandi, Austur-

landi og á Arnarvatnsheiði. Þá er líka m.a. boðið upp á rammíslenska réttarferð í Miðfjörðinn í haust.

## Hey.is - íslensk bókunarsíða fyrir gistingu og afþreyingu

Á vefsíðunni hey.is er að hægt að sækja upplýsingar og bóka fjölbreytta gistingu hjá ferðapjónustubændum um allt land; gistiheimili, íbúðir/sumarbústaði og sveitahótel af öllum stærðum og gerðum. Gististaðirnir eru staðsettir í fögru og friðsælu umhverfi sveitarinnar þar sem finna má ýmis þekkt og óþekkt kennileiti sem vert er að gefa gaum. Þá eru merktar gönguleiðir sem finna má í Wapp appinu ekki langt undan. Margir gististaðir bjóða upp á veitingar þar sem í boði eru afurðir úr héraði og jafnvel frá viðkomandi býli. Að ferðast um landið og kitla bragðlaukana með því að smakka á staðbundnum matvælum er sönn matarupplifun. Þeir

sem vilja fara í styttri hestaferðir, gönguferðir, siglingu eða jafnvel kíkja í sveitaheimsókn geta örugglega fundið eitthvað við sitt hæfi í vöruúrvalinu á hey.is.

## Voffinn velkominn – hleðslustöðvar á gististöðum

Sífelld fleiri Íslendingar kjósa að taka hundinn sinn með í ferðalagið og þeir geta fundið sérmerktar gististaði á vefsíðu Hey Íslands sem leyfa hunda. Mikilvægt er að láta vita við bókun ef hundur er með í för og fylgja þeim reglum sem settar eru á hverjum stað.

Í dag eru yfir 20 gististaðir innan Hey Íslands sem bjóða upp á hleðslustöðvar til afnota fyrir gesti sína. Það er því óhætt að segja að bæði gestir og rafbílur geti hlaðið batterín yfir nótt og notið þess að ferðast um sveitir landsins yfir daginn.

## Íslandsferðir Bændaferða

Sú nýbreytni að bjóða upp á Bændaferðir innanlands hefur svo sannarlega slegið í gegn. Í þessum ferðum eru það reyndir fararstjórar Bændaferða sem halda vel utan um hópinn og deila visku sinni um þau svæði sem farið er um. Það gæti enn verið laust sæti í ferð og því vert að kíkja á það sem er í boði inn á baendaferdir.is.

Gleðilegt ferðasumar – og munum að njóta en ekki þjóta!

hey.is



■ Ferðabændur á Brekkulæk bjóða upp á gönguferð á Arnarvatnsheiði.



**BÍLALEIGA  
AKUREYRAR**  
— Höldur —

**Europcar**



*Hafðu bílamálin einföld og þægileg.*

# LANGTÍMALEIGA

Langtímaleiga er hagkvæmur kostur í bílamálum. Leigutími er frá 3 að 36 mánuðum. Innifalið er tryggingar, bifreiðagjöld, reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta og dekkjaskipti. Fjármagnsbinding er engin og endursöluáhætta heyrir sögunni til.



Afgreiðslustaðir um land allt

Aðalnúmer 461 6000

[www.langtimaleiga.is](http://www.langtimaleiga.is)





■ Í Krauma er notað heitt vatn úr Deildartunguhver sem er einn öflugasti og vatnsmesti hver í Evrópu.

## Kjarni íslenskrar náttúru í Krauma

Krauma – náttúruleugar standa skammt norðan Deildartunguhvers í Borgarfirði. Laugarnar eru sex talsins, fimm með heitu vatni og ein með köldu vatni. „Í laugarnar notum við heitt vatn úr Deildartunguhver sem er einn öflugasti og vatnsmesti hver í Evrópu. Engum sóttþreinsandi efnum er bætt í vatnið, heldur er hreinleiki þess tryggður með mjög miklu vatnsrennsli í laugarnar,“ segir Jónas Friðrik Hjartarson, framkvæmdastjóri Krauma.

### Gufubað og slökun

Náttúruaflíð Deildartunguhver spúir upp um 180 lítrum af 100°C heitu vatni á sekúndu en áður en það rennur í laugar Krauma er það kælt niður með tæru vatni undan öxlum Oks. „Þegar gestir hafa notið dvalar í laugunum geta þeir slakað á í hvíldarherbergi þar sem er spilið róleg tónlist og jafnan kveikt á arni í miðju rýmisins. „Þetta hefur vakið mikla lukku hjá okkar gestum; að dvelja í heitri eða kaldri laug eða potti og fara svo í hvíldarherbergið. Þetta er mikill slökunartími.“ Gestir geta einnig farið í gufubað í Krauma en tvö slík eru á staðnum í aðskildum byggingum. Hveravatni er úðað undir timburbekki inni í rýmnum.

### Ferskt hráefni úr héraði

Glæsilegur veitingastaður er í aðalbygg-



■ Í hvíldarherbergi slaka gestir á eftir að hafa verið í pottunum. Þar er spilið róleg tónlist og jafnan kveikt á arni í miðju rýmisins.



■ Veitingastaðurinn í Krauma er afskaplega notalegur en gestir geta einnig setið og notið matarins á pallinum utandyra þegar veður er gott.

ingu Krauma og er lögd áhersla á ferskt hráefni úr nágrenninu. Veitingastaðurinn er afskaplega notalegur og gestir

geta einnig setið og notið matarins á pallinum utandyra þegar veður er gott. „Við hönnun veitingastaðarins var lögd áhersla á að umhverfið fengi að njóta sín og að byggingarnar myndu falla inn í umhverfið,“ segir Jónas Friðrik. Hann bætir við að aðsókn í Krauma sé búin að vera góð frá opnun staðarins.

„Krauma hefur vakið mikla eftirtekt og fengið frábæra dóma kröfuharðra ferðamanna, ekki síst frá útlöndum. Við bjóðum alla velkomna til okkar í sumar, ekki síst Íslendinga sem ætla jú að ferðast innanlands þetta árið. Krauma er sannkölluð upplifun fyrir hvern og einn.“

[krauma.is](http://krauma.is)



# Gönguferðin þín er á [utivist.is](http://utivist.is)



[www.utivist.is](http://www.utivist.is)

**Ætlar þú að ferðast um náttúru Íslands í sumar?**  
Þá áttu samleið með okkur.

- Fimmvörðuháls
- Strútsstígur
- Básar á Goðalandi
- Laugavegurinn
- Sveinstindur - Skælingar
- Dalastígur



Opið alla virka daga kl. 12-17

**ÚTIVIST**

Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Sími 562 1000 - [utivist@utivist.is](mailto:utivist@utivist.is)



## Brot af því besta á Vesturlandi

**Landbúnaðarsafn Íslands** á Hvanneyri sýnir sögu og þróun íslensks landbúnaðar, með áherslu á tímabilið frá 1880 fram undir lok 20. aldar. Sýning safnsins er í Halldórsfjösi á Hvanneyri og er daglegur opnunartími frá 11-17 frá 15. maí til 14. september.

**Pakkhúsið í Ólafsvík** er gamalt verslunarhús, byggt árið 1844. Á fyrstu hæð hússins er Útgerðin hönnunarverslun en þar er líka hægt að setjast niður og njóta kaffiveitinga og kruðerís innan um fallegar listasýningar.

**Reykholt er höfðingjasetur í Borgarfirði** og þar bjó Snorri Sturluson skáld og stjórnmálamaður. Í Reykholti er Snorrastofa, safn og rannsóknarstofnun um þennan heimskunna rithöfund.

**Æðarsetur Íslands** er í Stykkishólmi. Það er upplýsinga- og fræðslusetur um æðarfuglinn, æðardúninn og æðarræktina, hið fullkomna og fallega samspil manns og náttúru. Æðarsetrið er staðsett í gamla miðbænum í Stykkishólmi.

**Eiríksstaðir í Haukadal** voru heimili Eiríks rauða og konu hans Þjóðhildar og fæðingarstaður Leifs heppna. Í bænum er lifandi starfsemi og fólk, klætt að fornum sið, fræðir gesti.

**Glymur er hæsti foss landsins.** Hann er í Botnsdal innst í Hvalfirði og er fallhæð hans 198 metrar. Gönguferð að fossinum Glym tekur á bilinu 3-4 klukkustundir.

**Vínlandssetur er í Búðardal** og geymir m.a. sýningu um landnám norrænna manna á Grænlandi og fund Ameríku löngu fyrir daga Kristófers Kólumbusar. Á neðri hæð hússins er að finna frábæran veitingastað.

**Vítarnir á Breiðinni við Akranes** eru tveir og þá er gaman heim að sækja. Haldnir hafa verið ýmsir viðburðir í nýja vitanum, tónleikar og listasýningar.

west.is

## Skelltu þér í sund í Borgarfirði!


Sundlaugarnar í Borgarfirði  
bjóða ykkur velkomin í sumar

### Allt til alls:

- frábærar laugar
- heitir pottar
- vatnsrennibrautir
- saunaböð
- heilsuræktar-  
stöðvar

Sundlaugin Borgarnesi, sími 433 7140  
Sundlaugin Kleppjárnsreykjum, sími 435 1140  
Sundlaugin Varmalandi, sími 437 1401


[www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)







**Fjölbreytt  
og frábær  
skemmtun**





**Menningarleg  
upplifun**

Byggðasafnið  
í Görðum  
Akranesviti




  /VISITAKRANES



**Skemmtileg útivist  
fyrir alla**  
Guðlaug og sjósund  
Göngu- og hjólaleiðir  
Fjallgöngur á Akrafjall



**Eitthvað fyrir  
alla fjölskylduna**  
Sund og fjöruferð  
Klifur og golf





Byggðasafnið í Görðum

## Ad fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja

Byggðasafnið í Görðum býður gestum einstaka innsýn í liðna tíma en jafn heildstæð sýning er fágæt á landsvísu. Sýningar safnsins eru afar fjölbreyttar, m.a. í nokkrum húsum sem sum hafa verið flutt á svæði safnsins en á safninu eru einnig sérstakt kvikmyndarymi og sýningarými fyrir skammtímasýningar. Í sumar sýnir Kolbrún S. Kjarval, bæjarlistamaður Akraness árið 2017, í rýminu.

Í fastasýningu safnsins er fjallað um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik. Sýningin miðlar fróðleik með fjölbreyttum hætti og má þar nefna ljósmyndir, lifandi myndir, fatnað sem gjarnan má prófa að ógleymdum safnmunum. Hljóðleiðsögn er í boði bæði á íslensku og á ensku og er innifalin í aðgangseyri. Heimsókn á Byggðasafnið í Görðum leikur við öll skilningarvit gesta.



■ Í Byggðasafninu í Görðum er m.a. fjallað um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik.

Safnið er opið alla dag vikunnar milli kl. 10-17 til og með 15. september og eftir samkomulagi á öðrum tímum.

[akranes.is](http://akranes.is)

## Hernámssetrið er staðurinn

Á Hernámssetrinu að Hlöðum í Hvalfirði er rakin einstök og merkileg saga hernáms á árunum 1940 til 1945, sem gjörbreytti íslensku samfélagi í einu vetfangi og skipti sköpum fyrir sigur bandamanna í síðari heimsstyrjöld.

Ein mannskæðasta sjóorrusta seinni heimsstyrjaldarinnar var háð vestur af Snæfellsnesi en þá var HMS Hood, stærsta herskip Breta sprengt í loft upp með einni fallbyssukúlu Bismarck, höfuðskipi Þjóðverja. Sögu Hood er gerð sérstök skil í Hernámssafninu og þar er m.a. að finna 3ja metra líkan af skipinu og ýmsa muni sem því tengjast.

Hernámssetrið á Hlöðum er rólegur og fallegur staður við norðanverðan



■ Nú er 81 ár frá hernámi Íslands. Hernámssafnið er minnst í Hvalfirðinum.

Hvalfirði, um 45 mín akstur frá Reykjavík og 20 mín akstur frá Akranesi. Þar er frábær sundlaug með búningsklefum, vatnsgufubaði, barnalaug með rennibraut og heitir pottar. Á Hlöðum er einnig góð tjaldsvæði svo og frábær að-

staða til að efna til samkoma eins og ráðstefna, starfsdaga, óvissuferða, hvataferða, árshátíða.

[warandpeace.is](http://warandpeace.is)



# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL


## KJARNAÐU ÞIG Í KRAUMA

Í **Krauma náttúrulaugum** kemstu í beina snertingu við kjarna íslenskrar náttúru þegar þú baðar þig upp úr hreinu og tæru vatni úr Deildartungu-hverri sem er kælt með vatni undan öxlum Oks.

**Fimm heitar laugar og ein köld** umvefja þig með hreinleika sínum sem er tryggður með miklu vatnsrennsli og engum sótthreinsandi efnum.

Njóttu þín í gufuböðum og útisturtum eða í hvíldarherberginu við snark úr arineldi og fullkomnaðu daginn með notalegri stund á veitingastaðnum okkar sem býður upp á dýrindis rétti úr fersku hráefni úr héraði.

**Láttu líða úr þér í náttúrulegu umhverfi.**



**KRAUMA**

**Bókaðu á netinu – [krauma.is](https://krauma.is)**



kraumageothermal  
kraumageothermal

+354 555 6066

Deildartunguhver, 320 Reykholt





■ Þar sem jökullinn ber við loft. Hestamenn þeysa gjarnan um Löngufjörur í flokkum.

## Fjölbreytni náttúrunnar á Löngufjörum

Löngufjörur eru vinsæll staður fyrir hestamenn að ferðast um því hægt er að þeysa um fjörurnar sem ná allt frá bænum Hítarnesi í Kolbeinsstaðarhreppi í austri vestur að Stakkhamri í Eyja- og Miklaholtshreppi. Öruggara er fyrir ókunnuga að njóta leiðsagnar kunnugra því sæta þarf sjávarföllum og fylgjast vel með gangi þeirra.

Mest eru Löngufjörur þurrar um fjörur, aðeins álar þar sem ár og lækir falla til sjávar en þær breytast í stór og mikil sjávarlón þegar flæðir að. Úthafsöldur ná ekki inn á fjörurnar því utan við eru ríf, eyjar og nes sem taka hvert við af öðru en sjórinn streymir út og inn um þrönga ósa á milli þeirra.

## Heillandi hellar í Hallmundarhrauni

Í Hallmundarhrauni er að finna tvo af þekktustu hellum landsins, **Víðgelmi og Surtshelli**. Sá fyrrnefndi er stærsti hellir landsins en sá síðarnefndi sá lengsti. Báðir eru þeir ótrúleg náttúrusmið. Hallmundarhraun er helluhraun sem talið er hafa myndast skömmu eftir landnám Íslands, einhvern tímann á 10. öld. Það er kennt við Hallmund þann sem Grettis saga segir að hafi átt sér bústað á þessum slóðum.

Víðgelmir er einn stærsti hraunhellir í heimi og er hann friðaður. Fjölbreytileiki hans og glæsileiki er engu líkur og

heimsókn í hellinn er upplifun sem ekki gleymist. Boðið er upp á leiðsögn um hellinn, frá hvelvingu til hvelvingar, sem tekur eina og hálfu klukkustund.

Surtshellir er kunnasti hellir á Íslandi, 1310 m langur. Mjög seinfarið er um hellinn því á botni hans er víða stórgrytt urð, sem fallið hefur úr þakinu. Margar sagnir eru til um mannvistir í Surtshelli en flestar eru þjóðsagna-kenndar. Hellirinn var þekktur snemma á söguöld og virtust menn þá trú á því að þar byggji jötunn sem hétu Surtur.



■ Á Vesturlandi eru margir víðfrægir hellar sem ferðamenn laðast að. Heimsókn í slíka náttúrusmið er ógleymanleg.

## Safnahús Borgarfjarðar

### Sýningar um börn og fugla



■ Fjöldi uppstoppaðra fugla er á sýningu Safnahússins, Ævintýri fuglanna.

Í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi eru tvær viðamiklar og áhugaverðar fastasýningar, annars vegar sýningin **Börn í 100 ár** og hins vegar sýningin **Ævintýri fuglanna**. Þessar sýningar hafa verið lengi uppi og draga til sín fjölda gesta á hverju ári.

Víðfangsefni sýningarinnar **Börn í 100 ár** er saga þjóðarinnar á 20. öld með sérstakri áherslu á líf og umhverfi barna. Sýningin höfðar bæði til barna sem fullorðinna. Ævintýri fuglanna var sett upp árið 2013 en grunnur sýningarinnar er fuglasafn úr eigu Náttúrugripasafns Borgarfjarðar. Helsta víðfangsefni sýningarinnar er hið mikla ævintýri farfuglsins og hefur sýningin því mikið fræðslugildi.

Í Safnahúsi Borgarfjarðar er líka að finna Hallsteinssal sem er fjölnota salur, nefndur eftir listviniinum Hallsteini Sveinssyni. Þar eru haldnar sýningar af ýmsu tagi, listsýningar sem og sýningar á sviði menningararfs. Hér er listi yfir sýningar í salnum á næstunni en

listinn er birtur með fyrirvara um breytingar:

24. júní til 29. júlí 2021

Verk eftir Viktor Pétur Hannesson

5. til 20. ágúst 2021

Sýning á vegum Plan B listahátíðar

26. ágúst til 30. sept. 2021

Verk eftir Ásu Ólafsdóttur

7. okt. til 4. nóv. 2021

Verk eftir Jóhönnu Jónsdóttur

15. nóv. til 1. ágúst 2022

Textíllhandverk úr fórum byggðasafnsins

6. ágúst til 20. ágúst 2022

Sýning á vegum Plan B listahátíðar

safnahus.is





40 mín akstur  
frá Reykjavík



🕒 Opið allt árið um kring

📍📷 Gudlaug.NaturalPool

# GUÐLAUG

Guðlaug er heit laug sem staðsett er í flæðarmálinu við Langasand

Verið hjartanlega velkomin að koma og njóta við náttúruperluna sem Langisandur er, tilvalið að baða sig í sjónum og njóta útsýnis yfir allan Faxaflóa

Útiklefar og útisturtur eru á staðnum



## Kirkjufell - formfegurð á Snæfellsnesi

Kirkjufell, bæjarfjall Grundarfjarðar, er eitt af þekktustu fjöllum Íslands og hefur hróður þess borist víða um heim. Oft koma til landsins ljósmyndarar í þeim eina tilgangi að mynda þetta formfagra fjall. Í dag er Kirkjufell einn helsti ferðamannastaðurinn á Snæfellsnesi en frægð þess á sér mun lengri sögu, enda löngum verið eitt helsta kennileiti á Snæfellsnesi ásamt Ljósufjöllum og Snæfellsjökli.

Margir ferðamenn leggja líka leið sína á Kirkjufell en erfitt er að klífa efsta toppinn og er sá áfangi aðeins fyrir vant göngufólk og alls ekki fyrir lofthrædda. Hins vegar er tilvalið að ganga umhverfis fellid og tekur það um þrjár klukkustundir. Kirkjufell sést vel af sjó og danskir kaupmenn sem stunduðu verslun við Breiðfjörð kölluðu það gjarnan Sukkertoppen, með tilvísun í flórskyraða köku þegar snjóað hafði á toppinn. Fjallið er 463 metra hátt.



■ Af tindi Kirkjufells er frábært útsýni, meðal annars yfir allan Breiðafjörðinn og eyjar hans en einnig sést vel til Helgrindna og Ljósufjalla.

## Opnunartímar í sumar

15. júní til 14. ágúst: Opnið 12-17  
en 12-19 föstudag og sunnudag.

15. ágúst - 14. september: Opnið 13-17  
en 13-18, föstudag og sunnudag.

Ostar, rjómaís, skyr og  
aðrar heimagerðar afurðir.

Verið velkomin á Erpsstaði  
og sjáið dýrin okkar!

Rjómaþúið Erpsstöðum

371 Búðardalur  
Símar 843 0357 og 868 0357  
erpur@simnet.is - erpsstadir.is







# *Ferðasumarið 2021*

HÓTELGISTING, VEITINGAR OG AÐPREYING

[www.husafell.is](http://www.husafell.is)



# VESTURLAND



■ Það er unaðslegt að liggja í Guðlaugu og njóta útsýnis yfir sjóinn.

## *Einstök laug í flæðarmáli Langasands*

Á Akranesi er hægt að baða sig í sjónum og njóta útsýnisins í ótrúlega skemmtilegri heitri laug sem er staðsett í grjótgarðinum á Langasandi. Laugin nefnist Guðlaug og er á þremur hæðum. Vatnið í Guðlaugu kemur úr einum vatnsmesta hver í Evrópu, Deildartunguhver. Guðlaug er skilgreind sem náttúruleg/afþreyingarlaug, hún er opin allt árið og búningaklefar eru á staðnum.

Guðlaug samanstendur af útsýnis-palli, heitri laug og grynri laug sem nýtur vatns úr yfirfalli efri laugarinnar.



■ Guðlaug er afar vel hannað mannvirki.

Útsýni úr lauginni er stórfenglegt, yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur. Hæð mannvirkisins er um 6 m yfir meðal stórstreymis flóði og er gert ráð fyrir því að sjór geti flætt inn í vaðlaugina.

Á sumrin frá 1. maí til 31. ágúst er opið í Guðlaugu frá 12:00-20:00 og á miðvikudögum og laugardögum frá 10:00-18:00. Á sunnudögum er opið frá 10:00-20:00. Vakin er athygli á því að opnunartími getur tekið breytingum og eru gestir laugarinnar hvattir til að fylgjast með upplýsingaflæði á facebook síðu Guðlaugar.

## *Einstakt útsýni úr Akranesvita*

Útsýnið frá toppi Akranesvita er stórfenglegt allan hringinn, allt frá Reykjanesskaga, yfir höfuðborgina, Faxaflóann og út að Snæfellsjökli. Vítinn er notaður undir listsýningar og ljósmyndasýningar en einnig eru haldnir þar tónleikar enda hljómburðurinn einstakur. Upplýsingamiðstöð er einnig staðsett í vitanum.

Akranesviti er 19,2 m hár, reistur á árunum 1943-1944. Efst á vitanum er efnismikið steinsteypt handrið með rimlum. Í vitanum eru fjögur steinsteypt milligólf og stigar milli hæða. Fyrsti vísir að vita á Akranesi var hins vegar ljósker á Teigakotslóð sem kveikt var á árið 1891 en árið 1918 var síðan byggður um 10 m hár víti úr steinsteypu yst á



■ Akranesviti var reistur á árunum 1943-1944.

Syðriflós sem stendur enn sem útsýnisturn fyrir almenning.

Akranesviti er opin frá 1. maí til 31. ágúst daglega frá 10:00 til 18:00. Á

veturna er opið þriðjudaga til laugardaga frá 11:00 til 17:00 og eftir samkomulagi fyrir hópa.




## Hótel Húsafell

# Lúxus í einstakri náttúru



■ Hótel Húsafell er einstakt hótel í einstakri náttúru.



■ Það er notalegt að sitja við arineldinn og njóta útsýnisins.

Húsafell og svæðið allt í kring er staður sem engan lætur ósnortinn. Veðursældin, skógurinn, heitar laugar og sú aðstaða og þjónusta fyrir ferðamenn, sem komið hefur verið upp á undanförunum árum, laðar til sín fjölda ferðamanna og dvalargesta á hverju ári. Allt í kring tróna jöklarnir Ok, Langjökull og Eiríksjökull. Húsafell er því oft nefnd perlan milli hrauns og jökla.


### Hótelpakkar

Á Húsafelli er stórglæsilegt 48 herbergja hótel sem enginn verður svikinn af að sækja heim. Við hönnun hússins og byggingu var sérstök áhersla lögð á að það félli sem best inn í sitt náttúrulega umhverfi og hefur það svo sannarlega tekist. Í sumar býður hótelid upp á mismunandi gistingu, eins og t.d. Gistingu & golf eða Gistingu með kvöldverði. Bestu verðin eru á vefsíðu hótelsins, husafell.is.


### Sund og Giljaböð

Í Húsafelli er margvísleg afþreying í boði. Gamla góða sundlaugin er opin öllum eins og alltaf en hún var byggð árið 1965 en síðan þá hafa margvíslegar endurbætur verið gerðar á lauginni og umhverfi hennar. Laugarnar eru tvær og að auki tveir heitir pottar og vatnsrennibraut.

Frá Húsafelli er boðið upp á einstaka upplifun sem er ganga með leiðsögu-



■ Gönguferð í Giljaböðin er góður kostur til afþreyingar.



■ Í sumar býður Hótel Húsafell upp á mismunandi hótelpakka.

manni sem lýkur með því að fólk baðar sig í Giljaböðunum. Ferðin hefst í afþreyingarmiðstöðinni Húsafelli og er gengið upp með Deildargili að útsýnispalli sem gefur fallegt sjónarhorn á

Langafoss. Þaðan er farið um fallegan skógarstíg að Hringsgili þar sem gengið er niður tröppur að böðunum. Ferðin tekur tæpar tvær klukkustundir. Hægt er að bóka í ferðina á vefsíðunni husafell.is eða í afþreyingarmiðstöðinni á Húsafelli.

### Draumaland göngumannsins

Húsafell má hiklaust kalla draumaland göngumannsins. Allt um kring eru heillandi gönguleiðir fyrir alla fjölskylduna um skóginn og einnig eru áhuga-verðar leiðir fyrir þá sem vilja sækja á brattann. Hestamenn og hjólréiðamenn finna líka spennandi leiðir fyrir sig. Á Húsafelli má svo nálgast gönguleiðakort með merktum gönguleiðum.

.....  
[hotelhusafell.is](http://hotelhusafell.is)  
.....



## Sundfjör í Borgarbyggð

Ein af bestu sundlaugum landsins er í Borgarnesi en þar eru auk frábærrar útisundlaugar vatnsrennibrautir, heitir pottar, vaðlaug, innilaug, eimbað og góð sólbaðsaðstaða. Þeir sem vilja bæta heilsuna með viðveru í Borgarnesi geta einnig keypt sér aðgang að líkamsræktarsal Íþróttamiðstöðvarinnar en öll þessi aðstaða er í hjarta bæjarins.

Einnig má minna á tvær aðrar flottar sundlaugar í Borgarbyggð að Kleppjármsreykjum og Varmalandi en báðar eru útilaugar með heitum pottum og sólbaðsaðstöðu. Þangað er gott að koma og slaka á í notalegu og fögru umhverfi.

[borgarbyggd.is](http://borgarbyggd.is)



■ Sundlaugin í Borgarnesi er hiklaust ein besta sundlaug landsins. Þar er jafnan líf og fjör.

## Kjörland fuglaskoðarans

Af 75 fuglategundum er talið að um 60 verpi árlega á Vesturlandi og er það því kjörland fuglaskoðarans. Eins og nærri má geta laðar matarkistan Breiðafjörður margar sjófuglategundir til sín en þar eru heimkynni dílaskarfs, toppskarfs og hafarnar hér á landi. Margar fuglategundir hafa viðdvöl á Vesturlandi á leið sinni til og frá sumarstöðvum á Grænlandi og í Kanada og því er ekki síður tækifæri að sjá fugla snemma sumars. Fuglaskoðunarstaðir eru fjölmargir en

vert að benda á Arnarstapa og Álftafjörð, þar sem álftrir eru í hundruðum eða þúsundum á sumrin, Hofgarðatjörn í Staðarsveit þar sem möguleiki er að sjá t.d. flórgoða, Kolgrafarfjörð, Saxhólabjarg yst á Snæfellsnesi og Breiðafjarðareyjar. Þá má líka nefna staði í

Dölum á borð við fjallið Klofning, Gilsfjarðarbrú og Saurbæjarósa. Þá er í uppsveitum Borgarfjarðar mögulegt að hitta fyrir brandendur og blesgæsir. Loks er vert að geta kríubyggða á utanverðu Snæfellsnesi, sem er meðal stærri búsvæða hennar hér á landi.



■ Byggðir kríunnar eru stærstar á Snæfellsnesi en af 75 fuglategundum hér á landi er talið að 60 verpi árlega á Vesturlandi.





Byggðasafnið  
í Görðum

Heimsókn á Byggðasafnið  
í Görðum leikur við öll  
skilningarvit gesta



## VELKOMIN Á BYGGÐASAFNIÐ Í GÖRÐUM Á AKRANESI

Byggðasafnið í Görðum býður gestum einstaka innsýn í liðna tíma en jafn heildstæð sýning er fágæt á landsvísu.

Í fastasýningu safnsins er fjallað um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik. Sýningin miðlar fróðleik með fjölbreyttum hætti og má þar nefna ljósmyndir, lifandi myndir, krakkabingó, fatnað sem gjarnan má prófa að ógleymdum safnmunum. Hljóðleiðsögn er í boði bæði á íslensku og á ensku.

**Opið alla daga milli kl. 10-17 frá 15. maí til 15. september.**



**40 mín akstur  
frá Reykjavík**

[www.museum.is](http://www.museum.is)

Sími 433-1150

 AkranesMuseum

#visitakranes

#akranesmuseum



Upplifun undir Dalanna sól

## Ostar, skyr og káatar kjúr!

Þeir sem leið eiga um Dalina þurfa endilega að kíkja við á Rjómbúinu Erpsstöðum en það er fjölskyldufyrirtæki þar sem vel er tekið á móti fólki af ábúendum Þorgrími Einari Guðbjartssyni og Helgu Elínborgu Guðmundsdóttur. Á Erpsstöðum er rekinn hefðbundinn búskapur en á síðari árum hefur starfsemin þróast hratt hvað varðar framleiðslu á skyrri, ostum og rjómais sem kætir bragðlaukana. Þá eru Erpsstaðir einnig ferðaþjónustubýli sem leggur áherslu á menningartengda ferðaþjónustu, matarupplifun og ýmiskonar afþreyingu.

### Ljúffengir ostar og ís

Á Erpsstöðum er gestmóttaka þar sem ferðalangar geta fræðst um landbúnaðinn og lífnaðarhætti í sveitinni og einnig sveitaverslun sem selur vörur fyrirtækisins. Mjólkurkýrnar á Erpsstöðum búa við bestu hugsanlegu aðstæður; ganga út og inn þegar þær vilja yfir sumarið og því hægt að segja að þær leiki við hvurn sinn fingur eins og skáldið komst að orði. Undir sama þaki framleiða bændurnir afurðir sínar af kostgæfni með það að markmiðið að opna nýjar víddir í upplifun á mjólkurafurðum.

Fyrsta sumarið eftir stofnun Rjómbúsins var einungis seldur ís beint frá býli á Erpsstöðum en frá því veturinn 2009-2010 hafa ábúendur stöðugt aukið við framleiðsluna. Í dag framleiðir Rjómbúíð gamaldags skyr, ýmsar tegundir af ostum og fjölbreytt úrval af rjómaísnum Kjaftæði, kex, sultur, sýróp og drykki, m.a. Islandus mysudrykk,



■ Rjómbúíð Erpsstöðum er að verða með vinsælustu áningarstöðum barnafólks á ferð þeirra um Vesturland.

sem hlotið hefur mikið lof matgæðinga, allt unnið úr íslensku hráefni. Einnig er þar framleitt skyrkonfekt sem þróað var í samvinnu við nemendur í hönnun við Listaháskóla Íslands og Matís í verkefninu „Stefnumót hönnuða og bænda“ sem var í gangi um 2010-2012.

### Skýrsýning og skyrbar

Á Erpsstöðum er að finna afar áhuga-verða sögusýningu um hefðbundna íslenska skyrir en verkefnið var unnið í samstarfi við Matís út frá hugmyndafræði ÉCONOMUSÉE®, samtaka handverksfyrirtækja sem viðurkennd eru fyrir gæði sín og sérstöðu. Partur af skýrsýningunni er að bragða á skyrinu en það er borið fram án nokkurs viðbættis

bragðefnis eða sætuefna. Gestum gefst síðan kostur á að bæta við úrvali af bragðefnum, sem framleidd er á staðnum, m.a. fíflsýrópi, rabbarbarsýrópi og nokkrum tegundum af sultum.

Erpsstaðir eru að verða með vinsælustu áningarstöðum barnafólks á ferð þeirra um Vesturland eða á leiðinni á Vestfirði. Þar býðst gestum að skoða fjósið, kýrnar og kálfana ásamt ýmsum smádýrum; kaninum, hænum, gæsum og tveimur grísum, en þeir eru að mestu aldir upp á osta- og skýrmysu sem fellur til við framleiðsluna hjá Rjómbúinu. Það verður enginn svikinn af að stoppa um stund á Erpsstöðum.

Facebook.com/rjómbúíð



■ Í dag framleiðir Rjómbúíð m.a. gamaldags skyr og ýmsar tegundir af ostum.



■ Sveitaverslunin á Erpsstöðum er með afurðir búins á boðstólum.



# Gleðilegt sumar

Velkomin á Smiðjuveginn

**RoyalBaby**



Royal Baby Space Shuttle 16" | Magnesium stell Svart



Royal Baby Freestyle 16" | Rautt/Blátt/Grænt



Royal Baby Jenny 20" | Fótbremsa - Hvítt



Royal Baby Jenny 12" og 16" | Fótbremsa



Royal Baby Freestyle 6 gíra | Blátt og rautt



Royal Baby Space No: 1 16" | Svart álstell

RoyalBaby hjólin væntanleg til landsins í lok júní n.k.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu okkar.

**[hvellur.com](http://hvellur.com)**

# HVELLUR

Hvellur - G. Tómasson ehf. • Smiðjuvegi 30, rauð gata

200 Kópavogi • Sími 577 6400

[hvellur@hvellur.com](mailto:hvellur@hvellur.com) • [hvellur.com](http://hvellur.com)



## Laugað í vígðu vatni



■ Hellulaug er rétt við Hótel Flókalund.



■ Pollurinn er utan við kaupúnið Tálknafjörð.



■ Víða á Vestfjörðum er heitt vatn að finna sem streymir úr iðrum jarðar.

Það er fátt betra en að skella sér í náttúrulega eftir langan dag á ferðalagi hvort sem það er að sumri eða vetri. Á Vestfjörðum er að finna fleiri náttúrulegar en annars staðar á landinu, ýmist úti við sjó eða upp til fjalla. Hér nefnum við nokkrar þeirra:

**Krossneslaug** er í fimm mínútna akstursfjarlægð frá Kaupfélaginu í Norðurfirði, rétt við fjöruborðið fyrir neðan veg. Umhverfi hennar er stórkostlegt.

**Pollurinn** er utan við kaupúnið Tálknafjörð og uppi í hlíðinni; þrískiptur í tvo setpotta og einn nokkuð dýpri. Búningshús er á staðnum.

**Náttúrulega í Heydal** er í stuttu göngufæri frá Sveitahótelinu í Heydal. Þessi heita laug er mikil heilsulind enda talið að Guðmundur góði hafi vígt hana.

**Hörgshlíðarlaug** er í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Hún er steinsteypt, 2x6 metrar að stærð og mesta dýpi tæpur metri.

**Reykjafjarðarlaug** er rétt við þjóðveginn í Reykjafirði. Þetta er útisundlaug sem í rennur allt árið í kring. Rétt ofar laugar er lítil hlaðin setlaug með 40°C heitu vatni.

**Gvendarlaug** er í Bjarnarfirði á Ströndum, á milli Hótelis Laugarhóls og Kotbylis kukklarans.

**Nauteyrraun** er í landi Nauteyrrar innanlega í Ísafjarðardjúpi og hitinn í henni er frá 35°C-42°C.

[westfjords.is](http://westfjords.is)


## Refir og fuglar í friðsemd

Dýralíf Vestfjarða er með eindæmum fjölbreytt; refir, fuglar, selir, hvalir – allt iðar af lífi og alls ekki óalgengt að sjá seli á sundi eða refi sem skjótast á milli grenja. Þetta umdeilda landnámsdýr er víða að finna á Vestfjörðum, m.a. á Melrakkaslétu í Súðavík yfir sumartímann.

Á Vestfjörðum má finna mikið af öðrum villtum dýrum og þar er Látrabjarg, stærsta fuglabjarg í Evrópu. Ekki síður er vert að geta fjölmargra eyja Vestfjarða og er upplagt að fara í styttri


ferðir í fuglaeyjurnar Vigur í Ísafjarðardjúpi og Grímsey í Steingrímsfirði.

[westfjords.is](http://westfjords.is)



■ Refirnir eru einkennisdýr Vestfjarða.





# Velkomin á Hotel West

- Frábær staðsetning og vinalæg þjónusta.
- Þægileg, nýuppgerð herbergi í sögufrægu húsi.
- Stórkostlegar náttúruperlur á svæðinu.

**Hotel WEST**

Aðalstræti 62 - 450 Patreksfjörður  
Sími 456 5020 & 892 3414

[www.hotelwest.is](http://www.hotelwest.is) - [stay@hotelwest.is](mailto:stay@hotelwest.is) - GPS N65° 35' 43.322" W23° 59' 7.448"



## Hinn rauði Rauðasandur

Rauðasandur er ein af náttúruperlum Vestfjarða og heillar jafnt innlendra sem erlenda ferðamenn. Þetta náttúruundur er fyrir austan Látrabjarg, sunnarlega á Vestfjörðum. Í sólskini er eins og sandurinn glói, en hann er ríkur af hörpudisksmulningi sem veldur rauða litnum.

Skammt fyrir vestan bæinn Lambavatn, þar sem graslendið endar og sandarnir taka við, er hár grjóthóll sem heitir Skaufhóll. Þaðan er gott útsýni til Látrabjargs. Ofan til á Skaufhóli er sérstakur klettur sem heitir Karlinn á Skaufhóli og vakir hann yfir svæðinu.

Rauðasandur var þéttbýll á árum áður. Saurbær, vestan megin Bæjarvaðals, var á 15. öld höfuðból Guðmundar ríka Arasonar og þar hafa búið mörg fyrirmenni. Nútil dags er á Saurbæ rekið lítið kaffihús og þar er gott að fá sér að borða eftir langan dag í fjörinni.



[westfjords.is](http://westfjords.is)

■ Rauðasand er best að heimsækja á háfjöru og tilvalið að fá sér góðan göngutúr.

## Brot af því besta á Vestfjörðum

**Vestfjarðaleiðin** er ferðamannaleið sem spannar 950 km um Vestfirði og Dalabyggð. Á leiðinni er hægt að skoða margar af helstu náttúruperlum svæðisins ásamt því að njóta vestfirskrar matarmenningar.

**Vigur** er ein þriggja eyja á Ísafjarðardjúpi og liggur úti fyrir mynni Skötufjarðar og Hestfjarðar. Hún er löng og mjó og dregur nafn af lögun sinni. Vaxandi ferðapjónusta er á eyinni.

**Reykhólar** eru ríkir, bæði af sögu og náttúrufegurð. Óviða á Íslandi er hægt að sjá jafn margar fuglategundir á einum stað. Á Reykhólum eru mestir möguleikar hér á landi að sjá haförn á sveimi.

**Drangaskörð** eru eitt helsta kennileiti Vestfjarða. Þau eru í Árneshreppi á Ströndum og sjást best úr fjarlægð frá Reykjanesi við bæinn Munaðarnes. Af þeim dregur Drangajökull nafn sitt.

**Dynjandi** í botni Arnarfjarðar fellur niður um 100 metra hátt og bungumyndað berg. Fossarnir í Dynjanda eru

sex. Efst er Fjallfoss, þá Hundafoss, Strokkur, Göngumannafoss, Hrísvaðsfoss og Sjóarfoss.

**Þingeyri** við Dýrafjörð er elsti verslunarstaður Vestfjarða og einn sá elsti á landinu. Þar er lítil en ákaflega þægileg og fjölskylduvæn sundlaug en utan við hana er tjaldsvæði, strandblakvöllur og víkingasvæði þar sem finna má grill, bekki, borð og stórt svið.

**Suðureyri** við Súgandafjörð stendur á elsta hluta Íslands en bergið á svæðinu er um 15 milljón ára gamalt. Landslagið er fallett og göngufólk getur valið um fjölda fallelga leiða.

**Söfnin** á Vestfjörðum hafa aðdráttarafl. Má þar nefna bóka- lista- og minjasöfn en einnig skrímsla- og galdrasöfn sem vert er heim að sækja.

[westfjords.is](http://westfjords.is)



*Sjáumst á fjöllum  
í sumar*



**Skráðu þig inn - drífðu þig út!**

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • [www.fi.is](http://www.fi.is) • 568-2533






■ Hotel West er í uppgerðu húsi með gamalli sál á besta stað á Patreksfirði.

## Í sumarfrúinu á Hotel West

Fjölskylduhótelid Hotel WEST á Patreksfirði opnaði árið 2014 og er í uppgerðu húsi með gamalli sál á besta stað í þorpinu með fallegu útsýni yfir fjörðinn. Nýuppgerð herbergin eru stílhrein og falleg.

Hotel WEST býður gestum sínum upp á afslappað andrúmsloft með persónulegri þjónustu svo að þeim líði sem allra best, hvort sem þeir eru að hvílast eða að undirbúa sig fyrir næstu upplifun í einstakri náttúru og kyrrð Vestfjarða.


Herbergin 18 á Hotel WEST eru vel útbúin og má njóta útsýnis yfir fjörðinn eða upp til fjalla í þessu nýuppgerða húsi. Njóta má fallegs útsýnis í kyrrð og ró í morgunverðarsalnum og er lögð



■ Frá hótelinu er fallegt að horfa yfir fjörðinn.

áhersla á heilsusamlegan morgunverð. Frír aðgangur er að ókeypis neti í almenningsrýmum sem og á herbergjum. Notalegt rými má finna við morgunverðarsalinn með sjónvarpi.

Á Vestfjörðum er einstök náttúruferð og svæðið er laust við mikinn



■ Herbergin eru nýuppgerð, stílhrein og falleg.

átroðning ferðamanna. Á Patreksfirði eru íbúar um 700 talsins og þar er fjölbreytt þjónusta við ferðafólk, góð sundlaug og nokkrir veitingastaðir. Í nágrenni Patreksfjarðar má finna Látrabjarg, stærsta fuglabjarg Evrópu. Í sömu ferð er upplagt að heimsækja hinn undurfagra Rauðasand og ekki má gleyma einum fegursta fossi Íslands, Dynjanda. Heimsókn í Hellulaug er einnig mikil upplifun og vert að heimsækja.

Sumarfrí af bestu gerð – fyrir vestan!

[www.hotelwest.is](http://www.hotelwest.is)







# FEEEL NATURE\*



## MERINO WOOL

Við höfum öll okkar náttúrulegu hæfileika.  
Merino línan okkar er náttúrulega lyktarlaus,  
hnökralaus og hlý.

Buff® is a registered trademark property of Original Buff, S.A. (Spain)

\*NJÓTTU NÁTTÚRUNNAR

BUFF® FÆST Í ÖLLUM BETRI ÚTIVISTARVERSLUNUM LANDSINS





■ Ferðafélagið skipuleggur fjölbreyttar ferðir um náttúru Íslands og gefur fólki kost á að njóta þess að ferðast um landið og upplifa það.

## Ferðafélagið með fjölbreyttar ferðir

Ferðafélag Íslands var stofnað árið 1927 af áhugafólki um útivist. Félagið stendur fyrir fjölbreyttum ferðum um landið allan ársins hring og er markmiðið að hvetja fólk til að ferðast um Ísland og bjóða upp á ferðir fyrir alla aldurshópa. Ferðir félagsins njóta mikilla vinsælda og er mikið bókað í ferðir í sumar.

„Það hefur gengið gífurlega vel að bóka í ferðir og það er klárt mál að landinn ætlar að ferðast innanlands í sumar,“ segir Heiðrún Meldal, ferðafulltrúi FÍ. „Það sama gílti um ferðirnar okkar í vetur, þær voru flestar vel bókaðar. Við erum mjög ánægð með viðtökur og höfum verið að bæta við ferðum á vinsælustu staðina til að anna eftirspurn. Við ferðumst vítt og breitt um landið og bjóðum upp á mjög fjölbreyttar ferðir. Við bjóðum upp á rútuferðir, styttri og lengri gönguferðir, hjólaferðir, hlaupaferðir, tjaldferðir, skíðaferðir, svo nokkuð sé nefnt,“ segir Heiðrún. „Það er misjafnt hvernig gistingu er háttað í ferðunum okkar. Við gístum í öllu frá tjöldum til þægilegra hótela, en oftast í skálum félagsins.“



■ Stöðugt er bætt við ferðum í vinsælar náttúruperlur eins og Hornstrandir.

### Nýjar ferðir á boðstólum

„Vinsælustu ferðirnar okkar eru margar uppseldar, en við reynum að koma til móts við eftirspurnina með því að bæta við fleiri ferðum og setja inn nýjar ferðir. Þetta eru ferðir t.d. á Hornstrandir, Laugaveginn, Kverkfjöll og Herðubreið og Lónsöræfi,“ segir Heiðrún. „Dæmi um nýjar ferðir hjá félaginu eru t.d. bækestöðvaferð í Hvangli, tjaldferð í Núpstaðarskóg, lengri jöklaferðir og

hjólaferðirnar svo eitthvað sé talið upp. Dæmi um nýja dagsferð í ferðaáætlun okkar er t.d. „Matarbúr Eyvindar“. Það er rútuferð með þægilegri göngu að matarbúri Fjalla-Eyvindar, sem hann hlóð og stendur enn,“ segir Heiðrún. „Síðan eru þrjár ferðir í samstarfi við Landvernd þetta sumarið. Þetta eru ferðir á Reykjanesið, í Hagavatn og helgarferð að Lakagígum og Hverfisfljóti.





■ Meðal nýjunga hjá Ferðafélaginu eru hjólaferðir um hálendið.

Ferðafélagið er með ferðir fyrir eldri og heldri. Þetta eru t.d. dagsferðir inn á Fjallabak og inn í Þórsmörk. „Við erum líka með óvissuferð sem hefur verið gífurlega vinsæl hjá þessum hópi en fólk sem bókar fær bara að vita hvað það á að taka með. Svo kemur í ljós þegar það kemur í rútna hvert á að fara. Þetta er alltaf helgarferð og það er gíst í eina nótt. Við verðum líka með hlaupaferð um Laugavegin í ágúst og þá er gíst í Hvanglíli og í Þórsmörk og svo verðum við einnig með Kvennaferð um Laugavegin,“ segir Heiðrún.

#### Árbókarferðin alltaf vinsæl

„Önnur mjög vinsæl og skemmtileg hefð hjá okkur er árbókarferðin. Ferðafélagið hefur gefið út árbók á hverju ári frá stofnun þess og bókinni er alltaf fylgt eftir með ferð á slóðir hennar undir leiðsögn höfundarins,“ segir Heiðrún. „Í ár er árbókin um Laugaveg og Fimmvörðuháls og það verður rútuferð sem verður leidd af höfundi árbókarinnar, Ólafi Erni Haraldssyni. Það verður farið í Landmannalaugar um Fjallabaksleið,

þaðan ekið yfir Pokahryggi og gíst í Hvanglíli. Daginn eftir er farið að Emstrum og Markarfljótsgljúfrið skoðað, áður en haldið er niður í Þórsmörk og gíst í skálanum í Langadal,“ segir Heiðrún.

#### Námskeið, gisting og bækur í boði

„Fyrir utan allar ferðirnar bjóðum við líka upp á alls konar námskeið á vorin, sem er tilvalið fyrir fólk að fara á áður en það heldur af stað út í óbyggðir,“ segir Heiðrún. „Við erum með GPS-námskeið, snjóflóðanámskeið, skyndihjálpanámskeið og námskeiðin „ferðamennska og rötun“ og „þverun straumvatna“. Þessi námskeið gefa afskaplega gagnlegan grunn fyrir ferðalög um landið. Við seljum einnig gistingu í skálanum okkar í gegnum vefinn okkar og í netversluninni okkar er hægt að fá alls kyns göngurit, sem og flestar árbækur frá stofnun félagsins,“ segir Heiðrún að lokum.

fi.is

**Ullarkistan**

ULLARFÖT FYRIR  
**ÆVINTÝRI  
SUMARSINS**

**ULLARKISTAN.IS**  
SKEIFAN | GLERÁRTORG



## Ekki rukkað fyrir aftanívagna í Vaðlaheiðargöngum

Vaðlaheiðargöng, sem eru undir Vaðlaheiði og tengja Eyjafjörð og Fnjóskadal, voru opnuð fyrir umferð 21. desember 2018. Farin var ný leið hér á landi í innheimtu veggjalds í göngunum, snertilaus sjálfsafgreiðslu-lausn í gegnum vefsíðuna [veggjald.is](http://veggjald.is), þar sem einnig er að finna allar upplýsingar um verð og greiðslufyrirkomulag.

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir að greiðslu-kerfi ganganna hafi í öllum meginatriðum reynst mjög vel og viðskiptavinir sem noti göngin mikið verið mjög ánægðir með veggjaldsappið. Í því sé yfirlit yfir allar ferðir auk þess sem hægt sé að skrá fleiri bíla á sama greiðslukortið. Frá upphafi hafi verið lögð áhersla á að hafa kerfið einfalt og skilvirkt og það hafi tekist mjög vel. Vissulega hafi greiðslufyrirkomulagið verið nýtt og framandi fyrir marga en



■ Vaðlaheiðargöng tengja Eyjafjörð og Fnjóskadal.

þorri vegfarenda hafi verið mjög fljótur að tileinka sér þennan greiðslumáta.

Á [veggjald.is](http://veggjald.is) eru keyptar stakar ferðir í göngin og einnig er þar boðið upp á að stofna aðgang og njóta afsláttarkjara. Vert er að undirstrika að hvorki

þarf að skrá né greiða fyrir aftanívagn, eingöngu ökutækið sem dregur. Einnig geta ökumenn bifhjóla ekið göngin án endurgjalds.

[veggjald.is](http://veggjald.is)

## Brot af því besta á Norðurlandi

**Kvöldsigling** út í Drangey er ógleymanleg upplifun. Siglt er frá Sauðárkróki og er leiðsögn í höndum heimamanna sem gjörþekkja sögu og lífríki eyjunnar. Reikna má með að ferðin út í Drangey taki um fjórar klukkustundir.

**Demantshringurinn** er stórkostlegur 250 kílómetra langur hringvegur á Norðurlandi, en þar er að finna magnaðar náttúruperlur og landslag sem virðist oft ekki vera af þessum heimi.

**Húsavík** er elsti bær á Íslandi ásamt því að vera stærsti bærinn í Þingeyjarsýslu. Bærinn er kallaður „höfuðborg hvalanna“ vegna þess að hann er þekktur fyrir hvalaskoðun á Skjálfandaflóa.

**Jarðböðin** við Mývatn eru í Jarðbaðshólum, um 4 km frá Reykjahlíð. Þar hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld.

**Spákonufellshöfði** ofan Skagastrandar er vinsælt útivistarsvæði og hentar vel þeim sem ekki leggja í að takast á við fjallið. Þar er val um merktar gönguleiðir meðfram strandlengjunni.

**Siglufjörður** er blómlegur menningarbær. Fjöldi veitingahúsa, með fjölbreytta matseðla er að finna og gisti-möguleikar miklir. Einnig eru fjölmörg gallerí og vinnustofur, söfn og setur.

**Hauganes** er syðsti þéttbýliskjarni Dalvíkurbyggðar og þar búa um 140 manns. Vel útbúið tjaldstæði er staðsett í hjarta þorpsins og heitu sjópottarnir niðri við Sandvíkurfjöru njóta sívaxandi vinsælda.

**Laugar** í Reykjadal er þéttbýliskjarni sem hefur byggst upp á jarðhitasvæði. Á sumrin er starfrækt þar hótél og þar er fjöldi gistiheimila sem eru opin allt árið. Á Laugum er einnig tjaldsvæði, sundlaug og frábær aðstaða til íþróttaiðkunar.

**Hjalteyri** er smáorp á vesturströnd Eyjafjarðar. Þar var ein af aðalstöðvum síldveiða snemma á 20. öldinni. Í gömlu síldarverksmiðjunni fer nú fram mikil uppbygging en þar eru m.a. haldnar listsýningar.

[northiceland.is](http://northiceland.is)





**BACCALÁ**  
BAR & RESTAURANT



# Hittumst Á HAUGANESI Í SUMAR

Hauganes er lítið þorp um 30km norður af Akureyri. Þar finnur þú tjaldsvæði með rafmagni og helstu aðstöðu, veitingastaðinn Baccalá bar sem býður fjölbreytta rétti og allskonar drykki, ásamt frábærri sandfjöru með heitum pottum í fjöruborðinu, rétt hjá tjaldsvæðinu.

Frábær staður fyrir alla fjölskylduna! Verið velkomin!



blakk.bleihomun.is



BACCALÁ BAR & RESTAURANT – HAUGANESI VIÐ EYJAFJÖRÐ – BORÐAPANTANIR: 620 1035  
POTTARNIR ERU OPNIR MILLI 10 OG 22 / KALDIR Á NÓTTUNNI – TJALDSVÆÐIÐ ER OPIÐ  
NÁNAR Á EKTAFIGSKUR.IS & FACEBOOK: BACCALÁ BAR - EKTAFIGSKUR



## Skáldahúsin á Akureyri

Allir vita að Akureyri er skáldabær. Þar bjuggu m.a. Jón Sveinsson, Matthías Jochumsson og Davíð Stefánsson og er sögu þeirra haldið á lofti í Nonnahúsi, á Sigurhæðum og í Davíðshúsi. Þetta eru skáldahúsin á Akureyri og rekin sem söfn.

Jón Sveinsson, Nonni, bjó í Nonnahúsi sem er hús númer 54 við Aðalstræti. Húsið var opnað á aldarafmæli hans árið 1957. Jón Sveinsson er einn þekktasti íslenski rithöfundurinn á erlendri grundu.

Sigurhæðir voru heimili prestsins og skáldsins Matthíasar Jochumssonar sem orti þjóðsöng okkar. Húsið stendur rétt neðan við Akureyrarkirkju en það lét Matthías reisa árið 1903 og bjó þar til dauðadags. Í húsinu er safn til minningar um Matthías og hefur verið frá árinu 1961.

Davíðshús er svo til minningar um



■ Sigurhæðir, hús Matthíasar Jochumssonar.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi en hann var á sinni tíð eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar. Húsið er við Bjarkarstíg 6 og var heimili skáldsins frá árinu



■ Liðin eru rúmlega 100 ár frá útkomu einnar af þekktustu bókum Davíðs Stefánssonar, Svartar fjaðra.

1944 til dauðadags hans árið 1964. Veglegt bókasafn Davíðs er í húsinu og mörg fágæt listaverk.

## Vinsæl sundlaug á Blönduósi

Sundlaugin á Blönduósi nýtur mikilla vinsælda enda er öll aðstaða þar til fyrirmyndar. Laugin er áföst íþróttahúsi bæjarins og fylgir aðgangur að heilsurækt þegar farið er í sund. Laugin sjálf er 25 x 8,5 metrar að stærð en þar eru m.a. tveir heitir pottar, gufa, vaðlaug, tvö ísböð, tvær stórar rennibrautir og mikið af skemmtilegum leiktækjum og leikföngum. Hún er því tilvalin fyrir alla og ekki hvað síst fyrir barnafjölskyldur. Opið er í sundlauginni á Blönduósi kl. 8-21 virka daga og kl. 10-20 um helgar.

imb.is



■ Aðstaða er eins og best verður á kosið í sundlauginni á Blönduósi.







# AKUREYRI

Það er  
*eitthvað*  
við hana






■ Hverasvæðið austan Námaskarðs.

## Skelltu þér í Demantshring!

**Svokallaður Demantshringur á Norðausturlandi er tilvalin ferðahugmynd. Þetta er 250 kílómetra löng leið sem sameinar náttúruperlur, sögu og mannlíf. Ævintýraferð á Norðurlandi.**

Á Demantshringnum eru nokkrir lykilaðfangastaðir. Fyrst skal nefna hinn sögufræga og myndræna Goðafoss í Þingeyjarsveit. Þaðan er svo haldið sem leið liggur í Mývatnssveir þar sem náttúruperlurnar eru við hvert fótstípa. Af mörgum stöðum að skoða í þeirri ágætu sveit er vert að benda á Dimmuborgir og vitanlega er slökun í Jarðböðunum við Mývatn ómissandi. Áfram er svo haldið til austurs áleiðis að Dettifossi og á leiðinni er sjálfsagt mál að staldra við hverina í Námaskarði og ekki úr vegi að fara að Kröflustöð og fræðast þar í gestastofunni um hvernig jarðgufan er nýtt til raforkuframleiðslu. Kraftarnir í Dettifossi í Jökulsá á Fjöllum, vatnsmesta fossi í Evrópu, eru í senn hrikalegir og heillandi. Nýr vegur er nú kominn í Vesturdal og því greiðfært alla leið frá Dettifossi í Ásbyrgi í Kelduhverfi en þessa leið ættu ferðalangar ekki að fara öðruvísi en bregða sér í göngutúr í Vesturdal, fara að Hljóðaklettum og skoða hinar gróður-sælu Hólmatungur.

Ásbyrgi er svo heimur útaf fyrir sig og eitt af náttúruundrum Íslands. Hamra-veggir, trjágróður, veðurblíðan, fuglamir og tjörnir í botni Ásbyrgis. Staður til að slaka á og njóta.



■ Ásbyrgi er eitt af mestu náttúruundrum landsins.



■ Hinn kraftmikli Dettifoss, vatnsmesti foss Evrópu. Myndir: Markaðsstofa Norðurlands



■ Hvalaskoðunarbærinn Húsavík.

Þessari hringferð milli demantanna á Norðausturlandi er svo lokað með heimsókn til Húsavíkur og á leiðinni þangað er ekki úr vegi að njóta útsýnisins á Tjörnesi og skoða fuglalífið við sjávarsíðuna. Á Húsavík er vitanlega til-

valið er að bregða sér í hvalaskoðun, líta á söfn, njóta húsviskar matargerðar á veitingastöðum bæjarins eða bara fylgjast með mannlífinu.



# Heillandi Síldarminjasafn á Sigló



■ Síldarsöltun við Síldarminjasafnið. Síldarstúlkur salta ofan í tunnur við Róaldsbrakka, syngja og stíga dans við harmonikkuleik – þá er sannarlega líf og fjör!

Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði er heill heimur út af fyrir sig og þar er áhugavert að kynnast sögu og menningu staðarins með áherslu á síldina og allt í kringum þann mikla örlagavald Siglufirðinga og Íslendinga allra á 20. öld. Safnið hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar m.a. Íslensku safnaverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna árið 2004 sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu. Þá hlaut safnið Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2017.

## Safn um silfur hafsins

Í þremur ólíkum safnhúsum fá gestir innsýn í hið stórbrotna og heillandi síldarævintýri og kynnast síldveiðum og vinnslu á silfri hafsins, síldinni. Anita Elefsen safnstjóri segir safnið hafa eflst mjög faglega frá því það opnaði fyrir um aldarfjórðungi og um leið dregið að sér ferðamenn og fróðleiksfúsa í auknum mæli frá ári til árs. „Safnkennsla hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins og heimsóknir nemenda af öllum skólastigum aukist mikið undanfarin ár. Í safninu okkar er að



■ Síldarminjasafnið á Siglufirði hefur hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar, m.a. Íslensku safnaverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna árið 2004 sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu.

finna í það minnsta 10.000 gripi, auk þess sem 200.000 ljósmyndir eru varðveittar í ljósmyndasafni Síldarminjasafnsins,“ segir Anita.

## Um 27.000 gestir á ári

Engum blöðum er um það að fletta að Síldarminjasafnið á Siglufirði er eitt aðalaðráttarafi ferðamanna til staðarins. Þegar safnið opnaði 1994 voru gestir um 4.000 talsins það árið en á tuttugu og fimm árum hefur þróunin orðið sú að nú eru gestir að jafnaði um 27.000 árlega og erlendir ferðamenn um og yfir 60%. Anita segir að með því að byggja á menningararfinum hafi tekist að skapa nýja vídd í menningarlífi Siglufirðinga og hafa þannig áhrif á þróun og aðráttarafi bæjarins. „Nú, þegar við Íslendingar verðum áfram dugleg að ferðast innanlands vil ég nota tækifærið og hvetja alla sem koma til Siglufjarðar að kíkja við á Síldarminjasafninu en við erum með opið frá kl. 10:00-18:00 fram til loka ágústmánaðar.“

.....  
sild.is  
.....





■ Fossar í Kolugljúfri heita Kolufossar, kenndir við tröllkonuna Kolu.

Mynd: Markaðsstofa Norðurlands

## Hid ægifagra Kolugljúfur

Þeir sem eiga leið um Þjóðveg 1 í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu ættu að gefa sér tíma til að skoða Kolugljúfur í Víðidalsá. Aðeins þarf að aka fráein- ar mínútur frá Þjóðvegi 1 að gljúfrinu sem eru 1-2 km að lengd.

Gljúfrið sjálft er í senn hrikalegt og fagurt en ekki síður er áin fögur þar sem hún fellur fram í beljandi fossum gljúfursins. Fossar í gílinu eru kenndir við tröllkonuna Kolu og heita Kolufossar.

Kolugljúfur eru við bæinn Kolugil. Bílastæði er við gljúfrið og útsýnispallur þar sem auðvelt og öruggt er að vera og virða fyrir sér þá náttúrudýrð sem fyrir augu ber.

## Aðgangskort að fimm söfnum á Eyjafjardarsvæðinu

Í Minjasafninu á Akureyri er hægt að kaupa aðgangskort sem gildir allt árið 2021 og veitir aðgang að hvorki meira né minna en fimm áhugaverðum söfnum á Eyjafjardarsvæðinu. Um er að ræða Minjasafnið á Akureyri, Leikfangahúsið, Nonnahús, Davíðshús og gamla bæinn í Laufási.

Í Minjasafninu á Akureyri verða tvær fastar sýningar til loka árs, þ.e. Akureyri – bæinn við Pollinn og hins vegar sýningin Tónlistarbærinn Akureyri. Leikfangahúsið í Friðbjarnarhúsi fær gesti sannarlega til að láta hugann reika til bernskuáranna og í Davíðshúsi svífur andi Davíðs Stefánssonar frá Fagra-skógi yfir vötnum. Nonnahús, bernskuheimili barnabókarithöfundarins og jesúítaprestsins Jóns Sveinssonar, „Nonna“, er meðal þeirra elstu á Akureyri, byggt upp úr 1850. Auk þess að skoða muni sem tengjast Nonna er húsið gott dæmi um kaupstaðarheimili þessa tíma.

Síðast en ekki síst er svo að geta



■ Á Minjasafninu á Akureyri stendur yfir sýningin Tónlistarbærinn Akureyri. Baraflokkurinn er meðal þeirra Akureyrarsveita sem skipuðu sér sess á tónlistarsviðinu á Íslandi.

gamla bæjarins í Laufási sem er búinn húsmunum og áhöldum líkt og tíðkaðist í kringum aldamótin 1900. Í gamla prestssetrinu, sem er í eigu Minjasafnsins á Akureyri, hefur verið rekin Gestastofa Laufáss frá sumrinu 2014. Þar er lögð áhersla á móttöku ferðamanna og gesta, meðal annars með fræðslu um sögu staðarins, náttúruna og nánasta umhverfi. Hægt er að fá




■ Gamli bæinn í Laufási er búinn húsmunum og áhöldum líkt og tíðkaðist í kringum aldamótin 1900. Sjón er sögu ríkari.

kaffi og léttar veitingar og njóta útsýnsins eða líta í bók og blöð í bókahorninu. Þá er einnig starfrækt í Gestastofunni handverks- og minjagripaverslun þar sem gefur að líta fjölbreytt vöruúrval m.a. frá athafnafólki af svæðinu.

[minjasafnid.is](http://minjasafnid.is)





# Frítt fyrir aftanívagna í Vaðlaheiðargöng



**VEGGJALD.IS**  
VAÐLAHEIÐARGÖNG

**Þjónustuver Vaðlaheiðarganga**


er opið 10 til 12 og 13 til 15 virka daga



464 1790



veggjald@veggjald.is





## Hrísey - perla Eyjafjarðar

Það er stutt sigling með ferjunni Sævari frá Ársskógssandi yfir til Hríseyjar á Eyjafirði. Um leið og stigið er á land í Hrísey er eins og skipt sé yfir í slökunargírinn!

Margt er hægt að sjá og gera í Hríseyjarheimsókn. Þar er bæði kaffihús og veitingastaðir og verslun með ís, kaffihorni o.fl. Gaman er að bregða sér í sund eða fara í minigolf og frisbigolf og fyrir börnin er að finna hjólabrettabraut, ærslabelg og margt fleira skemmtilegt. Þá er upplagt að skoða hús Hákarla-Jörundar sem hýsir fróðlega sýningu um hákarlaveiðar við strendur Íslands fyrr á tímum. Þar má einnig sjá sögu Hríseyjar í máli og myndum en safnið er opið daglega yfir sumartímann.

Gönguleiðir eru margar og skemmtilegar í Hrísey og tilvalið er að leggja leið sína á austurhluta eyjunnar þar sem sögð er vera önnur mesta orkulind landsins. Geislar friðar og elsku streyma frá fjallinu Kaldbaki sem gnæfir



■ Hús Hákarla-Jörundar er skemmtilegt safn um sögu hákarlaveiða, jafnframt því sem hægt er að fræðast um sögu Hríseyjar í máli og myndum.

yfir austan fjarðarins. Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn er á staðnum.

[hrisey.is](http://hrisey.is)



## Samgöngu- minjasafnið Ystafelli

Safnið verður opið út september, alla daga frá 10 fyrir hádegi og til 8 á kvöldin.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur og frítt fyrir yngri en 12 ára.

### Samgönguminjasafnið Ystafelli

Ystafelli 3 - 641 Húsavík  
Sími 464 3133 og 861 1213  
[sverririfelli@gmail.com](mailto:sverririfelli@gmail.com) - [www.ystafell.is](http://www.ystafell.is)







Fjallabyggð

## VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR OG ÓLAFSFJARÐAR



- BOTNALEIÐ
- FOSSDALUR
- HÉÐINSFJÖRÐUR
- HREPPSENDASÚLUR
- HVANNDALIR
- HVANNDALABJARG
- MÚLAKOLLA
- RAUÐSKÖRÐ
- SIGLUFJARÐARSKARÐ
- SIGLUNES
- OFL.



## FJÖLMARGAR GÓÐAR GÖNGULEIÐIR Í STÓRBROTinni NÁTTÚRU



SJÁ GÖNGULEIÐALÝSINGAR  
INN Á [WWW.FJALLABYGGD.IS](http://WWW.FJALLABYGGD.IS)



Samgönguminjasafnið Ystafelli

## Glæsivagnar samgöngusögunnar í röðum

Samgönguminjasafnið Ystafelli í Þingeyjarsveit fagnaði 20 ára afmæli sínu í fyrra en metaðsókn var að safninu sumarið 2020. Safnið er eitt það stærsta sinnar tegundar á landinu og má þar sjá margan glæsivagninn, bíla af öllum gerðum og stærðum. Í sýningarhúsnæði safnsins eru nú um 100 ökutæki og eru mörg þeirra afar fágæt. Þar er vert að nefna eina helstu skrautfjöður safnsins sem er sá bíll sem talinn er elstur hér á landi, Ford T árgerð 1914.

Alltaf bætast ný ökutæki og ýmsir munir við safngripina í Ystafelli. Safnið er því síbreytilegt. Síðastliðið haust bættist í safnið mikill fjársjóður þegar afkomendur Aðalgeirs Sigurgeirssonar á Húsavík færðu safninu muni, gögn og ljósmyndir úr sögu vörubílaaksturs og síðar vöruflytninga Aðalgeirs. Þetta var gert í tilefni af því að þann 1. október 2020 voru 100 ár liðin frá fæðingu Aðalgeirs. Í vetur kom einnig til varðveislu á safninu Ford Econoline lögreglubíll



■ Sigurgeir Aðalgeirsson færði síðastliðið haust Samgönguminjasafninu Ystafelli gögn, muni og myndir úr atvinnusögu föður síns sem á sínum tíma hóf vörubílaakstur á Húsavík og byggði síðan upp öflugt vöruflytningafyrirtæki.

sem var í notkun hjá lögreglunni á Akureyri frá miðju sumri 1997 þar til í nóvember síðastliðnum. Góð ending það!

En í stuttu mál er sjón sannarlega sögu ríkari í heimsókn á Samgönguminjasafnið Ystafelli. Fágætir fólkubílar, jeppar, bílar frá stríðsárunum á Íslandi, dráttarvélar, snjóbíll, skriðdreki, vinnu-



■ Pennan Ford Fordor árgerð 1934 má sjá í Ystafelli en Kristján bílakóngur á Akureyri keypti bílinn nýjan til landsins.

## Velkomin til Hríseyjar!

### Hús Hákarla Jörundar

Opið alla daga 1. júní - 31. ágúst frá kl. 13:00-17:00



Í þessu elsta húsi Hríseyjar er búið að koma upp vísi að sýningu sem tengist hákarlaveiðum og sögu eyjarinnar

Þar er einnig hægt að nálgast upplýsingar um eyjuna og hvað hún hefur upp á að bjóða.



■ Ford T árgerð 1914 er talinn elsti bíllinn hér á landi en hann má sjá í Samgöngusafninu á Ystafelli.

vélar, vörubílar, mótörhjól og þannig mætti lengi telja. Enginn bílaáhugamaður lætur þetta safn framhjá sér fara.

Opið er á Samgönguminjasafninu Ystafelli alla daga kl. 10-18 til loka september.

Allar nánari upplýsingar á [hrisey@hrisey.net](mailto:hrisey@hrisey.net)  
Heimasíða [www.hrisey.is](http://www.hrisey.is)

[ystafell.is](http://ystafell.is)

# Sýningin Tónlistarbærinn Akureyri

Akureyri er og hefur löngum verið tónlistarbær. Þeirri merkilegu sögu er nú gerð skil á Minjasafninu á Akureyri þar sem einum sýningarsalnum hefur verið breytt í dansstað eða tónleika- stað. Á sýningunni Tónlistarbærinn Akureyri er fjallað á fjölbreyttan hátt um tónlistarlíf bæjarbúa vítt og breitt og kennir þar ýmissa grasa; sumt er vel þekkt, annað kemur skemmtilega á óvart.

Margir þjóðkunnir tónlistarmenn, hljóðfæraleikarar, kórar og hljómsveitir eiga rætur sínar að rekja til Akureyrar og einn af þeim þekktari er Kristján Jóhannsson sem vafalítið er okkar helsti tenórsöngvari síðustu áratugi. Hann kemur vitanlega við sögu á sýningunni sem og t.d. Karla kórinn Hekla sem var fyrsti kórinn sem fór utan í söngfór, hljómsveitirnar Baraflokkurinn og Skriðjökklar eru á sínum stað, Passíukór Rorars Kvam sem fyrstur allra flutti Messí- as eftir Händel í fullri lengd á Íslandi og Magnús Einarsson, fyrsti organisti Akur- eyrarkirkju, sem var ómenntaður al- þýðumaður og hafði ekki annað til brunns að bera en óbilandi ást á söng og annarri tónlist þegar hann var ráð- inn. Sá þekkti tónlistarmaður Ingimar Eydal skipar að sjálfsögðu sinn sess í sýningunni og þannig mætti lengi, lengi telja.

Sýningin Tónlistarbærinn Akureyri á Minjasafninu á Akureyri er opin daglega frá klukkan 11 til 17.

Á sýningunni er hægt að setjast nið- ur, fá sér kaffibolla, hlusta og lesa veg- leggt blað sýningarinnar.



■ Hljómsveitin Baraflokkurinn er ein af þekktustu Akureyrarhljómsveitum síðari áratuga.



■ Kórastarf hefur löngum verið mikið á Akureyri. Hér eru Gígjurnar á sínum síðustu tónleikum.

**Íþróttamiðstöðin**  
*Blönduós*

Sundlaug - Íþróttahús - Þreksalur

## Thermal pool & Fitness Center

**Sumar opnun / Summer opening hours**  
1. júní til 20. ágúst / 1. June to August 20th

**Virka daga / Mondays - Fridays 8:00 - 21:00**  
**Laugardaga og sunnudaga / Saturdays and Sundays 10:00 - 20:00**

**Athugið - Please note:**  
- Hætt er að hleypa ofan í sundlaugina 30 min. fyrir lokun.  
- There is no admittance 30 minutes before the listed closing time.

[www.imb.is](http://www.imb.is) 455 4780



## Setur um sögu berklanna

Hælið, setur um sögu berklanna, er að finna í Kristnesi í Eyjafjarðarsveit og er meðal nýjustu valkosta í afþreyingu á Norðurlandi. Þessi staðsetning söguseturs um þann illvíga sjúkdóm sem berklarnir voru er ekki tilviljun því í Kristnesi var reist berklahæli árið 1927 þegar berklar geisðuðu. Þetta var lífshættulegur smitsjúkdómur sem lagðist ekki sist á á ungt fólk sem var þá tekið úr umferð og einangrað á berklahælum.

Á Hælinu er fróðleg og áhrifarík sýning um berklana á Íslandi sem oft hafa verið nefndir Hvíti dauði. Gestir fræðast á fjölbreytilegan hátt um missi, sorg og örvæntingu þeirra sem glímdu við sjúk-



■ Saga berklanna sem sögð er á sýningu Hælisins lætur engan ósnortinn. Hvíti dauðinn lagði marga að velli snemma á síðustu öld en þeir voru líka margir sem komust í gegnum veikindin og áttu afturkvæmt út í lífið.

Mynd: Hælið



dóminn í bland við bjartsýnina, æðruleysið og lífsþorstant. Þegar gestir hafa skoðað sýninguna er tilvalið fyrir þá að setjast niður á kaffihúsi Hælisins og

bragða á heimabökuðu kruðerí með rjúkandi heitu kaffinu.

Hælið er opið alla daga yfir sumar tímenn.



## Verið velkomin á Síldarminjasafnið

Opið alla daga vikunnar frá 10-18

Síldarminjasafn Íslands


Snorrögata 10 | 580 Siglufjörður | Sími 467 1604 | safn@sild.is

# Velkomin í Eyjafjarðarsveit

kyrrð við bæjardýrnar



[www.esveit.is/velkomin](http://www.esveit.is/velkomin)





## Frábært sumarfrí í Skagafirði

Skagafjörður er kjörinn áfangastaður fyrir ferðamenn enda margt að gera og upplifa fyrir alla fjölskylduna. Sögustaðir eru við hvert fótímál, söfn, sýningar, afþreying, veitingastaðir, gístaðir og síðast en ekki síst sundlaugar. Það má fara í Drangeyjarferð, ganga á fjöll, fara í reiðtúr, flúðasiglingu eða bara njóta þess að borða góðan mat að hætti Skagfirðinga. Uppskrift að frábæru sumarfrí!

### Sturlungaöld og lundar í sýndarveruleika

Tvær nýjar og áhugaverðar sýningar eru á Sauðárkróki sem byggja á nýjustu tækni. Annars vegar sýndarveruleikasýningin 1238 þar sem frægustu atburðir Sturlungaaldarinnar, blóðugasta tímabili Íslandssögunnar, eru sviðsettir í sýndarveruleika.

Hin sýningin, Puffing&Friends, byggir einnig á sýndarveruleika að hluta en hún fjallar um lífsbaráttu lundans í Skagafirði. Þetta er sýning sem ekki á sér hliðstæðu en auk sýndarveruleika er notast við lifandi myndefni af lundanum.

### Heim að Hólum

Hólstað má ekki láta framhjá sér fara en þar er t.d. sundlaug, tjaldstæði, gisting og veitingaþjónusta. Á Hólum er einnig Sögusetur íslenska hestins og Bjórsetur Íslands auk þess sem vert er að gefa sér góðan tíma til að skoða hina stórmerku Hóladómkirkju.

Ástæða er einnig til að heimsækja Byggðasafnið í Glaumbæ og Víðimýrarkirkju en þar má á einum stað fá gott yfirlit um menningar- og byggðasögu



■ Byggðasafnið í Glaumbæ er vert að heimsækja.



■ Sturlungaöldin í sýndarveruleika á sýningunni 1238 á Sauðárkróki.

Skagafjarðar og sjá marga merkilega gripi.

### Fjölskylduvænar sundlaugar

Líkt og víðar á landinu eru sundlaugar í Skagafirði meðal fjölsóttari viðkomustaða ferðamanna á sumrin. Á því sviði hafa þeir úr mörgu að velja og má fyrst

nefna hina rómuðu og margverðlaunuðu sundlaug á Hofsósi. Í Varmahlíð er einnig fjölskylduvæn og notaleg sundlaug. Góð tjaldstæði eru bæði í Varmahlíð, á Sauðárkróki og á Hólum.

[visitskagafjordur.is](http://visitskagafjordur.is)

■ Sundlaugin á Hofsósi er rómuð og margverðlaunuð.



Umhverfisvæn



# HVALASKOÐUN OG ÆVINTÝRASIGLINGAR

FRÁ HÚSAVÍK



HRINGDU Í 464 7272 EÐA BÓKAÐU Á  
[WWW.NORDURSIGLING.IS](http://WWW.NORDURSIGLING.IS)



**NORDURSIGLING**  
SÍÐAN 1995





# NORÐURLAND

■ Hvalaskoðun á rafmagnsskútunni Opal er einstök upplifun.



■ Ljúfa lífið í heitum potti á þilfari Opal.



■ Slökunin verður ekki orðið öllu betri en í hengirúmi úti á sjó!



Norðursigling á Húsavík

# Umhverfisvæn hvalaskoðun og ævintýrasiglingar

Norðursigling á Húsavík er öflugasta fyrirtæki landsins í hvalaskoðun og hefur yfir að ráða alls 10 eikarbátum, þar af eru fjórar seglskútur. Í boði eru daglegar hvalaskoðunarferðir frá Húsavíkurhöfn auk þess sem einn báta Norðursiglingar sinnir daglegum hvalaskoðunarferðum frá Hjalteyri við Eyjafjörð. Norðursigling hefur frá upphafi lagt áherslu á að nota gamla og fallega íslenska eikarbáta í hvalaskoðun og hefur fyrirtækið fengið verðugt lof og viðurkenningar fyrir varðveislu bátanna, nýsköpun og frumkvöðlastarf í umhverfisvænni ferðarþjónustu.

## Hljóðlaus hvalaskoðun

Norðursigling hefur rafmagnsvætt hluta af sínum bátaflota og er það svo sannarlega mikil og einstök upplifun að sigla hljóðlaust um Skjálfandaflóann á skonnortunni Opal og njóta þess að sjá stórhveli á borð við langreyðar, hnúfubaka og steypireyðar blása með tilþrifum. Hljóðlausar hvalaskoðunarferðir verða í boði alla daga frá 16. júní til 30. september, auk daglegra hvalaskoðunarferða með eikarbátum og kvöldferðum alla fimmtudaga þar sem hvalir, segl og vísindi verða í forgrunni. Í þeim kvöldferðum má segja að farþegar gerist virkir þátttakendur í vísindarannsóknum og öðlist nýja sýn á lífríkið í Skjálfandaflóa en ferðirnar eru í samstarfi við samtökin Ocean Missions.

Loks er vert að vekja athygli á hádegisferðum alla daga frá 1. júlí til 19. ágúst þar sem lundabyggðir eru skoðaðar, auk þess sem fylgst verður með hvölnum á Skjálfanda. Það er því sannarlega mikil fjölbreytni í ferðum Norðursiglingar og margt í boði.

## Ævintýraferðir með skonnortunni Opal

Óhætt er að segja að flaggskip bátaflota Norðursiglingar sé skonnortan Opal sem er stærsta seglskúta landsins og jafnframt fyrsti rafmagnsbáturinn hér á landi. Þetta skip er sannarlega upplifun út af fyrir sig, bæði ofan og neðan þilja en til dæmis er bæði heitur pottur og hengirúm uppi á dekki. Í sumar gefst einstakt tækifæri til að fara í sannkallaðar ævintýrasiglingar með Opal við heimskautsbaug og sem dæmi verður farið í þriggja daga sumarsólstöðuferð þar sem skoðaðar verða leyndar perlur og sögufrægar slóðir á borð við Flatøy, Grímsey og Tungulendingu. Auk ýmissa styttri sérferða og daglegra hvalaskoðunarferða sem fólk getur bókað með Opal verður einnig hægt að leigja skútuna í sérferðir fyrir hópa.

## Hafnarstemning í sérflokki

Stemningin við Húsavíkurhöfn á sér ekki hliðstæðu hér á landi. Hvalaskoðunarbátarnir koma og fara alla daga en vert er að hvetja ferðafólk til að láta ekki hjá líða að heimsækja Sjóböðin og skoða Hvalasafnið á Húsavík, svo fátt eitt sé nefnt. Og vitanlega þarf enginn að fara svangur úr bænum því á veitingahúsinu Gamla bauk við höfnina er fjölbreyttur matseðill og opið frá morgni til kvölds. Höfuðborgarstemning, enda er Húsavík jú oft nefnd höfuðborg hvalaskoðunar í heiminum.

[nordursigling.is](http://nordursigling.is)



■ Stemning á hafnarvæðinu á Húsavík á sér vart hliðstæðu hér á landi.



■ Bátur Norðursiglingar og Sjóböðin við Húsavík í forgrunni.



# NORÐURLAND



■ Heimskautsgerðið við Raufarhöfn. Myndir: Markaðsstofa Norðurlands.



■ Hvítserkur við Vatnsnes.

## Farðu Norðurstrandarleið í sumar!

Á Norðurstrandarleið má kynna minna þekktum stöðum Norðurlands. Á leiðinni eru sex skagar og nes, gullfallegar sandfjörur og ægilegir klettar, jökulsárgljúfur, mikilfenglegir firðir og fjallstindar sem teygja sig hátt til himins. Jafnvel er hægt að fara út í eyjarnar og yfir heimskautsbauginn sjálfan. Hver lítill bær, hvert lítið þorp, hefur sína sögu að segja um það hvernig lífið hefur verið – og er – svo nálægt norðurheimskautsbaugnum.

Þróngir vegir, oft malarvegir, hlykkjast eftir strandlengjunni þar sem hafið nær svo langt sem auga eygir. Ferðalangar munu finna fyrir krafti hafsins og áhrifum þess á síbreytilegt veðrið. Í roki og rigningu getur verið huggulegt að koma sér fyrir á kaffihúsi með heitan bolla, en þegar sólin skín er berfættur göngutúr um sandfjörur jafnvel enn betri hugmynd.

Ferðalangar sem fara Norðurstrandarleið eru hvattir til þess að fara hægt yfir, sökkva sér í söguna, menninguna og þá afþreyingu sem er í boði hverju sinni. Norðurstrandarleið lítur heldur ekki alltaf eins út, því upplifunin getur verið ótrúlega breytileg eins og árstíðirnar. Og á leiðinni er margt að sjá:

- 21 sjávarþorp eða bæir frá Hvammstanga til Bakkafjarðar
- nyrsti punktur Íslands og eini staðurinn á landinu þar sem hægt er að fara yfir Norðurheimskautsbaug
- frábærir staðir til að sjá miðnætursól og norðurljós



■ Sérstök skilti á leiðinni gefa vegfarendum til kynna að þeir séu á Norðurstrandarleið.



■ Í Öxarfirði.



■ Grettislaug í Skagafirði.

- ferjur til 6 eyja
- hvala-, sela- og fuglaskoðun á heimsmælikvarða
- tilkomumiklar gönguleiðir um fjöll og alls kyns afþreying í útivist
- 18 sundlaugar eða náttúruleugar

[nordurstrandarleid.is](http://nordurstrandarleid.is)





SKAGAFJÖRÐUR  
HEIMILI NORÐURSINS



## Ævintýri líkastur!

---

Skagafjörður býður þér að taka þátt í ævintýri lífs þíns. Hvort sem það er að sigla niður jökulfljót, fara í hestaferð, ganga á fjöll, njóta lífsins í náttúrunni eða nýta þér aðra afþreyingarmöguleika sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða.

---

Saga, söngur, gleði og góður matur er sjaldan langt undan í Skagafirði.

Verið velkomin  
í Skagafjörð



Komdu við eða hafðu samband við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð - hún er opin allt árið.

Sími 455 6161, [info@visitskagafjordur.is](mailto:info@visitskagafjordur.is), [visitskagafjordur.is](http://visitskagafjordur.is)





■ Hauganes er falin perla í ferðapjónustunni. Næst á myndinni má sjá pottana í fjörinni og þar við hliðina er tjaldstæðið. Til hægri sér í veitingastaðinn Baccalá bar og vinnsluhús Ektafisks.



■ Heitu pottarnir í fjörinni. Tilvalið að bregða sér í sjóinn og synda.

## Hauganes - staðurinn til að heimsækja í sumar

Hauganes á Árskógsströnd er staður sem þeir sem leggja leið sína á Eyjafjarðarsvæðið ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Fáir ef nokkrir staðir við sjávarsíðuna státa af þeirri aðstöðu sem þar stendur til boða; tjaldstæði, fyrsta flokks veitingastaður, hvalaskoðun, sjóstangveiði, heitir pottar í fjörinni, sjósundsmöguleikar, göngu- leiðir og fleira. Að baki stærstum hluta þessarar þjónustu stendur Elvar Reykjalin Jóhannesson og fyrirtæki hans á staðnum, Ektafiskur, sem m.a. framleiðir úrvals saltfisk fyrir bæði innanlandmarkað og útflutning.

### Pizza með saltfiski

Veitingastaðurinn Baccalá bar er enda með sérstaka áherslu á saltfiskrétti úr vörunum frá Ektafiski. „Við erum alltaf með ferskan og nýja fisk en saltfiskréttirnir eru sérstaklega vinsælir, t.d. djúpsteyktur saltfiskur með frönskum og saltfiskpizzan,“ segir Elvar.

Staðurinn verður opið alla daga kl. 12-21 alla daga nema mánudaga.

Einnig verður markaður í stórum sal á efri hæð húss Ektafisks allar helgar í sumar þar sem í boði verður handverk og alls kyns varningur. Allir velkomnir.

### Allt til alls

Tjaldstæðið er rúmgott og vel búið rafmagnstenglum. Þar við hliðina eru fjögur klósett, sturta og heitir pottar í fjör-



■ Veitingastaðurinn Baccalá bar verður opinn alla daga nema mánudaga í sumar. Matseðillinn er fjölbreyttur en áhersla á glænýjan fisk og saltfiskrétti.



■ Saltfiskpizzan á Baccalá bar hefur slegið í gegn.

unni, leikvöllur fyrir börnin og að sjálf-sögðu er velkomnið að fara fram á hafn-

argarðinn og renna fyrir fisk. Tilvalið er að taka sundsprett í sjónum en þeir sem vilja lengra út á sjóinn geta brugðið sér í hvalaskoðun og sjóstöng með hvalaskoðunarbátnum Níels Jónssyni EA.

„Gestir okkar hafa margir á orði að það sé með ólíkindum hvað þetta litla fallega sjávarþorp okkar hefur að bjóða,“ segir Elvar. „Við erum líka staðsett mjög miðsvæðis við Eyjafjörð og margt um að velja í stuttum ferðum um nágrennabyggðirnar,“ segir Elvar.

ektafiskur.is



**MINJASAFNIÐ  
Á AKUREYRI  
AKUREYRI MUSEUM**

**Allt árið 2021**  
Minjasafnið á Akureyri  
Nonnahús  
Leikfangahúsið  
Davíðshús  
Gamli bærin Laufás

10% Afsláttur í safnahóð / 10% Dætur á 20. Minnablið 900  
Eignað kort

**2.300,- kr.**

Minjasafnið    Nonnahús    Leikfangahúsið  
Davíðshús    Gamli bærin Laufás

**Draumabláir  
DAGAR  
í Dalvíkurbyggð**

**Njóttu sumarsins  
með okkur  
í Dalvíkurbyggð**

GRÍMSEY    HÍRSEY  
ÁRSKÖGSSANDUR    HAUGANES  
DALVÍK    AKUREYRI >  
SVARFADARDALUR

- GISTIHEIMILI HÓTEL / TJALDSVÆÐI
- ÚTIVISTARSVÆÐI GÖNGULEIDIR
- KAFFHÚS VEITINGASTADIR
- HVALASKODUN AFDREYING / SÖFN
- SUNDLAUG BÖB / POTTAR



## Jarðböðin við Mývatn

### - Náttúrulind á heimsmælikvarða

Jarðböðin við Mývatn eru í Jarðbaðshólum, um 4 km frá Reykjahlíð en þau voru opnuð sumarið 2004. Sá staður var ekki valinn af handhófi því þar hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld. Jarðböðin eru staður fyrir þá sem njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Þau eru sannkölluð náttúrulind á heimsmælikvarða.

#### Einstök efnasamsetning

Í Jarðböðunum er boðið upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott. Nýverið var bar settur niður í lónið og er hann hinn glæsilegasti. Öll aðstaða fyrir gesti er góð, búningasklefar með læstum skápum, útklefar og góðar sturtur. Hægt er að leigja sundfatnað, handklæði og baðsloppa.

Sjálft baðlónið er manngert og botninn þakinn sandi og fingerðri möl. Vatnið er mjög steinefnaríkt og basískt og því frábært til böðunar, það hefur jákvæð áhrif á húðvandamál og er silki mjúkt viðkomu. Vatnið er einnig brennisteinsríkara en almennt þekkt og er talið hafa góð áhrif á astma og aðra öndunarferasjúkdóma. Efnasamsetning vatnsins gerir það að verkum að bakteríur og gróður þrífast ekki og notkun klórs eða annarra sótthreinsiefna er óþörf.

#### Kaffi Kvika

Gestir Jarðbaðanna geta sest niður fyrir eða eftir bað og notið léttra veitinga í opnum og björtum sal. Á sólardögum er upplagt að setjast á útisvæðið, fá sér súpu og salat og njóta góða veðursins.

Á hverjum degi er boðið upp á súpu dagsins ásamt nýbökðu brauði, nýgerðum samlokum, panini, ostaboxum, ávaxtasalati, fersku salati í boxum og hverabrauði með reyktum silungí. Kaffivélin er í gangi allan daginn og í kökkælinum má alltaf finna bakkelsi við hæfi. Einnig er boðið upp á gos, safe, bjór og vín.

Upplýsingar um opnunartíma, verð og fleira má finna á heimasíðunni [jardbodin.is](http://jardbodin.is)

### Jarðböðin við Mývatn


Jarðbaðshólum  
Sími 464-4411

[info@jardbodin.is](mailto:info@jardbodin.is)  
[www.jardbodin.is](http://www.jardbodin.is)  
#myvatnnaturebaths  
#jardbodin

- Vatnið í Jarðböðunum er steinefnaríkt, basískt og brennisteinsríkt og því frábært til böðunar og heilsubótar.



- Kaffi Kvika er notalegt kaffihús sem býður upp á léttu rétti og hægt að snæða utandyra og njóta góða veðursins í Mývatnssveit!



- Í Jarðböðunum í Mývatnssveit er auðvelt að vera í beinni snertingu við náttúruna.







# Halló Akureyri!

■ Akureyri er einn af vinsælustu áfangastöðum ferðamanna hér á landi.

Fáir staðir landsins njóta jafn mikilla vinsælda hjá innlendu ferðafólki og Akureyri, bæði að sumri sem vetri. Enda bær sem iðar af mannlífi, státar af fjölbreyttu menningarlífi, söfnum, einni bestu sundlaug landsins, viðburðum hvers konar, fyrirtaks veitingastöðum og þannig mætti lengi telja. Að ekki sé minnst á góða veðrið, náttúrufegurð og óþrjótandi úti-vistarmöguleika.

Til að gera ferðafólki enn auðveldara að fylgjast með því sem er að gerast á Akureyri og í nágrenni er nú hægt að fara inn á vefsíðuna [halloakureyri.is](http://halloakureyri.is) og finna allar upplýsingar um viðburði í bænum, afþreyingu og þjónustu á einum stað.

Líkt og annars staðar á landinu mun dagskrá sumarsins á Akureyri þróast í þeim takti sem sóttvarnareglur koma til með að leyfa hverju sinni en sannarlega verður fjölmargt í boði. Þar má til dæmis nefna Listasumar 2021 sem standa mun yfir í júlí með fjölbreytlegum listviðburðum víðs vegar um bæinn. Sú dagskrá nær yfir alla daga vikunnar og verða viðburðir m.a. í Menningarhús-



■ Listasumar er meðal hápunkta í menningarlífi Akureyrar og mun standa yfir í júlímánuði.

inu Hofi, Deiglnuni, Listasafninu á Akureyri og víðar. Á síðunni [listasumar.is](http://listasumar.is) má finna allt um dagskrána, sem og á aðurnefndri síðu, [halloakureyri.is](http://halloakureyri.is).

Stefnt er að því að helstu hápunktar í viðburðum sumarsins verði á sínum stað í bænum og útfærðir í samræmi við sóttvarnareglur hvers tíma. Þar má nefna Bíladaga í júní, Sólstöðuhátíðina í Grímsey í júní, dagskrá um verslunarmannahelgina í byrjun ágúst og Akureyrarvöku í lok ágúst. Þá er vert að

geta um utanvegahlaupið Súllur Vertical sem verður þann 31. júlí en mikil ásókn hefur verið í að taka þátt í hlaupinu. Þrjár vegalengdir verða í boði, þ.e. 18 km, 28 km og 55 km en í síðastnefndu vegalengdinni verður 3000 metra hækkun. Tilvalið er fyrir þá sem vilja fylgjast með að sjá hlauparana koma í mark í miðbænum.

.....  
[halloakureyri.is](http://halloakureyri.is)  
.....



■ Sólstöðuhátíð verður á sínum stað í Grímsey í sumar.



■ Utanvegahlaupið Súllur Vertical verður þann 31. júlí.



# Ávintýrin gerast í **GRÍMSEY**



Velkomin á eyjuna fallegu undir heimskautsbaug.


Með ArcticTrip getur þú fengið leiðsögn um eyrna og fræðst um gríðarmikið fuglalíf, sögu eyjarinnar, farið yfir heimskautsbauginn, siglt kringum eyrna, snorklað innan um lundann og notið miðnætursólarinnar sem aldrei sest.

Þú færð alltaf meira út úr ferðinni í leiðsögn með heimamönnum.

Í Grímsey eru gistihús, golfholur, sundlaug, verslun, veitingastaður og dásamlegt sældarlíf.



**WWW.ARCTICTRIP.IS**  
**HALLA@ARCTICTRIP.IS**







■ Halla Ingólfssdóttir hjá ArcticTrip. „Sumarkyrrð í Grímsey gleymist sein.“

**Fyrirtækið ArcticTrip í Grímsey býður gistingu og fjölbreytta afþreyingu í eyinni. „Ég segi gjarnan við gesti að mér finnst ég tilheyra forréttindahópi að fá að búa hér í Grímsey og njóta hennar,“ segir Halla Ingólfssdóttir hjá ArcticTrip.**

### **Fræðslu- og skemmtiferðir með leiðsögn**

Fyrirtækið býður upp gönguferðir um eyjuna með leiðsögn þar sem gestir fræðist um sögu Grímseyjar og lífið í eyinni í gegnum tíðina. Á fáum stöðum á landinu er hægt að sjá annað eins fuglalíf og í Grímsey enda er hún sannkölluð paradís fyrir fuglaljósmyndara og koma þeir víða að úr heiminum. Leiðsagnarferðirnar um eyjuna eru misjafnlega langar, blanda af fræðslu og skemmtun.

### **Fuglinn í bjarginu og snorkl með lundanum**

Hjá ArcticTrip eru einnig í boði siglingar hringinn í kringum eyjuna þar sem gestum gefst tækifæri á að fylgjast með fuglalífnum í klettunum frá öðru sjónarhorni. Sjóstangveiðiferðir eru einnig í boði og síðast en ekki síst ber að nefna snorkl með lundanum.

Eitt af því nýjasta í afþreyingu í Grímsey er sjóskíðaleiga og nefna má að fólk getur einnig leigt sér hjól og faríð á eigin vegum í skoðunarferðum um eyjuna.



■ Það er vinsælt að snorkla í Grímsey.



■ Lundinn á heima í Grímsey.



■ Ferjan Sæfari siglir reglulega frá Dalvík til Grímseyjar.

### **Ferjusigling og flug**

Til Grímseyjar er hægt að fara úr landi með ferjunni Sæfara frá Dalvík fimm daga vikunnar, þ.e. á mánudögum, miðvikudögum, fimmtudögum, föstudögum og sunnudögum. Breytilegt er eftir dögum hversu lengi ferjan stoppar í eyinni, frá tveimur upp í fimm tíma.

Einnig er hægt að fljúga frá Akureyri á þriðjudögum og sunnudögum.

Auk afþreyingarferðaþjónustu rekur ArcticTrip gísthús en tvö önnur gísthús

eru einnig í Grímsey. Þeir sem kjósa heldur að gista á eigin vegum geta tekið með sér gjald, fellihýsi eða hjólhýsi í ferjunni en tjaldstæði er í eyinni.

„Ég hvet fólk eindregið til að heimsækja okkur í sumar, gefa sér tíma og upplifa sumarkvöldin með okkur. Sumarkyrrð í Grímsey gleymist seint,“ segir Halla.

arctrip





## LYKTAREYÐANDI NIÐURBROTSEFNI Í FERÐASALERNI



### BIO-PAK - Tropical og Fresh Scent

Inniheldur öfluga náttúrulega ensímblöndu sem vinnur á úrgangi og pappír á 24 klst og skiptir þá engu hvaða gerð pappírs er. Hentar mjög vel þar sem þarf að tæma ferðasalernið á hverjum degi. BIO-PAK veitir hratt niðurbrot og góða lyktareyðingu.

BIO-PAK Tropical Vörunúmer: BIOTROPBG

BIO-PAK Fresh Scent Vörunúmer: BIOPPBG



### PORTA-PAK - Lavender og Fresh Scent

Inniheldur einstaka efnaþöndu sem vinnur á úrgangi og pappír á 3-4 dögum og hefur einstaklega mikla og góða virkni í lyktareyðingu. Hentar vel þar sem ekki þarf að tæma ferðasalernið á hverjum degi.

PORTA-PAK Lavender Vörunúmer: PPRV10LAV

PORTA-PAK Fresh Scent Vörunúmer: PPRV10



### BIO-ACTIVE - Tropical og Fresh

Inniheldur næringarefni fyrir bakteríur ásamt ensímum til að fjarlægja ólykt. Brýtur hratt og vel niður úrgang og klósettpappír. Smyr ventla og heldur skynjarafrbúnað hreinum. Hentar fyrir húsbíla, rútur, báta, skip, safntanka og rotþrær. BIO-ACTIVE er vistvænt efni.

BIO-ACTIVE 4,9L Vörunúmer: BAHT168

BIO-ACTIVE 1,8L Vörunúmer: BAHT40



# Við tökum vel á móti þér um land allt



Frítt  
**Wi-Fi**  
á völdum N1  
þjónustustöðvum



Við erum með þétt net þjónustustöðva  
um allt land. Þú finnur hver af þessum  
**95 stöðvum** er næst þér á [www.n1.is](http://www.n1.is).





## N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

Sæktu um kortið á [n1.is](http://n1.is) og  
byrjaðu að spara og safna.

## Kaffi & croissant

Þú átt það skilið!

Nesti



## Kjötsúpa

Alltaf góð

Nesti



## Boozt & safar

Gríptu með þér svalandi drykk

Nesti



## Hamborgari & franskar

Sá allra besti

Nesti



ALLA LEIÐ



## Markaðsstemning í Eyjafjarðarsveit í sumar

Markaðsstemning verður allsráðandi í Eyjafjarðarsveit í sumar en sjö helgar sumarsins verða bændamarkaðir við Hrafnagilsskóla þar sem verða til sölu afurðir framleiðenda í sveitinni sem og handverk heimafólks.

Efnt var til bændamarkaða með þessu sniði í fyrrasumar á vegum markaðsverkefnisins Matarstígs Helga magra sem er nýtt verkefni sem hefur að markmiði að sameina matvælaframleiðendur, veitingaaðila og ferðapjónustuna í Eyjafjarðarsveit og búa til matarfangastað í heimsklassa. Vel tókst til í fyrra og nú verða markaðsdagarnir ennþá fleiri auk þess sem Handverkshátíðin kemur nú til samstarfs en sóttvarnatakmarkanir gera að verkum að hún verður ekki framkvæmanleg í ár. Handverkshátíðin verður hins vegar á sínum stað í ágúst 2022.

### Bændamarkaðir sjö helgar

Bændamarkaðirnir við Hrafnagilsskóla verða á laugardögum í sumar: 12. júní, 19. júní, 3. júlí, 17. júlí, 31. ágúst, 7. ágúst og 21. ágúst. Markaðirnir hefjast kl. 12 á hádegi og þeim lýkur kl. 17. Eyjafjarðarsveit er eitt öflugasta landbúnaðarhérað landsins og sem dæmi



■ Eyjafjarðarsveit er eitt öflugasta landbúnaðarhérað landsins og er framleiðslan fjölbreytt.

má nefna að bændur í sveitarfélaginu standa að baki 10% allrar mjólkurframleiðslu á Íslandi. Auk mjólkurafurða má nefna lambakjöt, nautakjöt, hrossakjöt, svínakjöt, paprikur, gúrkur, egg, kartöflur og býhunang sem dæmi um framleiðsluna í sveitarfélaginu. Úrvalið af landbúnaðarafurðum verður því mikið á mörkuðunum í sumar við hlið fjölbreyttrar framleiðslu handverksfólks í sveitinni.

Samhliða bændamörkuðunum verða einnig viðburðir og opið hús hjá ferðapjónustu- og veitingaaðilum víða í sveitinni. Sannarlega verður því líf og fjör og fjölmargt í boði fyrir ferðafólk sem vill eiga glaða og góða daga í falletgri sveit.

.....  
**esveit.is**  
.....

■ Afurðir og handverk úr Eyjafjarðarsveit verður í boði á bændamörkuðunum við Hrafnagilsskóla í sumar.





Fjallabyggð



STÓRKOSTLEG NÁTTÚRFEÐUR  
EINSTAKAR GÖNGULEIÐIR  
Í STÓRBROTINNI NÁTTÚRU

NÁLÆGÐIN VIÐ NÁTTÚRUNA  
ÁFALLT INNAN SEILINGAR

BLÓMSTRANDI MENNINGARLÍF,  
SÖFN, GALLERÍ OG SETUR

FJALLABYGGD.IS

Welcome to  
Ólafsfjörður

Welcome to  
Siglufjörður






# NORÐURLAND

Ferðumst til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar

## Fjallabyggð fagnar þér

Í stórbrotnu landslagi Fjallabyggðar má finna fjölbreyttar gönguleiðir um fjöll og dali og njóta einstaks útsýnis í kyrrð og ró og afþreyingarmöguleikar eru nánast ótæmandi. Í Fjallabyggð eru tveir 9 holu golfvöllir, tvær sundlaugar (þar af er önnur útisundlaug), heitir pottar, setlaug, vaðlaugar og tvær rennibrautir.

Ferðamannastraumur til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar hefur aukist umtalsvert eftir að Héðinsfjarðargöng voru opnuð en með tilkomu þeirra er nú aðeins um 15 mínútna akstur á milli þessara byggðarkjarna sem mynda sveitarfélagið Fjallabyggð. Með tilkomu ganganna er Tröllaskagi orðinn ákjósanlegur áfangastaður fyrir ferðamenn enda hefur hann upp á margt að bjóða; stórbrotna náttúru, fjölbreyttar gönguleiðir,



Ljós. Jón Steinar Ragnarsson

fjölskrúðugt fuglalíf og mikla afþreyingarmöguleika.

Í Héðinsfirði hefur verið komið upp upplýsingaskiltum um sögu fjarðarinnar og eru ferðalangar hvattir til að nýta



Ljós. Guðný Ágústsdóttir

tækifærið á ferð sinni og hafa þar viðdvöl, njóta náttúrunnar og fræðast um þennan eyðifjörð.

Fjallabyggð býr að stórbrotinni náttúruferð þar sem ferðgjafar bjóða upp á fjalla og



Ljós. Jón Steinar Ragnarsson



Ljós. Gísli Kristinnsson





Ljósm. Gestur Hansson

fjarða er stórfengleg og möguleikar á sviði útivistar og tómstunda eru hreint óþrjótandi. Návígið við náttúruna er

## Hamingja á fjöllum

Fjöllin á Tröllaskaga geyma ein hæstu fjöll Norðurlands sem heilla marga fjallagarpa. Fjölmargar fallegar og spennandi gönguleiðir eru í kringum Ólafsfjörð og Héðinsfjörð. Í Fjallabyggð eru möguleikar á sviði útivistar og afþreyingar hreint óþrjótandi.

Snjóflóðavarnargarðarnir á Siglufirði og varnargarðurinn við Hornbrekku í Ólafsfirði hafa vakið mikla athygli fyrir góða hönnun, þeir falla vel að náttúrunni og eru göngustígar á þeim flestum sem henta vel til útivistar.

Gönguleiðakort er bæði að finna á heimasíðu bæjarfélagsins sem og í upplýsingamiðstöðvum Fjallabyggðar.

ávallt innan seilingar, hvort heldur haldið er í gönguferðir, í golf, sjósund, sjóbretti, kayak, sæþotur eða slakað á í rómuðum bæjarkjörmunum. Sem nyrsta byggð á landinu er Fjallabyggð með betri stöðum til að njóta miðnætursólarinnar.

## Menningarlíf og þjónusta í Fjallabyggð

Í Fjallabyggð er blómlegt menningarlíf. Þar er fjöldi veitingastaða og gístmöguleikar miklir. Söfnin og setrin sem enginn má láta vera að skoða eru fjölmörg en þar má nefna Síldarminjasafnið á Siglufirði, Ljóðasetur Íslands á Siglufirði, Pálshús í Ólafsfirði sem hýsir einstakt náttúrugripasafn, Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og Ljósmyndasögusafnið Saga Fotografica á Siglufirði.

## Fjallabyggð fyrir alla fjölskylduna

Börnunum ætti ekki að leiðast í Fjallabyggð en hér er að finna afþreyingu fyrir alla aldurshópa. Hægt er að fara í

spennandi fjöruferðir, hestaferðir, dorga á bæjarbyggjunni og leyfa börnunum að gleyma stað og stund í stórkostlegum söfnum og setrum og kíkja á ævintýraheiminn í skógræktinni á Siglufirði. Skógurinn okkar er sannkölluð náttúruperla sem býður upp á ratleiki, góða grillaðstöðu og margt fleira sem gerir góða fjölskyldustund betri. Í Fjallabyggð er að finna tvær frábærar sundlaugar, ærslabelgi, góð leiksvæði og margt margt fleira.

Á heimasíðu Fjallabyggðar er að finna upplýsingar um sumarnámskeið í Fjallabyggð en mörg þeirra eru opin öllum börnum.

Óviða finnast jafn fjölbreyttir og skemmtilegir möguleikar til þess að láta sér líða vel í jafn fallegu umhverfi og afslöppuðu andrúmslofti og í Fjallabyggð. Hér ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

fjallabyggd.is – visittrollaskagi.is

## Nokkrar ábendingar

Kajak og gönguferðir á Siglufirði með **Top Mountaineering**. Top Mountaineering á Siglufirði sinnir aukinni eftirspurn ferðamanna og hópa sem óska eftir leiðsögn um fjöllin í Fjallabyggð og á Tröllaskaga. Sjá nánar: [topmountaineering.is](http://topmountaineering.is)

**Fairytales At Sea** er nýlegt ferðaþjónustufyrirtæki í Ólafsfirði sem sérhæfir sig í stuttum sjóferðum með leiðsögumanni á sæþotum allt árið. Sjá nánar: [fairytales.is](http://fairytales.is)

**Wild Tracks Siglufirði** býður upp á fjallahjólaferðir / gönguferðir / skíði og snjóbretti / ofurjeppaferðir sem þú ert á eftir, hefurðu fundið þig á réttum stað. Sjá nánar: [wildtracks.is](http://wildtracks.is)

**Ferðafélagið Trölli, Ólafsfirði** er með fjölbreyttar göngferðir allt sumarið. Nánari upplýsingar að finna á facebook síðunni Hreyfing og hamingja í Fjallabyggð.

**Bjórverksmiðjan Segull 67** er í gamla frystihúsinu á Siglufirði. Boðið er upp á hina ýmsu viðburði og bjórsmökkun. Sjá nánar: [segull67.is](http://segull67.is)

**Súkkulaðikaffihús Fríðu á Siglufirði** er vinalagt kaffihús þar sem hver hlutur er haganlega úthugsaður og handverk gleður augað hvar sem litið er. Í kaffihúsinu er lítil súkkulaðiverksmiðja þar sem Fríða gerir hvert bragðlauka-listaverkið á fætur öðru. Heita súkkulaðið er gert úr Belgísku súkkulaði og hjá Fríðu færðu einnig dýrindis kaffi frá Kaffitár, gjafavörur og list. Sjá nánar: [frida.is](http://frida.is)



# NORÐURLAND

## Sund og laugar á Dalvík

Dalvíkurbyggð rekur glæsilega íþróttamiðstöð með sundlaug og heilsurækt á Dalvík. Þangað er tilvalið að skella sér og púla aðeins í ræktinni, synda eða slappa af í heitu pottunum. Úr sundlauginni er dásamlegt útsýni inn í Svarfæðardal og upp til fjalla.

Opið sem hér segir:

Mánudaga-fimmtudaga 06:15-20:00

Föstudaga 06:15-19:00

Um helgar 09:00-17:00

Á Hauganesi eru svo heitir pottar í Sandvíkurfjörinni. Þar getur þú skellt þér í sjóinn og notið þess svo að kíkja í heitu pottana. Þar er aðstaða til fataskipta og salerni.



## Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar

Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar er í bókasafninu í Bergi menningarhúsi. Þar er að finna upplýsingar um ferðaþjónustu á svæðinu. Netfangið er [info@dalvikurbyggd.is](mailto:info@dalvikurbyggd.is), síminn er 846 4908 eða 460 4930. Upplýsingar um ferðaþjónustu má einnig finna á [www.visittrollaskagi.is](http://www.visittrollaskagi.is)

### Sumaropnun

Mánudaga - föstudaga 09:00-17:00

Laugardaga 12:00-17:00

### Vetraropnun

Mánudaga - föstudaga 10:00-17:00

Laugardaga 13:00-16:00



## Byggðasafnið Hvoll fyrir alla fjölskylduna



Byggðasafnið Hvoll á Dalvík er fjölbreytt og skemmtilegt safn fyrir alla fjölskylduna með munum úr byggðarlaginu ásamt sýningum af ýmsum toga. Sýningar tengdar mannlífi og munum og saga þjóðþekkra Svarfdælinga er meðal þess sem finna má á Byggðasafninu. Það er t.d. gaman að kynnast Jóhanni Svarfdælingi, hæsta Íslendingi sem sögur fara af og ekki amalett að fræðast um Kristján Eldjárn, fyrrum forseta Íslands. Á náttúrugripasafninu er fjöldi íslenskra fugla og spendýra og einstaka gestir úr undirdjúpunum. Þar er líka grasasafn, skeljasafn, eggja- og steinasafn. Frítt fyrir börnin!





SLÖKUN  
VELLÍÐAN  
UPPLIFUN

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

[jardbodin.is](http://jardbodin.is)





■ Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar í Reykjavík.

## Bílaleiga Akureyrar

# Flutningur í nýtt húsnæði

„Við erum að koma okkur fyrir hér í Skútuvoginum en með flutningunum hingað bjóðum við betri aðstöðu fyrir okkar viðskiptavinum og munum kappkosta að veita þeim enn betri þjónustu á nýjum stað,“ segir Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar í Reykjavík. Fyrirtækið er nú með glæsilega aðstöðu í Skútuvogi 8 og er flutt úr Skeifunni eftir 42ja ára vist þar.

Bílaleiga Akureyrar er brautryðjandi í íslenskum bílaleigurekstri með afgreiðslustaði hringinn í kringum landið. Fyrirtækið var stofnað árið 1974 og er í dag leiðandi fyrirtæki á sínu sviði. Rík áhersla er ávallt lögð á gott úrval vel útbúinna bíla, allt frá litlum fólkubílum, stórum jeppum, smárútum, húsbílum, vönduðum lúxusbílum og sendibílum í mörgum stærðum.

### Tilbúnir í slaginn

Bergþór segir að fyrirtækið verði með hátt í 5000 bíla til leigu í sumar en mik-

il endurnýjun hefur átt sér stað í flotanum undanfarin misseri. „Það virðist sem þetta ferðasumar ætli að fara betur og hraðar af stað en menn þorðu að vona. Erlendu ferðamennirnir, einkum frá Bandaríkjunum, eru teknir að flykkjast hingað og ég held að ferðaþjónustan verði fljót að ná vopnum sínum. Árið 2020 var auðvitað erfitt en við náðum að halda sjó og nýttum okkar starfsmenn í önnur verkefni, m.a. í að undirbúa flutninginn á nýjan stað. Við erum því vel undir slaginn búnir, nú þegar hjólin eru tekin að snúast á ný.“

### Orkuskiptin á fulla ferð

Bílaleiga Akureyrar er eina bílaleigan á Íslandi sem er með ISO 9001 umhverfis- og gæðavottun. „Við val á bílum horfum við mjög til CO<sub>2</sub> losunar og eldsneytiseyðslu viðkomandi bíls en það endurspeglar áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum. Við erum með yfir 200 hreina rafbíla í okkar flota og finnum fyrir síaukinni eftirspurn eftir þeim.

Ég man eftir því að árið 2007 tókum við inn einn rafbíl í samstarfi við iðnaðar ráðuneytið og eftir á að hyggja reyndist hann vera barn síns tíma. Ég segi ekki meira en þetta sýnir hve þróunin í orkuskiptunum hefur verið hröð.“

### Þéttriðið net

Bílaleiga Akureyrar er með afar þétt net afgreiðslustaða og er með umboð fyrir Europcar, en það þekkja erlendu ferðamennirnir afar vel. „Fjöldi útleigustöðva gerir viðskiptavinum okkar hægt um vik að leigja bíl á einum stað og skila á öðrum. Við störfum á hörðum samkeppnismarkaði og þá gildir fyrst og fremst að vera með góða þjónustu og sveigjanleika. Það kunna viðskiptavinirnir vel að meta,“ segir Bergþór hjá Bílaleigu Akureyrar að lokum.

---

holdur.is

---



Bókaðu ferðalagið þitt á [hey.is](http://hey.is)

hey

*Hvað viltu  
gera næst?*



*Upplifun og gisting um allt land*

hey  
ÍSLAND



# Kjúklingabringur með læm og rósmarín

## Fyrir 4

800 g kjúklingabringur  
2 msk. Worchester sósa  
1 stk. læmsafi og -börkur  
1 msk. hunang  
1 msk. Dijon sinnep  
1 msk. saxað ferskt rósmarín (Má nota 1 tsk. þurrkað)  
1 msk. saxað ferskt timian (Má nota 1 tsk. þurrkað)  
½ tsk. salt  
Nýmalaður svartur pipar

Hrærið saman Worchester sósu, læmsafa, læmberki, hunangi, Dijon sinnepi, fersku rósmarín og fersku timian. Skerið örlítið í kjúklingabringurnar og marinerið í einn til tvo tíma. Grillið bringurnar í 20-25 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn.



# Kjúklingaspjót með papriku og rauðlauk

## Fyrir 4

800 g kjúklingabringur  
2 msk. púðursykur  
1 dl sojasósa  
1 msk. saxaður hvítlaukur  
2 msk. appelsínúmarmelaði  
½ tsk. salt  
½ tsk. pipar  
¼ tsk. cayenne-pipar  
Paprika 2-3 litir  
Rauðlaukur



Blandið saman púðursykri, sojasósu, hvítlauk, appelsínúmarmelaði, salti, pipar og cayenne-pipar. Takið 1/3 af marineringsgunni og setjið til hliðar. Skerið kjúklingabringur í bita í u.þ.b. 2x2 cm. Marinerið í 30-60 mínútur í 2/3 af marineringsgunni. Skerið papriku og rauðlauk í bita. Þræðið á spjót til skiptis kjúklingi, rauðlauk og papriku. Gætið þess að grænmetisbitarnir verði ekki stærri en kjúklingabitarnir. Grillið spjótin á útigrilli í 15-20 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Penslið með 1/3 af marineringsgunni meðan grillað er.





# SUMARHÚS OG FERÐALÖG



Sólarrafhlöður og fylgihlutir. 35-315w



LED-Ljós



LED-Perur



Gasskynjari m/rafhlöðu  
15 ára ending!



Gas-Vatnshitarar  
11 & 14 lítra



12V Ísskápar 50, 80, 110 og 139 lítra



Gas-Hellur



12V vatnsdæla



Kaffikanna og Vöflujárn  
fyrir Gas



Gas-Helluborð



Gas-Ísskápar 52-173 lítra



Gas-Ofnar

 **SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Gas-Eldavélar



# Frábærar nýjungar frá Pottagöldrum

- með þér í sumar!



FAGFORM  
í 25 ÁR

VIÐ GERUM  
ALLT MERKILEGT




LJÓSAKILTÍ



BÍLAMERKINGAR



UMFERDAMERKI



LÍMMIDAR



FRÆSINGAR

[www.fagform.is](http://www.fagform.is)

[fagform@fagform.is](mailto:fagform@fagform.is)

s. 482-3266

Pottagaldrar hafa verið frumkvöðlar í kryddum á Íslandi í yfir 30 ár og halda þeirri vegferð áfram. Við höfum boðið uppá krydd frá öllum heimshornum, enda þekkt fyrir að vera eldhús „allra landa“.

**Steikargaldur** er æðisleg blanda sem inniheldur íslenskt flögusalt, svartan grófan pipar, hvítlauk, laukduft og steinselju. Hún er sérhönnuð fyrir nautasteikina, en þykir einnig góð á allt kjöt og grænmeti. Hún er talin vera í fullkomnu jafnvægi þar sem ekkert bragð yfirgnæfir annað og leyfir kjötinu að njóta sín til fulls. Kryddblandan er fullkomin fyrir grillið í sumar!

**Sesamgaldur** er nýleg kryddblanda sem hefur notið gríðarlega mikilla vinsælda frá því að hún kom á markaðinn um áramótin. Blandan er bráðholl, enda full af fræjum. Hægt er að nota hana á ýmsan hátt, svo sem á beyglur, avocado, egg, í bakstur o.s.frv. Hún er tilvalin sem nýja borðkryddið þitt!

**Rótargrænmetið** er dásamleg kryddblanda með suðrænu ívafi. Hún inniheldur lauk, hvítlauk, rósmaín, þurrkaða tómata, steinselju, timian, svartan pipar og lárviðarlauf. Blandan er ómissandi á allt grænmeti, ofnsteikt eða á grillið, en hún hentar einnig í alla ítalska matargerð.

Sjá frekar á [pottagaldrar.is](http://pottagaldrar.is) eða Facebook síðu Pottagaldra.







# Grillum íslenskan kalkúna í sumari!

FRÁ FJÖLSKYLDUNNI Á REYKJABÚNUNU



KALKÚNN FRÁ ÍSFUGLI ER  
REKJANLEGUR TIL BÓNDA



ÍSFUGL



Uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á [isfugl.is](http://isfugl.is)



ÍSFUGL



# Úrvalshjól frá Hvelli



■ Hvellur hefur lengi verið brautryðjandi á sölu á reiðhjólum fyrir alla fjölskylduna svo og keppnisfólk.

„Hvellur er með mikið úrval reiðhjóna frá viðurkenndum framleiðendum eins og Fuji, m.a. gravelhjól, hybridhjól, freestyle, fat bike, fjallahjól, hlaupahjól og samanbrjótanleg hjól svo eitthvað sé nefnt. Þá erum við með mikið úrval aukahluta og veitum góða og snögga viðgerðarþjónustu ef eitthvað kemur upp á,“ segir Guðmundur Tómasson, framkvæmdastjóri og eigandi Hvells í Kópavogi í spjalli við Ævintýralandið.

## Alhliða hjól

Hvellur hefur lengi verið brautryðjandi á sölu á reiðhjólum fyrir alla fjölskylduna svo og keppnisfólk. Hvellur hóf innflutning á Fuji reiðhjólum árið 2006 en það er upprunalega japanskt merki sem hóf fjöldaframleiðslu á reiðhjólum fyrir almenning árið 1899. Í dag er Fuji einn af fremstu hjólaframleiðendum í Bandaríkjunum og er leiðandi í hönnun keppnisreiðhjóna. Frá Fuji koma einnig flott freestyle hjól frá SE Bike og vönduð götuhjól frá Breezer.

„Það eru alltaf tiskusveiflur í vali á reiðhjólum. Nú er t.d. mikil eftirspurn hjá okkur eftir alhliða ferðahjólunum frá Fuji í Gravel stíl en þau eru með bognu stýri og ákaflega sterk og létt, Fuji Gravel hjólin hafa hlotið lof og fjölda viðurkenninga. Þá bjóðum við einnig Tra-



■ Guðmundur Tómasson, framkvæmdastjóri og eigandi Hvells í Kópavogi.

verse hybrid hjólin frá þessum sama framleiðanda, en það eru afar vinsæl götu- og fjallahjól fyrir alhliða hjólamennsku. Einnig vil ég nefna samanbrjótanleg hjól sem kallast Fuji Origami 1.1 svo og mjög vinsæl barnahjól í ýmsum gerðum frá RoyalBaby. Fyrsta sending af RoyalBaby barnahjólum er væntanleg í lok júní n.k. Þau bjóðast í stærðum frá 12-20 tommur, með og án gíra og í ýmsum litum.“

## Öruggir hjálmar frá Ked

Hvellur er með umboð fyrir Falko hjóla-standa, sem hægt er að útfæra á marga vegu, sérstaklega fyrir stærri

hjólageymslur t.d. hjá stofnunum, fyrirtækjum og í fjölbylishúsum. Hvellur hefur einnig lengi boðið reiðhjólahjálma frá þýska framleiðandanum Ked. „Þetta eru án efa öruggustu hjálmar sem til eru og geta ráðið úrslitum ef slys ber að höndum. Í Hvelli reynum við alltaf að vera með gott úrval af þeim hjólum og aukahlutum sem mest eftirspurn er eftir. Við búum yfir langri reynslu og dýrmætri þekkingu á umönnun reiðhjóna og erum fagmenn alla leið,“ segir Guðmundur í Hvelli á Smiðjuveginum að síðustu.

hvellur.is





# Hvern vilt þú dekka?

Ekki gera málamiðlanir þegar kemur að öryggi

- veldu Goodyear

KLETTUR



**GOODYEAR**

MADE TO FEEL GOOD.



## Seyðisfjörður - menning, saga og gestrisni

Litrík, norskættuð timburhúsin frá fyrstu áratugum 20. aldar gera Seyðisfjörð einstakan meðal bæja á Íslandi. Lista- og menningarstarfsemi er blómleg í bænum, sérstaklega yfir sumartímenn. Seyðisfjörð er gaman heim að sækja enda kaupstaðurinn rómaður fyrir afslappað andrúmsloft, úrval menningarviðburða, fjölbreytt samfélag og einstaka náttúrufergurð.

### Miðstöð myndlistarinnar

Skaftfell, miðstöð myndlistar, stendur fyrir sýningum árið um kring og þar er m.a. að finna verk eftir hinn kunna



■ Í Skaftelli er öflugt sýningarhald og gestavinnustofur fyrir listamenn.



■ Seyðfirðingar eiga sér bláa kirkju og sannkallað Regnbogastræti.

### Frábært jaldsvæði

Tjaldstæðin á Seyðisfirði voru fyrir skömmu endurnýjuð en þau er að finna í hjarta bæjarins. Þar er vel tekið á móti ferðalöngum hvort heldur þeir eru með tjald, húsbíla, hjólhýsi eða annars konar þak yfir höfuðið meðferðis.

Tjaldsvæðið á Seyðisfirði er rómað fyrir góða þjónustu og hlýlegt umhverfi. Á svæðinu er þjónustuhús með eldunaraðstöðu fyrir gesti og setustofa. Þar eru einnig sturtur, salerni, þvottavél, þurrkari, borðsalur, frír aðgangur að interneti, útigrill og öll aðstaða fyrir húsbíla, s.s. aðgangur að rafmagni og hreinsiaðstaða fyrir salerni þeirra.

listamann Dieter Roth er dvaldi löngum á Seyðisfirði en hann lést 1998. Í Skaftelli er öflugt sýningarhald, gestavinnustofur fyrir listamenn og kaffistofa bistró með góðu bókasafni um myndlist. Skaftfell stendur fyrir fjölbreyttu fræðslustarfi, jafnt á fjórðungs vísu og á alþjólegum grundvelli.

### Hjartað enn á sínum stað

Um miðjan dag þann 18 desember 2020 féll stærsta aurskríða sem fallið hefur í þéttbýli á Íslandi í kjölfar forðæmalausrar rigningatiðar á þessum árstíma. Tæknimínjasafn Austurlands

er eitt þeirra fyrirtækja sem varð fyrir miklu tjóni, en hús og munir sópuðust með skriðunni í sjóinn. Mikið af munum tókst þó að bjarga og endurreisn er hafin. Skriðan náði yfir stórt svæði, hreinsun er lokið og uppbygging hafin. Samstaða íbúa og bjartsýni þrátt fyrir skakkaföllin eru áberandi.

Hjarta Seyðisfjarðar er enn á sínum stað, náttúran skartar sínu fegursta og sárin eru byrjuð að gróa nú þegar. Við bjóðum alla velkomna til Seyðisfjarðar þar sem listin og menningin blómstrar!

[vistiseydisfjordur.is](http://vistiseydisfjordur.is)

## Egginn í Gleðivík

Við höfnina á Djúpavogi er útilistaverkið „Egginn í Gleðivík“ en það var vígt árið 2009. Um er að ræða 34 fuglasegg sem eru eftirmyndir íslenskra varpfugla á svæðinu og þannig geta þeir sem skoða listaverkið séð hversu skemmtileg fjölbreytni er í formi eggjanna en hugmyndin að baki verkinu er sótt í fjölskrúðugt fuglalíf á svæðinu. Höfundur listaverksins er þjóðþekkti listamaðurinn Sigurður Guðmundsson.

Eitt eggjð er áberandi stærra en önnur en það er egg lómsins sem er einkennisfugl svæðisins. Egginn standa hvert um sig á steypum stöpli og er merki við hvert og eitt um hvaða fugla tegund er að ræða.



■ Alls eru 34 egg í útilistaverkinu í Gleðivík á Djúpavogi. Hér er egg skúmsins í forgrunni.

[mulathing.is](http://mulathing.is)



Fljótandi laugar  
í falletgri austfirskri náttúru  
5 mínútur  
frá Egilsstöðum



Vök Baths við Urriðavatn  
5 km norður frá Egilsstöðum



[www.vok-baths.is](http://www.vok-baths.is)





## Gagnmerkt steinasafn á Stöðvarfirði

Stöðvarfjörður liggur milli Fáskrúðsfjarðar og Breiðdalsvíkur. Fjörðurinn er grunnur og er undirlendi takmarkað að sunnanverðu. Inn af firðinum skerast Jafnadalur og Stöðvardalur. Um Stöðvardal fellur samnefnd á út í fjörð og myndar svonefnda Öldu við sjóinn. Kaupúnið hét áður Stöð og er einstaklega snyrtilegt þorp. Stöðfirðingar hafa viðurværi sitt af sjávarútleið en þar þrífst einnig blómlegur listiðnaður og ferðapjónusta.

Á Stöðvarfirði er að finna Steinasafn Petru en Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir hafði áhuga á fallegum steinum alla ævi og byrjaði að safna þeim fyrir alvöru 1946. Steinarnir í safninu eru langflestir úr Stöðvarfirði og annars staðar af Austurlandi. Það fer ekki fram hjá neinum sem sækir safnið heim að Petra var afkastamikill steinasafnari. Petra safnaði einnig merktum pennum, bollum og fleiri smáhlutum auk þess sem hún hefur safnað hverskonar nátt-



■ Petra María Sveinsdóttir hafði áhuga á fallegum steinum alla ævi og byrjaði að safna þeim fyrir alvöru 1946.

úrgrípum svo sem eggjum, skeljum og kuðungum í marga áratugi.

Á Kaffi Sunnó við steinasafnið gefst gestum kostur á að kaupa sér matarmiklar súpur og brauð, heita og kalda

drykki og gómsætt bakkelsi. Kaffi Sunnó er opið frá júní og fram í september.

[steinapetra.is](http://steinapetra.is)

## Þerribjarg - litríkt og seiddandi

Þerribjarg er á Skaganum milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa. Klettarnir eru einhverjir litríkustu sjávarklettar á Íslandi. Gulir, appelsínugulir og svartir, skriða þeir fram af heiðinni ofan í grænbláan sjóinn.

Til að komast í færi við Þerribjarg þarf nokkuð að leggja á sig. Ekið er frá Hellisheiði eystri og þaðan eftir vegslóða (ekki fólksbilar) að Kattárdalsdrögum og bílum lagt við skilti sem þar er. Stíkuð leið er frá skiltinu fram á brún beint ofan við Múlahöfn. Kinda-



■ Þerribjarg er ein af Perlum Fljótsdalshéraðs.

gata er einnig frá brún niður um 400 m brattan skriðuhrygg. Höfnin er umgirt bríkum og dröngum á tvo vegu. Hún var gerð að löggjiltri verslunarhöfn 1890 þótt aðeins hafi þaðan verið skipað upp einu sinni. En það er önnur saga.

Frá Múlahöfn er gengið í norður og þar blasir við Þerribjarg og Langisandur, 700 m löng fjara með ljósri möl. Gönguleiðin er um 11 km fram og til baka og víða ekki fyrir lofthrædda. Mælt er með leiðsögumanni.





**Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna**

# Á fætur í Fjarðabyggð 19.-26. júní 2021

**Drífdu þig á fætur  
og taktu þátt í frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna**

Ný fimm fjöll, göngugarpar, fjölskylduferðir, fjöruferðir, söguferðir, kvöldvökur, sjóræningjapartý, náttúruskóli fyrir yngstu börnin og margt fleira ævintýralega skemmtilegt.

Nánar á [visitfjardabyggd.is](http://visitfjardabyggd.is)

ISLENSKA SJALS FJA 61937





## Stuðlagil - eitt djásna Austurlands

Það kemur ekki á óvart að Stuðlagil í Jökulsá á Dal var einn af vinsælustu áfangastöðum gesta sem ferðuðust um landið sumarið 2020. Þetta gil var lengi lítt kunnugt almenningi en varð sýnilegra þegar Kárahnjúkavirkjun var gangsett. Áberandi grænblá bergvatnsá streymir núna hægt á milli stórfenglegra stuðlabergshamra og flokkast þessi náttúrusmið í dag til helstu djásna landsins.

Til að komast að Stuðlagili er beygt af Þjóðvegi 1 rétt innan við Skjöldólfsstaði í Jökuldal, inn á veg númer 923. Annars vegar er hægt að keyra að bænum Grund en þar eru bílastæði, salerni og örugg aðkoma að giliinu með stigum og pöllum. Þar er gott útsýni niður í gilið og út eftir því. Til þess að fara ofan í gilið, þarf að fara að því austan megin. Þá er beygt út af veginum við Hákonarstaði niður að Klausturseli. Ekki má aka yfir brúna sem liggur yfir Jökulsána heldur þarf að leggja á bílastæðinu vestan megin við hana. Þaðan er gengið eftir slóða að Stuðlagili.



■ Stuðlagil hefur slegið í gegn á síðustu árum. Ljósmynd: Guðmundur Þorsteinsson.

## Stríðsárin á Reyðarfirði

Nú, þegar 81 ár er liðið frá því breskur her steig á land þann 10. maí 1940 er upplagt að kíkja við á Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði og fanga andblæ liðins tíma við sögulegar aðstæður. Sýningar safnsins gera hernámstímanum og eftirstríðsárunum afar góð skil, bæði út frá sjónarhóli hins almenna hermanna í setuliði bandamanna og íbúa Reyðarfjarðar.

Safnið er staðsett við bragga sem voru hluti af stórum spítalakampi. Sjá má líkan af kampnum ásamt aðstöðu óbreyttra hermanna og yfirmanna. Fjöldi upprunalegra muna glæða safnið lífi og veita óvenjulega innsýn í þessa löngu liðnu tíma, þá ógn sem stöðugt vofði yfir en einnig hversdagslegar aðstæður og tískustrauma.

Safnið er opið alla daga kl. 13:00-17:00 (júní-ágúst) eða eftir samkomulagi á öðrum árstímum.



■ Á stríðsárasafninu er stundum marserað í góðu veðri. Það setur svip á bæinn.









■ Stjórtæki skipa og báta frá fyrri tíð.



■ Eftirlíking að eldsmiðju Hinriks, föður Jósafats Hinrikssonar, er í safninu.

## Einstakt Safnahús í Neskaupstað

Í Safnahúsinu í Neskaupstað eru þrjú ólík söfn og sýningar undir sama þaki. Í húsinu er Náttúrugripasafn sem stofnað var árið 1965 en fyrsta sýning þess var sett upp árið 1970 í gagnfræðaskóla bæjarins. Á safninu má sjá flesta íslensku fuglana, auk fjölda flækinga svo og sérstætt fiskasafn með sjaldséðum fiskum, safn skeldýra, steina, skordýra og safn austfirskra plantna. Ýmis villt spendýr má líka sjá á safninu.

### Sjóminjar og myndlist

Í Safnahúsinu í Neskaupstað er einnig sérstakt Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar sem ólst upp á Norðfirði og varð þjóðþekktur fyrir rekstur vélsmiðju sinnar og smíði á búnaði tengdum sjávarútvegi. Á safninu eru áhugaverðir hlutir sem tengjast sjávarútvegi, bátasmíði, járn- og eldsmíði og einnig gömlum atvinnuháttum á Íslandi. Erfingjar Jósafats afhentu Fjarðabyggð safnið árið 2000 og var það opnað í Neskaupstað tveimur árum síðar.

Þriðja safnið í Safnahúsinu er svo

myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar sem fæddur var árið 1940 á Norðfirði. Hann stundaði nám við Myndlista- og handfæðaskóla Íslands 1960-1961 og við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn 1961-1966. Tryggvi er meðal þekktustu myndlistarmanna Íslendinga á síðari árum. Hann lést árið 2019.

fjardabyggd.is

## Brot af því besta á Austurlandi

**Fáskrúðsfjörður** er stundum kallaður „franski bærin“. Frakkar reistu þar spítala, kapellu og skammt frá bænum er að finna kirkjugarð franskra sjómanna. Kaupúnið Búðir býr að mörgum fallegum gömlum húsum og snyrtilegu umhverfi.

**Hafnarhólminn** er við smábátahöfnina í Borgarfirði eystri en það er svæði sem hentar sérdeilis vel til fuglaskoðunar. Heimamenn hafa gert Hafnarhólmann vel úr garði og eru upplýsingar til reiðu um þá fugla sem sjá má. Hvergi á Íslandi er eins auðvelt að komast í návígi við lunda.

**Papey** var eina eyjan sem byggð var úti fyrir Austurfjörðum. Nafn sitt dregur hún af keltneskum eða írskum einsetumönnum sem héldu þar til áður en land byggðist. Eyjan er gósenland fugla og menningminjar víða. Þar er að finna elstu timburkirkju landsins.

**Snæfell** (1833 m) er hæsta fjall Íslands utan jökla. Snæfell er fremur auðvelt uppgöngu, en þó ekki fyrir óvana. Er þá lagt af stað skammt sunnan við Snæfells-skála, sem er undir vesturhlíð Snæfells, eða frá Sandfelli að norðanverðu.

**Rauðubjörg** eru falleg líparítbjörg á Barðsnesi við Norðfjarðaflóa. Norðfirðingar hafa löngum haft við orð að glampi sólin á Rauðubjörg að kvöldi viti það á gott veður næsta dag.

**Gerpír** er austasti höfði landsins, snarbrattur og hömróttur sjávarmegin, 661 m hár. Gerpissvæðið er sannkölluð paradís fyrir göngufólk. Hefur Ferðafélag Fjarðamanna gefið út göngukort af svæðinu en það fæst í upplýsingamiðstöðvum og verslunum víða í Fjarðabyggð.

east.is



# Gullhringurinn á Fljótsdalshéraði



■ Horft yfir Lagarfljót og Hallormsstaðaskóg frá upplýsingaskiltinu við Kífá.



■ Menningar- og fræðslusetrið Skriðuklaustur. Skylduheimsókn þegar gullhringurinn á svæðinu er farinn.

„Ég mæli eindregið með Fljótsdalshringnum og þá er ómissandi að hafa viðkomu í Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri. Möguleikarnir í skoðunarferðum og útivist eru líka margir þegar farið er upp úr Fljótsdal og fá þannig að kynnast broti af því sem hálendið og Vatnajökulsþjóðgarður hefur að bjóða. Ég hvet Íslendinga sem ætla að ferðast um landið í sumar eindregið til að koma og njóta þess sem við höfum að bjóða hér á svæðinu,“ segir Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Agnes Brá segir að á hringferð um Fljótsdal sé tilvalið að heimsækja bændurna í Vallanesi, en þar er lífræn ræktun á korni og grænmeti og framleiðsla tilbúinna matvæla. Verslun er í Vallanesi og gistiþjónusta. Heimsókn í Hallormsstaðaskóg er einnig ómissandi en þar er fjöldi gönguleiða, tjaldstæði í Atlavík, trjásafn og margt fleira við að vera. Ganga að Hengifossi er einnig tilvalinn hluti þessa hring og boðið upp á fræðslugöngur með leiðsögn alla daga frá 22. júní til 14. ágúst kl. 10:00.

## Sýningar og veitingar á Skriðuklaustri

Litlu innar í Fljótsdal er Snæfellsstofa sem er ein af gestastofum Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem kjörið er að fá á einum stað yfirlit um gróður, dýralíf og náttúrufar svæðisins. Þekktast er Skriðuklaustur vegna húss rithöfundarins Gunnars Gunnarssonar, sem hann byggði þar árið 1939. Bygging hússins var stórvirki þess tíma og þar rekur nú Stofnun Gunnars Gunnarssonar menningar- og fræðasetur þar sem m.a. er



■ Fjalladrottningin Snæfell, hæsta fjall Íslands utan jökla. Það er vel þess virði að gefa sér tíma til að ganga á fjallið og njóta útsýnisins yfir hálendið.

Mynd: Vatnajökulsþjóðgarður

sýning um Gunnar Gunnarsson og sýning um fornleifauppgröft á Skriðuklaustri á árunum 2002-2012 þegar grafnar voru upp rústir Ágústínusarklausturs sem starfaði frá 1493 til síðaskipta 1550. Skriðuklaustur var síðasta klaustrið sem stofnað var í kaþólskum sið og hið eina á Austurlandi. Lítið galleri er einnig í húsinu og síðast en ekki síst kaffihúsið Klausturkaffi þar sem lögð er áhersla á hráefni úr héraði.

## Austanvert hálendið heillandi

Innar í Fljótsdal er Óbyggðasetrið þar sem m.a. er sýning um líf í óbyggðum og við jaðar þeirra og upphaf gönguleiða inn á hálendið. En það er einmitt nálægðin við hálendið og möguleikarnir þar sem gerir svæðið heillandi. Agnes Brá vekur athygli á að hægt er að fara á öllum bílum upp úr Fljótsdal og að nýjum fjallaskála í Laugafelli þar sem eru náttúrulaugar, merktar gönguleiðir og gisti- og veitingaþjónusta og að Háslóni þar sem eru fræðsluskilti og fleira um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

„Á heimasíðu þjóðgarðsins má sækja gönguleiðakort af Snæfellsöræfum og auðvelt að finna áhugaverðar og skemmtilegar fjölskyldugönguleiðir. Það er hægt að keyra allveg inn að jökli á smærri jeppum og þar er fræðslugangan „Í faðmi jökla“, ganga á Snæfell sem er hæsta fjalla Íslands utan jökla og einstakt útsýni þaðan yfir austanvert hálendið. Austan í Snæfelli eru skemmtileg stutt gönguleið að Sótavistum, „leiði tröllkarlsins Sóta“. Í Snæfells-skála eru landverðir með upplýsingagjöf og daglegar fræðslugöngur. Gisting og þjónusta er í boði í Snæfells-skála og loks er vert að benda fólki á að keyra niður í Efri-Jökuldal til baka ef farið er á Egilsstaði og líta þá við í hinu fræga Stuðlagili og klára daginn í góðu baði í dásamlegu VÖK í Urriðavatni. Þetta er okkar gulli hringur hér fyrir austan,“ segir Agnes Brá.


[vatnjokulsthjodgardur.is](http://vatnjokulsthjodgardur.is)



## Fljótsdalshérað fyrir göngufólkid

**Þau fjölmörgu sem fara í styttri gönguferðir á ferðalögum sínum um landið hafa úr miklu að velja á Fljótsdalshéraði og auðvelt er að nálgast upplýsingar um góðar gönguleiðir. Þannig eru aðgengilegir ítarlegir bæklingar á heimasíðum bæði Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Hallormsstaðaskógar, sem og á upplýsingasíðu svæðisins fyrir ferðamenn, [visitegilsstadir.is](http://visitegilsstadir.is)**

Gönguleiðabæklingur Ferðafélags Fljótsdalshéraðs heitir Perlur Fljótsdalshéraðs og eru þar upplýsingar um 30 sérvaldar gönguleiðir í sveitarfélögum Fljótsdalshreppi og Múlaþingi. Það sem fyrir augu ber á þessum leiðum er fjölbreytt, allt frá sjávarsíðunni til innsta dala og upp á hálandið. Til að mynda er í bæklingum að finna gönguleiðina á fjallið Snæfell, hið tignarlega einkennisfjall svæðisins.



Hallormsstaðaskógur er stærstur skóga á Íslandi og á gönguleiðakorti Skógræktarinnar eru 11 gönguleiðir, allt frá 200 metrum upp í 7 kílómetra að lengd. Gönguleiðirnar eru um leið fróðleiksmiðlun um sögu skógarins og þá starfsemi og þjónustu sem þar er.

[visitegilsstadir.is](http://visitegilsstadir.is)

■ Rafrænn upplýsingabæklingur með gönguleiðum á Fljótsdalshéraði og í Fljótshreppi. Ferðamenn geta auðveldlega hlaðið honum niður í síma sína þegar komið er á svæðið.

## Breiðdalsvík - vert að heimsækja

Á Breiðdalsvík er góð aðstaða fyrir ferðafólk. Tjaldstæði er í miðju þorpinu, þar sem fyrir hendi er góð leikaðstaða fyrir börn. Við íþróttahúsið er barnvæn útilaug, þar sem auk þess er góð líkamsræktaraðstaða.

### Breiðdalssetur í gömlu kaupfélagshúsi

Breiðdalssetur er í Gamla kaupfélaginu, sem er elsta húsið í þorpinu. Þar er m.a. hægt að fræðast um jarðfærði Austurlands og rannsóknir breska jarðfræðingsins George P. L. Walker á hinum austfirsku jarðlagastafla. Jafnframt er þar að finna upplýsingar um breiðdælinginn Stefán Einarsson og rannsóknir hans málvísindum, bókmenntum og örnefnum. En í grunninn er húsið menningarhús Breiðdælinga, þar sem áhersla er lögð á tímabundnar sýningar og viðburði.

### Gönguleiðir og merkir staðir

Í Breiðdal er undirlendi mikið og margt áhugavert að sjá. Hægt er að finna fjöl-



■ Breiðdalssetur er í Gamla kaupfélaginu, elsta húsi Breiðdalsvíkur.

breyttar gönguleiðir auk þess sem fjaran hefur alltaf aðdráttarafl. Beljandi er án efa með mikilfenglegri fossum í Breiðdalnum. Fossinn myndast neðarlega í Breiðdalsánni rétt fyrir neðan bæinn Brekkuborg og sómir sér vel í ánni

sem talin er ein fallestasta laxveiðiá landsins. Stuttur spölur er frá veginum að fossinum en vel þess virði að skoða.

[breiddalur.is](http://breiddalur.is)





■ Bygging og laugasvæði Vök Baths fellur mjög vel að umhverfinu. Böðin eru í aðeins fimm mínútna fjarlægð frá Egilsstöðum.

## Vök Baths - unaðsstaður í Urriðavatni

Vök Baths eru heitar náttúruleugar í Urriðavatni skammt frá Egilsstöðum en þær sem opnuðu sl. sumar. Laugarnar vöktu strax mikla lukku ferðamanna, bæði erlendra en ekki síður innlendra. Að sögn Aðalheiðar Óskar Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra dregur staðurinn nafn sitt af vökum sem mynduðust á árum áður í Urriðavatni að vetri og gengu þær undir nafninu Tuskuvakir. Þær sýndu að jarðhiti væri undir botni vatnsins.

### Allt byggt á heita vatninu

„Það má segja að undirstaða þessa verkefnis sé hreina heita vatnið af botni Urriðavatns. Það er afar heilnæmt og eina vottaða heita vatnið til drykkjar hér á landi. Hægt er að bragða á því á te-barnum en aðgangur að honum er innifalinn í aðgangseyri. Laugarsvæðið er tæpir 500 fermetrar, þ.e. tvær laugar við strönd vatnsins og tvær fljótandi heitar laugar, svokallaðar Vakir úti í Urriðavatninu. Auk heitu vakanna erum við hér með gufubað, köld úðagöng, laugarbar og veitingaaðstöðu þar sem áhersla er lögð á heita vatnið og frábært hráefni svæðisins. Sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu er okkur ofarlega í huga og viljum við að það endurspeglit í allri starfsemi Vök Baths.“

### Veitingar af fjölbreyttu tagi

Þeir sem bregða sér í frábæra aðstöðu Vök Baths þurfa svo sannarlega ekki að fara svangir að lokinni heilsudvöl þar. Á




■ Það er unaðslegt að hvíla í heitum laugum Vök Baths.



■ Frábært er að fá sér hressingu á veitingastöðum Vök Baths.

veitingastaðnum Vök Bistro er boðið upp á súpur, þeytinga, fersk salöt og fjölbreytt úrval af heimabökuðu brauði. Áhersla er lögð á hráefni úr heimabyggð og er leitast við að kaupa inn lífrænt eins og kostur er. Gott samstarf er við austfirsku bændur til að tryggja ferskt og fyrsta flokks hráefni.

„Á Tebarnum bjóðum við upp á úrval af lífrænum jurtadrykkjum sem gestir brugga sér sjálfir. Þar eru á boðstólum íslenskar handtíndar jurtir sem blandað



■ Tvær laugar eru við strönd Urriðavatns og tvær fljótandi heitar laugar, svokallaðar Vakir, úti í vatninu sjálfu.

er í 75 gráðu heitt og kristaltært vatn beint úr borholum Urriðavatns. Við bjóðum einnig upp á kælda jurtadrykki ef gestir vilja frískandi drykk eftir slökun í heitu laugunum. Þessi drykkur er innifalinn í aðgangsmiða gesta. Einnig er boðið upp á sérstaka bjóra sem bruggaðir eru úr heita vatninu en þeir nefnast Vökvi og Vaka.“

.....  
[vokbaths.is](http://vokbaths.is)  
 .....





■ Halldóra Björk Heiðarsdóttir í Ullarkistunni: „Góður ullarfatnaður er alltaf gulls ígildi og hann bjóðum við í miklu úrvali hjá verslunum Ullarkistunnar í Skeifunni 3b í Reykjavík og á Glerártorgi á Akureyri en auk þess í netverslun.“

## Ullarfatnaður fyrir ævintýri sumarsins

„Við finnum fyrir vaxandi áhuga fólks á útivist hvort sem er að sumri eða vetri. Um leið er mikil áhersla á góðan fatnað og þar kemur ullin sem við erum með frá Janus og Safa sterkt inn. Góður ullarfatnaður er alltaf gulls ígildi og hann bjóðum við í miklu úrvali hjá verslunum Ullarkistunnar í Skeifunni 3b í Reykjavík og á Glerártorgi á Akureyri en auk þess í netverslun verslunarinnar,“ segir Halldóra Björk Heiðarsdóttir en hún rekur Ullarkistuna ásamt fjölskyldu sinni.

„Sjálfsagt hefur Covid valdið því að fólk hefur haft meiri tíma til að stunda útivist og svo koma margir til okkar í búðina hér í Skeifunni til að ná sér í hlýjan undirfatnað áður en þeir fara á gosstöðvarnar á Reykjanesi,“ segir Halldóra enn fremur.

### Frábær Merinoull

Það er engin tilviljun að útivistarfólk velur fatnaðinn frá Janus sem er úr Merinoull en eiginleikar fatnaðarins gera að verkum að hann er tilvalinn bæði í útivistina, fyrir iðnaðarmanninn í úti-vinnuna eða sem innanundir hefðbundinn klæðnaður hversdags. Merinoullin hentar bæði þegar kalt er í veðri og hlýtt. Fötin eru einstaklega létt og hlý en hleypa rakanum frá líkamanum vel í gegn, verða ekki þvöl ef þau blotna og þorna hratt.

breyttan fatnað og alls kyns aukahluti, t.d. sokka, kruga, eyrnabönd, húfur, hanska, fingravettlinga og þannig mætti telja. Með sama hætti er margt í boði frá Safa fyrir bæði kyn og allan aldur, t.d. fatnaður blandaður ull og tencel, sokkar og sokkabuxur fyrir dömur og bolir, ullarbuxur og sokkar fyrir herrana. Janus er einnig með vörur fyrir þau allra minnstu, t.d. samfellur og heilgalla og til að auðvelda fólki valið bjóðum við upp á sérstaka gjafakassa með fatnaði fyrir ungvíðið. Það hefur verið mjög vinsælt og eru kassarnir bæði í netverslun og búðunum okkar í Skeifunni og á Akureyri. Einnig leggjum við áherslu á hraða afgreiðslu í netversluninni en vörur eru nú sendar út samdægurs á höfuðborgarsvæðinu ef pantað er fyrir hádegi.“

[ullarkistan.is](http://ullarkistan.is)



### Netverslunin vinsæl

„Í fatalínunum frá Janus má finna fjöl-





INSPIRED BY YOU.

MORE  SUSTAINABLE

**THE ORIGINAL**  
MULTIFUNCTIONAL HEADWEAR  
MADE FROM  
2 RECYCLED BOTTLES



BUFF® is a registered trademark property of Original Buff, S.A. (Spain)

BUFF® FÆST Í ÖLLUM BETRI ÚTIVISTARVERSLUNUM LANDSINS





■ Byggðasafn Árnesinga er í hinu sögufræga Húsi á Eyrarbakka.



■ Fjöldi skemmtilegra viðburða og hátíða eru allt árið um kring í Árborg

## Árborg í alfaraleið

Sveitarfélagið Árborg er í alfaraleið en það varð til við samruna Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Sandvíkurhrepps árið 1998. Þeir ferðamenn sem vilja njóta alls þess sem Árborg hefur upp á að bjóða í sumar ættu að byrja á því að kíkja við á upplýsingamiðstöðinni í bókasafninu við Austurveg 2 og fá þar upplýsingar og ráðgjöf. Við getum líka bent á nokkra góða möguleika til að njóta dvalarinnar á Árborgarsvæðinu.

### Söfn, sund, snæðingur

Í Árborg er að finna spennandi söfn við flestra hæfi. Byggðasafn Árnesinga og Konubókastofa á Eyrarbakka verða opin í sumar fyrir gesti og þar er auðvelt að gleyma sér dagstund, njóta þess liðna og fletta góðum bókum. Á Stokkseyri er hægt að skoða Veiðisafnið og heim-sækja Draugasetrið eða skella sér á kayak um vatnasvæðin vestan Stokkseyrar og út á sjó. Þá er upplagt að taka hús á BrimRóti sem er vinnustofa og menningarhús nokkurra frumkvöðla með mismunandi verkefni.

Selfyssingar bjóða upp á allhiða sundlaug með rennibrautum og heitum pottum og á Stokkseyri er að finna litla sveitalaug þar sem ferðalangurinn getur fengið kaffibolla út í heita pottinn. Þá má einnig finna fjölmarga góða veitingastaði í byggðakjörnum þremur þar sem ýmist er boðið upp á framandi rétti eða klassískan íslenskan mat úr gæðahræfni sunnlenskra bænda og sjávarfangi.



■ Tilvalið er að skella sér í sund í frábærri laug sem staðsett er á Selfossi.



■ Gnótt góðra veitingastaða er að finna í byggðakjörnum Árborgar.



■ Knarraóssviti við Stokkseyri er 26 m hár, falletgur og rammbýggður.

### Fuglar og fríðsældin ein

Fyrir þá sem vilja njóta útivistar eru möguleikarnir óteljandi í Árborg. Sérstaklega má nefna strandlengjuna við Eyrarbakka og Stokkseyri og fjörustíginn milli þorpanna en þar er skemmtilegt að ganga meðfram sjóvarnargarðinum. Þá má minna á Knarraósvita við Stokkseyri sem verður opin fyrir gesti alla virka daga frá 14. júní til 6. ágúst

milli kl. 13 og 17. Vitinn býður upp á óborganlegt útsýni. Loks er ferðalöngum bent á að fara í Hellisskóg sem er í útjaðri Selfoss þar sem hægt er að ganga með fjölskylduna meðfram Ölfusá og í skóginum. Þar ríkir fríðsældin ein.

[arborg.is](http://arborg.is)





## Sundhöll Selfoss

Tryggvagata 15, Selfossi  
Sími: 480 1960

### OPNUNARTÍMI:

Virka daga frá 06:30 til 21:30  
Helgar 09:00 til 19:00

# Komdu í sund á Selfossi og á Stokkseyri



**Tilboð**  
handklæði,  
sundföt  
og sund  
1.700 kr.



## Sundlaug Stokkseyran

Stjörnusteinum 1a, Stokkseyri  
Sími: 480 3260

### OPNUNARTÍMI:

Vetraropnun: miðjan ágúst–31. maí  
Mánudaga–föstudaga 16:30 til 20:30  
Laugardaga 10:00 til 15:00  
Sunnudaga lokað

• Sumaropnun: 1. júní–miðjan ágúst  
• Mánudaga–föstudaga 13:00 til 21:00  
• Laugardaga–sunnudaga 10:00 til 17:00

## Gjaldskrá

Fullorðnir (18–66 ára)

Stakt skipti: 1.050 kr.

10 skipta kort: 4.300 kr.

30 skipta kort: 8.600 kr.

Árskort: 30.000 kr.

**FRÍTT** fyrir öll börn að 10 ára  
aldri (miðast við 1. júní)

Börn (10–18 ára)

Stakt skipti: 160 kr.\*

10 skipti: 1.200 kr.

30 skipti: 3.400 kr.

\*Börn búsett í Árborg fá gefins árskort.

67 ára og eldri búsettir í Árborg fá frían aðgang,  
200 kr. fyrir 67 ára og eldri búsettir utan Árborgar.  
Öryrkjar fá frían aðgang en verða að framvísa korti.



## Brot af því besta á Suðurlandi

**Kerið** er gamall sprengigígur í Grímsnesi, um 3000 ára gamall, nyrst í hólapyrpingu sem nefnist Tjarnarhólar. Kerið er sporöskjulaga, um 270 m langt og breiðast 170 m. Dýpt gígsins er 55 m.

**Þórsmörk** er einstök náttúruperla norðan Eyjafjallajökuls og vestan Mýrdalsjökuls. Ekki er fært í Þórsmörk nema á stórum jeppum eða rútum og hafa skal í huga að litlar sakleysislegar ár, geta breyst í stórflyót á nokkrum klukkutímum.

**Urriðafoss** er vatnsmesti foss landsins. Lax gengur upp Þjórsá að fossinum og nokkuð upp fyrir hann. Urriðafoss er náttúrudjásn rétt neðan brúarinnar yfir Þjórsá á Þjóðvegi 1.

**Hverasvæðið** í Hveragerði er í miðjum kaupstaðnum og er það eitt af merkilegri náttúruperlum Suðurlands.

**Bláhnúkur** er líparítfjall (943 m y.s.) við Landmannalaugar. Bláhnúkur er litfagur, venjulega með fannarblesu. Talið er að hann hafi orðið til við gos undir jökli.

**Núpsstaðarskógar** eru í landi Núpsstaðar sem er austasti bærinn í Skaftárhreppi og stendur við Lómagnúp. Á Núpsstað standa einkar merkileg gömul bæjarhús sem talin eru dæmigerð fyrir bæi á Íslandi á síðustu öldum.

**Laugarvatn** í Bláskógabyggð hefur verið vagga menntunar á svæðinu allt frá 1928. Fjölbreytt þjónusta er á Laugarvatni og í sveitinni í kring og ýmsir afþreyingarmöguleikar.

**Sælufærðir** eru fjölmargar í boði á Suðurlandi. Fjölbreyttir gisti- og afþreyingarmöguleikar eru í boði fyrir hópinn þinn eða bara fyrir rómantíska ferð fyrir þig og makann.

south.is

## SKÓGASAFN Skógar Museum



*Skógasafn er eitt elsta safn landsins. Þar er að finna byggðasafn, húsasafn og samgöngu- og tækniminjasafn með fjölbreyttar sýningar á um 2.500 m<sup>2</sup>.*



*Í Samgöngusafninu er rakin saga samgangna og tækniþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld.*

**Safnið er opið:**

Júní, júlí og ágúst frá 10:00 – 18:00 // september: 10:00 – 17:00  
október – apríl: 11:00 – 16:00 // maí frá 10:00 – 17:00.

sími 487 8845    [www.skogasafn.is](http://www.skogasafn.is)    Safnavegur 1, 861 Skógar





■ Sýningarhús Eldheima er sérhannað hús yfir það sem eftir er af einbýlishúsi við Gerðisbraut 10 en það fór undir ösku í Heimaeyjargosinu en var grafið upp.

## Einstök upplifun í Eldheimum

Gosminjasýningin Eldheimar í Vestmannaeyjar lýsir á áhrifamikinn hátt sögu Vestmannaeyjagossins árið 1973 og afleiðingum þess. Nær allir íbúar Vestmannaeyja yfirgáfu heimili sín í upphafi gossins en það stóð í fimm mánuði og eyðilagði þriðjung byggðarinnar í Eyjum. Meðan gosið stóð yfir var mikil óvissa um það hvort nokkurn tímann yrði aftur mannabyggð á eyjunni. Þetta var heimsviðburður á sínum tíma og til Íslands flyktust fréttamenn og vísindamenn úr öllum heimshornum.

### Sérhönnuð bygging

Sýningarhús Eldheima er byggt yfir húsið við Gerðisbraut númer 10 sem hvarf undir ösku á sínum tíma en var grafið upp og er í raun miðpunktur sýningarinnar. Því er mikil upplifun fyrir gesti að sjá hvernig umhorfs er í húsi sem grófst í ösku í þessum atburði sem markaði djúp spor í sögu Vestmannaeyja. Gestir safnsins fá hljóðleiðsögn um sýninguna og reynt er á þann hátt að gera upplifun þeirra sem raunverulegasta og að þeir hafi á tilfinningunni að þeir séu staddir á vettvangi atburðanna fyrir tæpum 50 árum.



■ Gestir sýningarinnar fá ríka tilfinningu í myndefni og hljóðleiðsögn fyrir þeim ógnaratburði sem kraftmikið eldgos á Heimaey var á sínum tíma.

### Sérstök sýning um Surtsey

Auk gosminjasýningarinnar er í Eldheimum sýning um Surtseyjargosið árið 1963 en það sóð yfir í tæplega 4 ár. Surtsey er á heimsminjaskrá UNESCO og er hún lokað náttúruverndarsvæði sem gerir vísindamönnum heimsins

kleift að fylgjast með því hvernig nýtt líf og vistkerfi verður til.

Opið er í Eldheimum alla daga kl. 11-17.

[eldheimar.is](http://eldheimar.is)



## Elsta hús landsins á Keldum



■ Bæjarhúsin á Keldum eru af elstu varðveittu formgerð torfhúsa, þar sem framhúsin snúa langhlið að hlaði.

Keldur á Rangárvöllum eru fornt höfðingjasetur en þar bjó Jón Loftsson á sínum elliárum og þar er hann grafinn. Skálinn á Keldum er með stafverki sem er forn grindargerð og af varðveittum húsum stendur hann næst víkingaaldarskálanum í þróun. Skálinn er eina miðaldabyggingin á Íslandi og langelsta hús landsins. Frá bænum liggja jarðgöng að bæjarlæknunum en þau eru talin vera frá söguöld og voru týnd í margar aldir en fundust fyrir tilviljun árið 1932. Bæjarhúsin eru til sýnis á sumrin.

**Heklugos lögðu byggðina í eyði**  
Keldur taka nafn sitt af köldum og tærum uppsprettum sem koma undan Hekluhraunum. Sandfok hefur eytt mjög landi kringum Keldur og hafa bændur þar lengi barist við að bjarga landinu. Áður var gróð land norðan við Keldur en nú eru þar hraun, orpin sandi. Um miðja 19. öld stórkjóst sandfokið sem talið er að hafi byrjað eftir Heklugosið 1511 þegar þykkt vikurlag lagðist yfir landið suður og suðvestur af Heklu. Þá fóru Rangárvellir að blása upp og sú þróun hefur haldið áfram þótt baráttan við sandinn hafi skilað góðum árangri. Á því landi sem nú er gróðurlaust voru áður margar jarðir og hafa allt að 18 bæjarrústir verið taldar í hinu mikla landflæmi sem tilheyrir nú Keldum.

### Einstök heild bæjarhúsa

Keldur er einstök heild bæjar- og útihúsa frá fyrri tíð. Bæjarhúsin eru af



■ Skálinn er eina miðaldabyggingin á Íslandi og langelsta hús landsins.



■ Greinagóðar upplýsingar er að finna fyrir ferðamenn.

elstu varðveittu formgerð torfhúsa, þar sem framhúsin snúa langhlið að hlaði. Þetta svipmót hefur haldist allt frá miðöldum. Kjarni húsanna er frá 19. öld en


víða í þeim má finna eldra timbur, stundum með strikum til skrauts. Ártalið 1641 er skorið á syllu í skálanum. Í mörgum bæjarhúsanna er timburgrindin með fornu smíðalagi, svonefndu stafverki, þar sem láréttar syllur eru felldar í stoðir með sérstökum hætti. Grafin hafa verið upp jarðgöng sem liggja úr skála niður að læk, líklega gerð sem undankomuleið á ófriðartímum 11.-13. aldar.

Þeir sem eiga leið um Suðurland ís-umar ættu að kíkja við á Keldum. Þar er opið alla daga frá 1. júní til 31. ágúst frá kl. 10-17.



# UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLU

Fjölbreytt afþreying fyrir alla fjölskylduna



- Flúðir
- Laugarvatn
- Reykholt
- Borg

- Sólheimar
- Laugarás
- Brautarholt
- Árnes

- Þingvellir
- Geysir
- Gullfoss
- Þjórsárdalur



Bláskógabyggð



Hrunamannahreppur



Grímsnes- og  
Grafningshreppur



Skeiða- og  
Gnúpverjahreppur



## Sund og saga á Hvolsvelli

Það er ekkert sem jafnast á við góða sundspretti í laugum landsins að lokinni gönguferð. Þetta á bæði við um hinar náttúrulegu laugar en einnig þau mannvirki sem víða hafa risið í byggðakjörnum. Sundlaugin á Hvolsvelli er engin undantekning.

Sundlaugin á Hvolsvelli er 25 m útilaug og þar eru m.a. tveir heitir pottar, vaðlaug fyrir börnin, rennibraut, úti- og inniklefar og gufubað. Á íþróttasvæðinu á Hvolsvelli er 9 holu frísbíggvöllur en það er spilað líkt og hefðbundið golf nema með frísbíggvöllum.

Í Sögusetrinu á Hvolsvelli er einstök Njálusýning, þar sem Brennu-Njáls saga er kynnt í máli og myndum. Á sýningunni er fjöldi muna og sýningargripa sem bregða upp lifandi mynd af veröld sögunnar og Íslendingasagna í heild. Þar er auk þess myndlistarsalurinn Gallerí Ormur, Söguskálinn, sem er eftirmynd af langhúsi frá miðöldum, líkan



■ Sundlaugin á Hvolsvelli er eins sú besta á landinu öllu.

af Þingvöllum árið 1000, Kaupfélags- safnið sem segir og sýnir verslunar- sögu Suðurlands, nýi Njálurefillinn, upp- lýsingamiðstöð og minjagripaverslun. Þá eru víkingabúningar í boði fyrir börn

á öllum aldri að klæðast og tilheyrandi vopn til að leika sér að.

[visithvolsvollur.is](http://visithvolsvollur.is)

## Velkomin í Eldheima

### Safn minninganna um eldgos í Vestmannaeyjum




[www.eldheimar.is](http://www.eldheimar.is) - [eldheimar@vestmannaeyjar.is](mailto:eldheimar@vestmannaeyjar.is) - Sími 488 2000





■ Torfbærinn setur mikinn svip á sýningarsvæðið en þar eru saman komin fjós, skemma, baðstofa, hlóðældhús, búr og stofa.



■ Íbúðarhúsið frá Holti á Síðu var fyrsta timburhús í Vestur-Skaftafellssýslu, byggt að öllu úr rekaviði árið 1878.

## Merkt safn að Skógum

Skógasafn er eitt elsta byggðasafn landsins og safnkosturinn samanstendur af meira en 18 þúsund munum, að mestu frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Skógasafn skiptist í raun í þrjú söfn: byggðasafn, húsasafn og samgöngusafn og þar er full ástæða til að staldra við á leið um landið og skoða allt það áhugaverða sem þar er að finna.

### Þórður í Skógum 100 ára

„Á þessu ári varð Þórður Tómasson, fyrrum safnstjóri Skógasafns, 100 ára. Þórður fæddist að Vallnatúni undir Eyjafjöllum 28. apríl 1921 og var ráðinn sem safnvörður Byggðasafnsins og kennari við Skógaskóla árið 1959. Síðan þá hefur Þórður komið að uppbyggingu safnsins í Skógum og safnað fjölda gripa úr sunnlenskum sveitum. Þórður er ötull fræðimaður og hefur skrifað fjölda bóka og greina um þjóðlegan fróðleik. Í tilefni af þessum merku tímamótum var bók Þórðar, *Stóraborg, staður mannlífs og menningar*, gefin út og hana má nálgast á safninu ásamt fleiri bókum eftir hann. Skrif Þórðar um þjóðfræði gamla bændasamfélagsins er ómetanlegt framtak fyrir íslenska þjóðmenningu,“ segir Andri Guðmundsson forstöðumaður í samtali.

### Byggðasafn og sunnlensk byggingarfleifð

Byggðasafnið er elsti hluti safnsins og sýningarhúsnæðið er á þremur hæð-



■ Áttæringurinn Pétursey er meðal merkustu gripa safnsins.

um. Þar má finna sjósóknardeild, landbúnaðardeild, náttúrugripadeild, vefnað, fornhandrit og bækur, þar á meðal eintak af Guðbrandsbiblíu frá 1584 ásamt munum frá Víkingaöld.

Í húsasafninu má finna góða fulltrúa fyrir húsagerð fyrir á öldum. Á neðri hluta sýningarsvæðisins setur torfbærinn mikinn svip á sýningarsvæðið en þar eru saman komin fjós, skemma, baðstofa, hlóðældhús, búr og stofa. Á efri hluta svæðisins er að finna skólabyggingu sem er dæmigerð fyrir sveitaskóla í upphafi 20. aldar. Einnig er þar að finna Skógakirkju, sem var vígð árið 1998 og fjósbaðstofu ásamt skemmu. Efst er íbúðarhús frá Holti á Síðu sem var fyrsta timburhús í Vestur-Skaftafellssýslu, byggt að öllu úr rekaviði árið 1878.

### Fróðlegt samgöngusafn

Í Samgöngusafninu er rakin saga sam-



**SKÓGASAFN**  
Skogar Museum

gangna og tækniþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld. Þar má meðal annars kynna þróun samgangna frá hestum til bíla, sögu símans á Íslandi, upphafi rafmagnsnotkunar ásamt póstsamgöngum fyrr á tímum. Þar eru einnig til sýnis bílar frá upphafi bílaaldar, vegminjar frá Vegagerðinni, fjarskiptasafn Sigurðar Harðarsonar og sýning Landsbjargar um björgunarsveitirnar í landinu ásamt mörgu öðru. Í Samgöngusafninu er einnig að finna minjagripaverslun og kaffiteríu.

Nánari upplýsingar um safnið má finna á [www.skogasafn.is/is](http://www.skogasafn.is/is) og starfsmenn þess eru duglegir að miðla efni á samfélagsmiðlum, bæði á facebook og instagam.



## Náttúruperlur Skaftafells

Þeir sem leið eiga um Suðurland í sumar mega ekki láta hjá líða að heimsækja Skaftafell í Vatnajökulsþjóðgarði. Þar er einstök friðsæld og náttúrufrægur og viðsýnt til hæstu fjalla landsins. Fjölmargar einstakar náttúruperlur er að finna í Skaftafelli:

**Bæjarstaðarskógur** er hávaxnasti birkiskógur landsins en lífill um sig. Reyniviður vex sums staðar í skóginum og undirgróður er blómlegur.

**Kjós** er litskrúðugur fjallasalur með um 1000 metra háum skriðu- og hamraveggjum. Á norðurbrún Kjósarinnar rís hinn sérkennilegi tindur Þumall sem talinn er vera um tveggja milljón ára gamall gígtappi.

**Kristínartindar** eru tveir tindar, 979 m og 1126 m háir, sem gnæfa yfir Skaftafellsheiðina. Venjulega er gengið á hærri tindinn.

**Morsárjökull** fellur fram af þverhníptum hömrum og í hlýju veðri má oft heyrja drunur og brestir langar leiðir þeg-



■ Svartifoss í Skaftafelli. Umgjörðin um fossinn var Guðjóni Samúelssyni innblástur við hönnun á mörgum byggingum húsameistarans

ar fannir og ísflíkki steypast fram af hamrastálinu í háum jökulfossi.

**Skaftafellsjökull** er skriðjökull sem gengur niður úr Vatnajökli austan Skaftafellsheiðar.

**Svartifoss** fellur fram af hömrum með óvenju reglulegum bergstuðlum er myndast hafa við hægfare kólnun hraunlags.

## Þekktasta hverasvæði heims

Geysir í Haukadal er án alls vafa frægasta náttúrufrægubærni á Íslandi og nafn hans samheiti um víða veröld á gjósandi hverum. Flestir ef ekki allir Íslendingar hafa heyrt um þetta fyrirbrigði en þeim fer fækkandi sem hafa séð hann í ham, spúandi sjóðheitu vatninu tugji metra til himins. Þessi forðum heimsfrægi hver lætur nú orðið lítið á sér kræla. Heimsókn á hverasvæðið í Haukadal er þó vel þess virði.

### Frægur á 17. og 18. öld

Geysir er talinn hafa myndast við mikla jarðskjálftahrinu í lok 13. aldar en í



■ Geysir er eitt frægasta náttúrufrægubærni Íslands. Hann bærir lítt á sér nú um stundir en Strokkur heldur ferðafólkinu vakandi.

Oddaverjaannáll segir að árið 1274 hafi komið upp hverir stórir í Eyrafjalli hjá Haukadal. Geysir er fyrst getið með nafni árið 1647 og er hann þá mikill og ákafur goshver sem þeytti vatni að jafnaði 60 til 80 metra upp í loftið. Það er svipað og hæð Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti. Eftir það varð Geysir og svæðið allt heimsfrægt og er þess getið í öllu ferðabókum frá Íslandi á 17. og 18. öld. Skál Geysir er um 18 m í þvermál og niður úr henni gengur 18 m djúp hola, sem er 2 m í þvermál.

### Keyptur fyrir viskigróða

Geysir var seldur árið 1899 breskum viskíframleiðanda, James Craig að nafni, sem síðar varð forsætisráðherra Norður-Írlands. Í kaupnum fylgdu einnig hverirnir Strokkur, Blesi og Litli Geysir eða svonefnd Óperrihola. Breski viskíbóndinn missti fljótt áhuga á svæðinu og eignarhaldið fluttist á milli manna þar ytra. Árið 1935 keypti Sigurður Jónsson forstjóri í Reykjavík Geysissvæðið og gaf það íslensku þjóðinni.







■ Frá Flúðum. Í Uppsveitunum eru nokkur skemmtileg þorp og þéttbýliskjarnar.

## Uppsveitir Árnassýslu

# Fjölbreyttir möguleikar til að dvelja, upplifa og njóta

Uppsveitir Árnassýslu ná yfir svæðið frá Þingvöllum að Þjórsá og inn á hálendið. Þar er að finna fjölmarga áhugaverða staði til að heimsækja; náttúruperlur, sögustaði og minna þekktu leynistaði líka. Allir þekktja Þingvelli, Gullfoss og Geysi en svæðið er miklu stærra en það og hægt að velja mismunandi hringleiðir. Það er margt að sjá og skemmtilegir stoppistaðir og flottir þjónustustaðir sem bjóða upp á afþreyingu, mat, gistingu og alls kyns upplifun fyrir alla aldurshópa.

Dagsferðir eru vinsælar, en við mælum með að fólk dvelji lengur og fyrir þá sem það gera eru fjölbreyttir gístmöguleikar; tjaldsvæði, bændagisting, gistiheimili, sumarhús, hótél og fjallaskálar. Margir staðir bjóða upp á heita potta og alltaf má finna sundlaug í nágrenninu. Alls kyns veitingastaðir bjóða gestum upp á matvæli úr heimabyggð og matarupplifanir enda eru Uppsveitirnar mikil matarkista og vaggá grænmetis-æktunar.

### Margvísleg afþreying

Í Uppsveitum Árnassýslu er afþreying í boði fyrir alla fjölskylduna og öll áhugasvið. Það er hægt að leigja hesta eða fara á hestasýningu, skella sér í veiði eða á fjórhjól, heimsækja hella, fara á snjósléða eða í siglingu. Þetta svæði er kjörið fyrir fuglaskoðara og göngugarpa það eru göngustígar í skógunum og lítil fell til að klífa. Það eru tveir dýragarðar, litboltavöllur, adrenalínagarður, gallarí, söfn og áhugaverðar sýningar, margar



■ Öll fjölskyldan skemmtir sér auðveldlega í Uppsveitunum!



■ Þessi ungi ferðalangur var áhugasamur um Strokk!



■ Þingvellir eru sannkölluð náttúruparadís.

sundlaugar og golfvelli. Hægt er að spila frísbíggolf, fótboltagolf, strandblak og heimsækja íþrótt- og leikvelli. Gestir og gangandi velja svo hvort þeir vilja kyrrð og ró, fróðleik, spennu eða sitt lítið af hverju.

Skemmtileg lítil þorp og byggðakjarnar eru nokkrir: Flúðir, Laugarvatn, Reykholt, Laugarás, Árnes, Brautarholt, Borg og Sólheimar. Þar er fjölbreytta þjónusta að finna og upplagt að kíkja á tjaldsvæðin eða gístaði og skoða hvað er í boði í nágrenninu og hvað er hægt að gera sér til skemmtunar. Alltaf eitthvað nýtt og spennandi.

### Einstök náttúra

Náttúra Uppsveitanna er falleg og fjölbreytt og þar má nefna Þjórsárdalinn með Hjálparfoss, Þjórsárdalsskóg, Þjóðveldisbæ, Stöng og Háafoss. Fleiri vinsælir staðir eru Keríð, Úlfjótavatn, Brúarhlöð, Haukadalsskógur og nágrenni Laugarvatns. Margir útivistarmöguleikar og gönguleiðir er að finna og skipulagðar gönguferðir.

Allar upplýsingar má finna á sveitir.is og south.is



Hunkubakkar á Síðu

## Náttúrufegurð og rómud þjónusta

Ferðapjónustan að Hunkubökkum er við Lakaveg 206, 1 km frá hringvegnum. Þar hefur lengi verið rekin ferðapjónusta. Á Hunkubökkum er boðið upp á 20 herbergi þar af 6 tveggja manna herbergi með sameiginlegu baði, 6 bjálkahús sem eru þriggja og fjögurra manna með sér baði og 8 tveggja manna herbergi með sér baði. Húsin eru nálægt aðalbyggingunni, en þar er að finna gestamóttöku ásamt veitingastað/kaffihúsi sem opin er á kvöldin og á daginn hluta sumars. Einnig er morgunverður borinn fram þar.

Umhverfi Hunkubakka á Síðu er rómud fyrir náttúrufegurð og milt veðurfar en allt um kring er að finna óþrjótandi möguleika fyrir fólk að upplifa hinar miklu andstæður í náttúrunni. Hægt er að fara í ferðir um umhverfið á eigin vegum en einnig eru í boði skipulagðar ferðir í samstarfi við ýmsa ferðapjón-



■ Fjaðrárgljúfur er mikilfengt í meira lagi.

ustuaðila, t.d. gönguferðir og jeppaferðir.

Á Hunkubökkum er fullkomin gisting fyrir alla ferðalanga sem dreymir um að kanna Suðurlandið, þar sem þekktustu kennileitin eru eins og Fjaðrárgljúfur, Fagrifoss, Lakagígur, Eldgjá, Sveinstindur, Landmannalaugar, Skaftafell og Jök-

ulsárlón. Í næsta nágrenni við Hunkubakka (6 km.) er sundlaug með heitum pottum, leikvöllur með stórra hoppdýnu og síðast en ekki síst stórbrotin náttúra, sem biður upp á heilsusmlega úti-veru.

[hunkubakkar.is](http://hunkubakkar.is)

**Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli**

Vetraropnun (1. okt - 30. apr)  
Mánudaga - föstudaga kl. 06:00 - 21:00  
Laugardaga - sunnudaga kl. 10:00 - 15:00

Sumaropnun (1. maí - 30. sept)  
Mánudaga - föstudaga kl. 06:00 - 21:00  
Laugardaga - sunnudaga kl. 10:00 - 19:00

Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli  
Vallarbraut 16  
s. 488-4295



# Verndum náttúruna

Stólpi Gámar bjóða upp á salernishús sem hægt er að fá í mörgum stærðum, allt frá stökum gámum með einu salerni upp í stórar samsettar einingar.

Salernin koma með öllum tækjum og lögnum og því tilbúin til notkunar - aðeins þarf að tengja vatn og frárennsli.

Seljum einnig og leigjum gísteiningar og geymslugáma - sérsniðnar lausnir að þörfum viðskiptavina

[stolpigamar.is](http://stolpigamar.is)



 **Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



## Brot af því besta á Reykjanesi

**Krýsuvíkurborg** og Hafnarberg eru gríðastaðir þúsunda sjófugla á hverju sumri. Þeir algengustu eru langvía, álka, stuttnefja, rita, lundi, teista, fýll og skarfur. Krýsuvíkurborg er 50 metra hátt og þar verpa um 57.000 pör. Fjórtán kílómetra suðvestur af nesinu er Eldey, ein stæsta súlubyggð í heiminum.

**Þorbjörn** er stakt móbergssfell (243 m.y.s) fyrir ofan og norðan við Grindavík. Af því er mikið útsýn yfir mikinn hluta Reykjanessfjallgarðsins. Fjallið er með mikinn sigdal á toppnum. Þorbjörn er myndaður á síðasta kulda skeiði ísaldar, eins og flest önnur fjöll á Reykjanesi.

**Víkingaheimar** í Reykjanesbæ er glæsilegt sýningahús sem hýsir nú áhugaverðar sýningar þar á meðal víkingaskipið Íslending sem sigldi til Ameríku árið 2000. Aðgengi að safninu er gott fyrir fólk sem á erfitt með gang eða háð hjólastól/göngu grind.

**Þekkingasetur** Suðurnesja í Sandgerði geymir yfir 70 uppstoppuð dýr úr íslenskri náttúru og má þar sjá lifandi sjávardýr í sjóbúrum. Þar er auk þess eina uppstoppaða rostung landsins að finna. Gaman er að flétta fjöruferð á Garðskaga saman við heimsókn í Þekkingarsetrið.

**Selatangar** er gömul verstöð miðja vega milli Grindavíkur og Krýsuvíkur. Útræði lagðist niður á Selatöngum eftir 1880. Allmiklir verbúðarústir eru þar og víða hefur verið hlaðið fyrir hraunhella sem vermenn höfðu til ýmissa nytja. Minjar þar eru friðlýstar.

**Skessuhellir** er í Grófinni við smábátahöfnina í Reykjanesbæ. Skessan eignaðist þetta heimili 2008 en hún kom sjómönnum til bjargar í ofsaveðri á Suðurnesjum. Í Skessuhellinn er notað efni úr nálægu umhverfi. Skessan er hugverk Herdísar Egilsdóttur sem ritað hefur fjölda bóka um Skessuna.

**Skynjun** er listaverk í Garði eftir listakonuna Ragnhildi Stefánsdóttur. Verkið er sex metra hátt og er staðsett við innkomuna í bæinn. Konan hávaxna er samsett úr mörgum konum og er táknrænt fyrir allar þær konur sem um aldir hafa horft til hafs og beðið heimkomu eiginmanna og sona úr greipum hafsins.

[visitreykjanes.is](http://visitreykjanes.is)

## Hvalsneskirkja og legsteinn Steinunnar

Kirkjan á Hvalsnesi er ein af fáum steinhlöðnum kirkjum á Íslandi, en hún var byggð á árunum 1886-1887 af Katli útvegsbónda Ketilssyni í Kotvogi. Kirkjan er friðuð. Hvalsneskirkja er byggð úr tillhöggnum steini og var grjótið sótt í klappir í nágrenninu. Allir stórviðir hússins eru úr fjörunum í nágrenninu, m.a. súlurnar

Hvalsneskirkja á margt góðra gripa. Einn merkasti gripur kirkjunnar er legsteinn yfir Steinunni Hallgrímsdóttur sem dó á fjórða ári (1649). Hún var dóttir Hallgríms Péturssonar (1614-1674) mesta sálmaskálds Íslendinga sem þjónaði þá sem prestur í Hvalsnessókn. Eiginkona hans var Guðríður Símonardóttir. Hella þessi var lengi týnd en fannst 1964 þar sem hún hafði verið notuð í stéttina framan við kirkjuna.



■ Altaristaflan í Hvalsneskirkju er eftir Sigurð Guðmundsson málara frá árinu 1867 og þar er og afsteypa af höggmynd Einars Jónssonar um Hallgrím Pétursson.



# UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI



reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is





## Sjónarspil á Reykjanesskaga

Liðin eru um 800 ár frá því síðast gaus á Reykjanesskaga en eldgos hófst við Fagradalsfjall, skammt frá Grindavík, 19. mars sl. Þá voru raunar liðin 6000 ár frá því sú eldstöð bærði á sér.

Strax eftir að gosið hófst lögðu margir leið sína þangað og síðan hafa tugir þúsunda manna lagt land undir fót til að virða fyrir sér þetta sjónarspil náttúrunnar. Ekki er hægt að segja að þetta gos nú hafi komið á óvart en undanfari þess var látlaus jarðskjálftahrina á Reykjanesskaga í meira en þrjár vikur. Kvikan tróð sér fyrst leið í Geldingadölum við austanvert Fagradalsfjall og hafa eldsumbrotin verið kölluð Geldingadalsgos þó í raun sé örnefnið Geldingadalir.

Þetta eldgos í Fagradalsfjalli hefur verið flokkað sem dyngjugos en slíkt gos hafa varla sést á Íslandi frá því um lok ísaldar. Kvikan, sem hefur skotist upp í mörgum gígum, er frumstæð og kemur úr 17-20 kílómetra dýpi úr möttli jarðar. Um hellu-hraun er að ræða.

Myndirnar, sem Jóhann Ólafur Halldórsson, tók á dögunum tala sínu máli.







## Pakkað fyrir dagsferð

Á vef Ferðafélags Íslands er að finna gátlista yfir þann búnað sem vert er að hafa með sér í gönguferð á gosstöðvannar. Minnt er á að gönguferð að gosstöðvum frá upphafsstað getur verið allt frá 7-12 km og að allir, sem leggja í slíka göngu, þurfa að vera með réttan búnað og vera í þokkalega góðu formi.

### Göngufatnaður

- Góðir gönguskór og mjúkir göngusokkar
- Nærföt, (ull eða flís)
- Peysa og göngubuxur
- Húfa, vettlingar og buff um hálsinn
- Vind- og vatnspéttur hlífðarfatnaður

### Í dagpökanum

- Bakpokahlíf / plastpoki inni í bakpökanum
- Áttaviti, landakort og GPS tæki
- Smurt nesti fyrir daginn
- Göngunasl og vatnsbrúsi
- Brúsi með heitum drykk
- Göngustafir og höfuðljós
- Myndavél, kikir og sólgleraugu,
- Sólarvörn, varasalvi, plástur, verkjalyf
- Salernispappír, blautþurrkur og pokar fyrir rusl
- Legghlifar, hálkubroddar og höfuðljós





# Renndu við!




■ Grindavík er einstök heim að sækja og margt að sjá fyrir forvitna ferðalanga. Náttúruperlur eru á hverju strái og veitingastaðirnir lokka og laða.

**Grindavíkurbær hefur heldur betur komið sér á kortið eftir að eldgos hófst þar 19. mars síðastliðinn. Eftir töluverðar jarðhræringar braust út ekta ferðamannagös sem nú þegar hefur laðað til sín yfir 120 þúsund heimsóknir. Aðgengi er nokkuð auðvelt og tilvalið tækifæri til ógleymanlegrar upplifunar en ekki hefur gosið í rúm 800 ár á Reykjaneskaganum.**

En Grindavíkurbær býður upp á meira en eldsumbrot því hægt er að gera vel við sig í mat og drykk á þeim fjölmörgu veitingastöðum sem til staðar eru í bænum. Náttúruperlurnar eru á heismælikvarða en Grindavík er innan svokallaðs Reykjanesjarðvangs (e. Geopark) sem hefur fengið UNESCO vottun fyrir einstakar jarðminjar. Hér er hægt að skoða Brimketil, Gunnhver, brúna milli heimsálfa, ganga fornar gönguleiðir og fá sér fjallgöngu á bæjarfellinu Þorbirni þar sem útsýnið er til allra átta, yfir hafið og Reykjanesið.

Í Grindavík er tjaldsvæði í fremstu röð, hótélgisting, heimagisting og gístiheimili. Sundlaugin hefur allt það helsta í boði, heita potta, kaldan pott og sauna. Í Grindavík er mikil nýsköpun en þar má bæði finna veglegar vörur, hannaðar á svæðinu eins og Kristinsson handmade og VIGT. Þar er líka bruggaður bjór undir nafninu 22.10 Brugghús. Hægt er að leigja sér hjól, fara í fjórhjólaferðir eða hestaferðir.

Við mælum með að fólk kíki á ferðavef bæjarins [visitgrindavik.is](http://visitgrindavik.is)





Velkomin í eitt af  
25 undrum veraldar



**BLUE LAGOON**  
ICELAND

[blaaonid.is](http://blaaonid.is)



## Gott að tjalda í Grindavík

Grindavíkurbær kemur ferðafólki sífellt á óvart og er spennandi og skemmtilegur staður fyrir fjölskylduna



■ Múgur og margmenni kemur að jafnaði saman á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Myndin er tekin fyrir nokkrum árum.

### Ljósanótt í september

Menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar, Ljósanótt, verður haldin fyrstu helgina í september en í fyrra varð að aflýsa henni vegna veirunnar. Á Ljósanótt er áhersla að jafnaði lögð á viðamiklar uppákomur frá fimmtudegi til sunnudags þótt hápunktur hátíðarinnar sé á laugardeginum með lýsingu Bergsins og glæsilegri flugeldasýningu.

Tónlistin leikur stórt hlutverk á Ljósanótt í rokkbænum Reykjanesbæ og má þar nefna ljósalagjð og fjölbreytta tónleika. Fjöldi myndlistarmanna sýna verk sín víðs vegar um bæinn auk þess sem gallerí og vinnustofur listamanna verða opnar. Einnig má nefna götuleikhús, fjölbreytta barnadagskrá, kjötsúpu, púttmót, fornbíla, smábíla, fjölbreytta íþrótt- og tómsstundaviðburði og margt fleira. Ljósanótt er menningar- og fjölskylduhátíð án áfengis og eru for-eldrar hvattir til þess að virða útvistar-tíma barna og unglinga.

[ljosanott.is](http://ljosanott.is)



í sumarfríinu. Grindavík er tilvalinn áningarstaður fyrir þá sem hyggjast heimsækja hinar fjölmörgu náttúruperlur Reykjanes í sumar.

Á tjaldstæðinu í Grindavík er mjög góð aðstaða fyrir ferðamenn sem gista í tjöldum, fellihýsum, húsbílum og hjólhýsum. Tveir leikvöllir eru þar fyrir börn-

in, grillaðstaða, rafmagn og aðstaða til að losa ferðasalerni húsbíllanna. Í glæsilegu þjónustuhúsi er aðstaða til eldunar, sturtur, þvottahús og aðgangur að interneti.

Nánari upplýsingar er að finna á [camping@grindavik.is](mailto:camping@grindavik.is)




■ Í Grindavík er frábær sundlaug og fyrsta flokks tjaldsvæði.

## Regnboginn í Keflavík

Listaverkið Regnbogi er um 24 metra hátt er gert úr ryðfríu stáli og steindugleri. Glerin í verkinu eru 313 talsins; gul, rauð, græn og blá. Það er listakonan Rúrí sem á heiðurinn af þessu einstaka verki. Regnbogi stendur á steinlögnum úr stóreflis grágrýtishellum og í rökkrí er hann lýsur upp. Verkið var reist árið 1991 við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

„Regnboginn er ófullgerður. Ég ímynda mér að einhvern tíma síðar meir, eftir svo sem eitthundrað eða þúsund ár verði þráðurinn tekinn upp aftur þar sem frá var horfið og smíðinni haldið áfram. Verkið myndi teygja sig hærra og hærra upp í himininn, síðan niður á við aftur. Þar til að lokum að endinn snerti jörðu, og regnboginn væri fullgerður ...“ segir listakonan á vef sínum.



■ Regnbogi eftir Rúrí er 24 m hár – hæsta listaverk á Íslandi.





■ Reykjavíkurvitinn er tignarlegur þar sem hann stendur á suðvesturodda Reykjavíkur og hefur staðið á Bæjarfelli þar frá árinu 1908.

## Elsti vitinn á Reykjavíkur

Fyrst var rætt um að byggja víta á Reykjavíkur 1875 en ekki fékkst fjármagn til þess frá dönskum yfirvöldum. Loks samþykktu þó Danir að fjármagna ljóshúsið og tækin í ljósið en samið var um að Íslendingar sæju um bygginguna sjálfa, efniskostnað og launakostnað starfsmanna.

Danskur verkfræðingur Rothe að nafni sá um að hanna bygginguna og skipuleggja verkið. Tafðist verkið af ýmsum ástæðum en 1. desember 1878 var fyrsti ljósviti Íslands formlega vígður á Valahnúk og tekinn í notkun.

Jarðhræringar urðu afdrifaríkar fyrir Reykjavíkurvitann. Árið 1907 var svo komið, að verulega hafði hrunið úr Valahnúknum og ekki nema 10 m frá vitanum fram á brún, en holt undir og allt sundursprungið. Var því ákveðið að byggja nýjan víta á Bæjarfelli, sem er hóll nokkru ofar en Valahnúkur. Var nýi vitinn reistur árið 1908, úr grjóti og steinsteypu. Hann er 22 m á hæð upp á pall, sívalur að innan. Vitinn er afar rammger; 9 m í þvermál neðst en 5 m efst. Er því veggþykktin 3,25 m neðst og 1,25 m efst. Þessi mikla veggþykkt var talin ráðleg vegna hinna tíðu jarðskjálfta, og hefur byggingin reynst vel og er enn í fullri notkun.



■ Fyrsti vitinn sem reistur var á Íslandi var á Reykjavíkur og var kveikt á honum 1. desember 1878, eftir mikla erfiðleika og margar tafir við verkið.

## Bullandi Gunnuhver

Á Reykjavíkur er að finna magnaða náttúru; háhitasvæði, fuglabjörg, hraunbreiður, gíga, hella, svartan sand og gönguleiðir sem spanna hundruð kílómetra. Rétt austan við Reykjavíkurvita er að finna Gunnuhver, mikið jarðhitasvæði, sem sannarlega er vert að heimsækja.

Gunnuhver er þekktasti hverinn þar en hann mun draga nafn sitt af Guð-

rúnu nokkurri sem gekk aftur og olli miklum usla á svæðinu þar til að Eiríkur Magnússon, prestur í Vogsósum, tókst að koma draugnum fyrir með því að senda hann í hverinn

Fyrir nokkrum árum hljóp mikill hamagangur í svæðið sem stækkaði mikið og eyðilagði akveg og göngupalla. Nú hefur verið komið fyrir göngu- og útsýnispöllum með aðgengi fyrir alla.



■ Það er magnað að koma við hjá Gunnuhver og sjá þar krafta náttúrunnar að verki.



■ Brúin á milli heimsálfa er á Reykjavíkur og er fjölsótt af ferðamönnum.

## Gengið á milli heimsálfa

Brúin milli heimsálfa er brú sem byggð hefur verið yfir gjá upp af Sandvík á Reykjavíkur. Þetta er táknað göngubrú sem liggur yfir togsprungu vegna plöturéks um Mið-Atlantshafshrygginn en meðalrekhraðinn er um 2 cm á ári.

Samkvæmt jarðfræðikenningum þá þrýstast Evrasíu- og Norður- Ameríkuflekarnir hvor frá öðrum á Reykjavíkur og afmarkast plötuskilin gjám og gígarö-

um sem liggja frá Reykjavíkur og norðaustur um land. Austurhluti landsins tilheyrir Evrasíuflekanum og vesturhlutinn Norður-Ameríkuflekanum. Þeir sem heimsækja brúna á Reykjavíkur gefst þannig kostur á að upplifa það að ganga á milli heimsálfa! Hægt er að fá viðurkenningarskjal þess efnis á upplýsingamiðstöð Reykjavíkur og gestastofu Reykjavíkur jarðvangs sem staðsett eru í Duushúsum í Reykjavíkur.



## Brot af því besta á Höfuðborgarsvæðinu

**Heiðmörk** er skógræktar- og friðland við Elliðavatn austan Reykjavíkur. Svæðið er stærsta útivistarsvæði í nágrenni borgarinnar, um það bil 32 ferkílómetrar. Tæplega 90% svæðisins er gróið land og þar af um 20% ræktað skóglendi og 20% villtur birkiskógur og kjarr.

**Gróttta** er örfirisey yst á Seltjarnarnesi. Viti var reistur í Gróttu árið 1897 en núverandi viti er frá árinu 1947. Áður fyrr var bær í Gróttu og er fyrst getið um hann í heimildum 1547. Gróttta er friðland vegna fuglalífs (friðlýst 1974) og er umferð fólks bönnuð þar frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

**Kaldársel** er austan við Hafnarfjörð í nágrenni Helgafells. Þar rennur Kaldá sem staðurinn heitir eftir. Í Kaldárseli er fjöldi hella sem vert er að skoða og spennandi staðir, svo sem vinin Valaból, eldstöðin Búrfell, móbeyrgisfjallið Helgafell, skóglendi og önnur útivistarsvæði.

**Hellisgerði** er almenninggarður í Hafnarfirði. Hann er þekktur fyrir miklar hraunmyndanir sem gefa honum óvenjulegt yfirbragð. Í garðinum eru trjátegundir sem eru sjaldgæfar á Íslandi eins og hrossakastanía, gráösp, skógarbeyki og degli.

**Álafellskvós** í Mosfellsbæ er nú athvarf ýmiss konar listastarfsemi sem blómstrar þar í gömlu verksmiðjubyggingunum og setur lit á bæjarsamfélagið. Árið 1896 var reist ullarverksmiðja við Álafoss í Varmá og þar reis verksmiðjuhverfi í tímans rás, sem er nánast einstakt á Íslandi.

**Kópavogskirkja** er elsta kirkja Kópavogs. Hún stendur á Borgarholti í vesturbæ Kópavogs, oft nefnt Kirkjuholt af íbúum. Kirkjan var reist á árunum 1958-1962. Kópavogskirkja er krosskirkja og hefðbundin að því leyti en boðar einkenna hana og gera hana sérstaka. Frá kirkjunni er mikið og fagurt útsýni.

**Viðey** er stærsta eyjan í Kollafirði, 1,7 km<sup>2</sup>. Hæst liggur hún á Heljarkinn, 32 m.y.s. Hún er í tveimur hlutum, sem eru tengdir með eiði. Þar eru gönguleiðir góðar. Auðvelt er að fara út í Viðey með Viðeyjarferjunni sem hefur samastað í Klettsvör í Sundahöfn.

[visitreykjavik.is](http://visitreykjavik.is)

## Tilvaldar gjafir

– og annað skart í úrvali



**Gullkistan**

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160  
gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is





■ Í Árbæjarsafni er boðið upp á fjölda sýninga og viðburða, þar sem einstökum þáttum í sögu Reykjavíkur eru gerð skil.



■ Á Sjóminjasafninu er sagan sögð út frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur, með gripum og textum, myndum og leikjum.

## Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Eitt safn á fimm frábærum stöðum

Hlutverk Borgarsögusafn er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningaminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla fjölbreyttri sögu borgarinnar á forvitnilegan hátt, vekja fólk til umhugsunar, vera skapandi og skemmtilegt. Sýningarstaðir safnsins eru fimm talsins auk þess sem starfsemin er sýnileg með öðrum hætti, t.d. með sögugöngum, útgáfu og menningarmerkingum í borgarlandinu.



■ Viðey er sögustaður og náttúruperla.

### Árbæjarsafn

Árbæjarsafn er útisafn sem er opið allan ársins hring. Þar er safn gamalla húsa sem flest hafa verið flutt á safnsvæðið úr miðbæ Reykjavíkur. Í safninu er boðið upp á fjölda sýninga og viðburða, þar sem einstökum þáttum í sögu Reykjavíkur eru gerð skil. Þar má nefna handverksdaga, fornþýlasýningu, jólasýningu og margt fleira. Árbæjarsafn er tilvalinn staður fyrir fjölskylduna að eyða part úr degi enda nóg við að vera fyrir börn sem fullorðna.

### Landnámssýningin

Landnámssýningin byggir á skálarúst sem varðveitt er á upprunalegum stað. Efni Landnámssýningarinnar byggir á niðurstöðum fornleifarannsókna, efnistökin eru vísindaleg og kynna nýjustu túlkanir vísinda- og fræðimanna á þessu tímabili sögunnar. Á sýningunni má einnig finna leiksvæði fyrir börn. Hljóðleiðsögn er fánleg á íslensku og ýmsum tungumálum.

### Sjóminjasafnið í Reykjavík

Grunnsýning Sjóminjasafnsins á efri hæð safnsins fjallar um fiskveiðar Íslendinga, frá því árabátarnir gömlu viku fyrir útgerð stórra skipa á síðustu áratugum 19. aldar og fram yfir aldamótin 2000. Sagan er sögð frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur, með gripum og textum, myndum og leikjum. Mjalta-stúlkan er sýning á neðri hæð safnsins um neðansjárvarfornleifar. Við bryggju safnsins liggur hið fræga varðskip Óðinn. Boðið er upp á þrjár leiðsagnir daglega um borð.

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Safnið varðveitir um 5 milljónir ljósmynda sem teknar hafa verið af atvinnu- og áhugaljósmyndurum á tímabilinu um 1870-2002. Um 30 þúsund þeirra eru aðgengilegar á myndvef safnsins. Safnið stendur árlega fyrir

fjölbreyttum sýningum með áherslu á sögulega og samtíma ljósmyndun, í listrænu sem menningarlegu samhengi.

### Viðey

Viðey er sögustaður og náttúruperla, en eyjan var öldum saman talin ein besta bújörð landsins. Þar er að finna mannvistarleifar allt frá landnámstíð, en einnig minjar um klaustur á 13. öld. Í Viðey standa ein elstu hús landsins, Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa frá tímum Skúla Magnússonar á 18. öld. Í Viðey er einnig að finna ein merkustu listaverk borgarinnar, þ.e. Áfanga Richard Serra og Friðarsúlu Yoko Ono. Á sumrin er boðið upp á reglulegar kvöldgöngur auk fjölda annarra viðburða.

*Sjá viðburðadagskrá Borgarsögusafns á vefnum borgarsogusafn.is*



## „Finnst þér ekki...“

*Finnst þér ekki Esjan vera sjúkleg  
og Akrafjallið geðbillað að sjá  
en ef ég bið þig um að flýja með mér  
til Omdúrman þá máttu ekki hvá  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig*

Þannig kvað Megas um bæjarfjall Reykjavíkur. Esjan blasir við borgarbúum handan Kollafjarðar og hefur á undanförunum árum orðið einn vinsælasti útivistarstaður borgarbúa. Esjan er 914 m.y.s.

Þrátt fyrir vinsældir fjallsins til útivistar og fagurt yfirbragð er Esjan krefjandi fjall. Því er rétt að hafa góðan búnað þegar gengið er á fjallið, ekki síst að vetrarlagi og þarf þá allan búnað til vetrarfjallamennsku. Hægt er að velja um fjölmargar gönguleiðir á fjallið.



■ Vel sést yfir allt höfuðborgarsvæðið af toppi Esjunnar.

## Gullkistan á gömlum merg

**Gullkistan við Frakkastíg er gamalgróin skartgripaverslun sem einkum sérhæfir sig í skarti úr silfri sem bæði eru sérhannaðir og einnig unnir eftir gömlum munstrum. Í Gullkistunni er einnig hægt að fá fjölbreytt þjóðbúningasilfur, m.a. fjölbreytt handunnið víravirki. Ef fólk á gamla erfðagripni geta starfsmenn undir forystu Dóru Jónsdóttur gullsmiðs fengið þá lagfærða, hreinsaða og gyllta eftir þörfum.**

Gullkistan á Frakkastíg rekur sögu sína allt aftur til 8. áratugar 19. aldar, en Dóra gullsmiður hefur sjálf verið með eigin rekstur þar í 42 ár. Faðir



■ Dóra Jónsdóttir gullsmiður hefur staðið vaktina í Gullkistunni um áratugaskeið.

hennar hóf að framleiða hringa fyrir ferðamenn en hún sjálf hefur átt ríkan þátt í að halda þjóðbúningahefðinni sterkri. Dóra segir að fyrirtækið hafi upphaflega verið stofnað árið 1873. „Ég byrjaði að læra hjá föður mínum Jóni Dalmannssyni árið 1949 en þá hafði hann rekið verkstæðið frá því um 1930. Við fluttum starfseminna hingað á Frakkastíginn árið 1976 og þá varð Gull-

kistan í núverandi mynd til. Hér leggjum við áherslu á það gamla en smíðum einnig alls kyns annað skart og fylgjum tískusveiflum eins og alltaf er.“

Gullkistan er opin virka daga frá kl. 14:00-18:00 og laugardaga frá kl. 11:00-14:00.

[thjodbuningasilfur.is](http://thjodbuningasilfur.is)







■ Stemningin í miðbænum er hlýleg með kósí kaffihúsum, vinalegum veitingastöðum og ævintýrum við hvert fótmál.



■ Mikið og fjölbreytt lífríki og fuglalíf er við Ástjörn sem er ein af perlum upplands Hafnarfjarðar.

## Bjartir dagar í Hafnarfirði í allt sumar

Menningarhátiðin Bjartir dagar verður haldin í Hafnarfirði í allt sumar. Hátiðin verður hattur fjölbreyttra hátíðarhalda vítt og breytt um bæinn, sem gleðja mun bæjarbúa og gesti bæjarins og endurspegla allt það fjölbreytta menningarstarf sem á sér stað í Hafnarfirði. Hátiðin stendur yfir í allt sumar.

### Huggulegasti heimabær höfuðborgarsvæðisins


Hafnarfjörður er bær sem hefur allt til alls þegar kemur að upplifun, verslun og þjónustu. Bærinn er fallegur frá náttúrunnar hendi og vinsæll meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Hafnarfjörður er stækkandi samfélag sem tekur fagnandi á móti fjölbreytileika og nýjungum. Þannig hafa einstakar sækibúðir, handverksbakarí, vinnustofur, sýningarsalir og smásalar með íslenska vöru beint frá býli hreiðrað um sig víðsvegar um Hafnarfjörð. Fjörðinn er gott heim að sækja. Þar er fjölbreytt verslun og þjónusta, vinalegir veitingastaðir, kósí kaffihús, heimilisleg hótél, gallerí og vinnustofur listamanna með íslenskri hönnun og handverki, söfn og einstök náttúra í göngufjarlægð. Bæjarandinn er hlýlegur, fólkið vinalegt og fjölbreytta afþreyingu að finna fyrir allan aldur. Fjórir ærslabelgir og þrjár sundlaugar eru í Hafnarfirði sem búa allar yfir sínum sérkennum og sjarma. Frítt er í sund fyrir alla 17 ára og yngri.

### Djúpstæð saga endurspeglast í umhverfinu

Miðbærinn í Hafnarfirði er lifandi og



■ Dorgveiði nýtur mikilla vinsælda og hefur dorgveiðikeppni fyrir börn verið haldin um árabíl miðsumars.



■ Skrúðgarðurinn Hellisgerði er vinsæll meðal Hafnfirðinga og vina Hafnarfjarðar.

hafnarsvæðið sérstaklega heillandi með smærri og stærri bátum og dorgveiði allt um kring. Djúpstæð saga bæjarins endurspeglast í umhverfinu og henni má m.a. kynnast á rölti um Strandstíginn og í söfnum bæjarins þar sem aðgangur er ókeypis. Tilvalið er að kíkja á Bygðasafn Hafnarfjarðar, í Hafnarborg og á bókasafnið og yfir sumartímann er opið í fimm húsum Bygðasafnsins. Á góðum degi er hægt að grípa með sér blað eða góða bók,



■ Hvaleyrarvatn er vinsælt útivistarsvæði fyrir hverskyns hreyfingu og vatnasport.

nesti, teppi, spil, sápukúlur og annað sniðugt og rölti í Hellisgerði sem er hrauni prýddur skrúðgarður í hjarta Hafnarfjarðar.

### Útivera og upplifun í náttúrunni

Í upplandi Hafnarfjarðar leynast ævintýri við hvert fótmál. Ganga í kringum Hvaleyrarvatn er öllum fær og vatnið tilvalið fyrir vað- og vatnasport. Ferð til Krýsuvíkur klikkar aldrei, er litrík og mikil upplifun fyrir alla fjölskylduna. Vinsælt er að skella sér í göngu á Helgafellið eða í hellaskoðun í Valaból auk þess sem fjölbreytt lífríki og fuglalíf Ástjarnar vekur ætíð athygli og áhuga. Tjaldsvæði bæjarins er á Víðistaðatúni sem jafnframt er fjölbreytt útivistarparadís með aparólu, ærslabelg, kastala, grillhúsi, útilistaverkum og níu brauta frísbíggolfvelli.

Komdu heim í Hafnarfjörð og upplifðu Bjarta daga í allt sumar!

hafnarfjordur.is



## Harpa - húsið okkar allra

**Harpa**, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík, er hannað af teiknistofunni Batteríð arkitektar og Teiknistofu Hennings Larsen í Danmörku.

**Glerhjúpurinn** sem umlykur bygginguna er hannaður af Ólafi Elíassyni.

**Sinfóníuhljómsveit** Íslands og Íslenzka óperan hafa aðsetur í Hörpu. Þar búa einnig Stórsveit Reykjavíkur og Maxímús Músíkús!

**Harpa** býr yfir fyrsta flokks aðstöðu til viðburðahalds séu það tónleikar, ráðstefnur, sýningar, veislur, fundir eða aðrir menningarviðburðir.

**Fyrstu** tónleikarnir voru haldnir í Hörpu 4. maí 2011.

**Stærsti** salurinn í Hörpu, Eldborg, tekur 1600-1800 manns í sæti.

**Bílakjallari** Hörpu er að hluta undir sjávarborði en sérstakar ráðstafanir voru gerðar til að koma í veg fyrir að byggingin flyti upp.

**Fyrsta** verkið sem var leikið í Hörpu af Sinfóníuhljómsveit Íslands var 9. sinfónía Beethovens undir stjórn Vladímírs Ashkenazys.


**Um** 32 þúsund manns komu til að skoða húsið eftir að það var opnað eða um tíundi hluti íslensku þjóðarinnar.

**Samtals** eru 19 loftræsistæður í Hörpu sem til samans dæla inn um 214.000 rúmmetrum á hverri klukkustund.



**Húsið** er 28.000 fermetrar að stærð og 43 metra hátt. Botnplata hússins er um 8.000 fermetrar og í húsið fóru samtals um 2.500 tonn af burðarstáli og 4.000 tonn af bendistáli.

**Nafn** Hörpu var opinberað við hátíðlega athöfn 11. desember 2009. Nafnið bar sigur úr þytum en alls bárust 4.156 tillögur frá 1.200 einstaklingum.







# Komdu heim í Hafnarfjörð

Það verða **Bjartir dagar** í Hafnarfirði í allt sumar. Skemmtun, fjölbreytt verslun og þjónusta, kósi kaffihús, vinalegir veitingastaðir og ný ævintýri við hvert fótmál. Frítt fyrir börnin í sund og ókeypis aðgangur að söfnunum. Við tökum vel á móti þér!

[hfj.is/bjartirdagar](https://hfj.is/bjartirdagar)



Hafnarfjörður



## Vert að skoða í Reykjavík

Þegar gengið er um gamla bæinn í Reykjavík er að finna fjölmarga litla staði sem fáir vita í raun af en eiga sér margir merka sögu og vel þess virði að heimsækja. Hér eru fáeinir upp taldir.

### Alþingisgarðurinn

við Alþingishúsið er fallegur og friðsæll garður sem er að mestu umkringdur háum steinvegg. Um er að ræða elsta íslenska almenningsgarðinn í upprunalegri mynd, opnaður almenningi 1950. Það var skömmu eftir að smíði Alþingishússins lauk 1884 sem ákveðið var að gera garð á lóðinni og sinnti Tryggvi Gunnarsson alþingismaður garðinum síðari hluta ævi sinnar.

### Arnarhóll

er gamalt bæjarstæði og þar trónir eitt helsta kennileiti Reykjavíkur, stytta frá 1924 af Ingólfi Arnarsyni landnámsmanni eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Elstu heimildir um búsetu á Arnarhóli eru frá 16. öld. Búskapur lagðist þar niður árið 1828 og var býlið rífið skömmu síðar.


### Bringan

er lítið en snoturt grænt svæði, afmark-



■ Höggmyndin Móðurást eftir Nínu Sæmundsson er í Mæðragarðinum.

að af Snorrabraut, Eiríksgötu og Þorfinnsgötu. Bringan er í nokkrum halla og því byggð á stöllum. Þar má sjá styttuna Járnsmiðinn eftir Ásmund Sveinsson. Svæðið er frá árinu 1950 og þar er gróskumikill gróður og bekkir til að setjast niður.



■ Stytta af Ingólfi Arnarsyni, landnámsmanni í Reykjavík er eftir Einar Jónsson myndhöggvara.

### Hallargarðurinn

er við Fríkirkjuveg og tengist Hljóm-skálagarðinum sem liggur skáhallt hinum megin við Sóleyjargötu og Skothúsvæg. Við Hallargarðinn stendur hið glæsilega timburhús Thors Jenssonar í nýklassískum stíl frá eftir Einar Erlendsson. Í garðinum eru ýmis listaverk, t.d. höggmyndir Adonis eftir Bertel Thorvaldsen, Stúlkumynd eftir Ólöfu Pálsdóttur og Pilt og stúlku eftir Ásmund Sveinsson.

### Landakotstún

er fyrir austan og sunnan Landakotskirkju. Það er með stærri og opnari úti-vistarsvæðum miðbæjarins. Landakostskirkja stendur við túnið, hönnuð af Guðjóni Samúelssyni arkitekt, byggð á árunum 1925-1929.

### Mæðragarðurinn

er við Lækjargötu við hliðina á gamla Miðbæjarbarnaskólanum. Nafn garðsins vísar til styttunnar Móðurást eftir Nínu Sæmundsson sem Reykjavíkurbær keypti árið 1928 og prýðir garðinn. Ekki hafa varðveist heimildir um hönnun og ræktunarsögu í garðinum en hann var lengi vel vinsælt leiksvæði barna og vel sóttur af almenningi.



■ Landakostskirkja, byggð á árunum 1925-1929, hönnuð af Guðjóni Samúelssyni arkitekt.





Borgarsögusafn  
Reykjavíkur

Eitt

Árbæjarsafn

Safn

Landnámsýningin

á fimm

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

frábærum

Sjóminjasafnið í Reykjavík

stöðum

Viðey

Borgarsögusafn Reykjavíkur,  
spennandi ferðalag í gegnum  
sögu og menningu.

[www.borgarsogusafn.is](http://www.borgarsogusafn.is)



## Draumurinn að hjóla

Á síðustu árum hefur verið gert stór-átak í gerð hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu, ekki aðeins lagðir nýir stígar heldur unnið markvisst að því að aðskilja gangandi og hjólandi til að minnka hættu á slysum. Segja má að það sé alger draumur að hjóla um höfuðborgarsvæðið þar sem hlykkjast frábærir hjólastígar um byggðina og út í óspillta náttúruna umhverfis þéttbýlið.

Víða eru göngubrýr eða undirgöng undir umferðaræðar og stígar eru lagðir



■ Þétríðið net hjóla- og göngustíga liggur um allt höfuðborgarsvæðið.

um vinsælar útvistarperlur eins og Elliðaárdal og Ægisíðu. Fjöldi áningastaða er við hjólastíga borgarinnar sem vegfarendur geta kastað mæðinni og notið útsýnis og gripið í nesti. Má þar nefna Nauthólsvík, Fossvogsdal, Ægisíðu, Gullinbrú, Elliðaárdal og Ánanaust. Sér-

stakt númerakerfi er fyrir stígakerfi höfuðborgarsvæðisins og stígar merktir samkvæmt því. Upplagt er fyrir gesti, sem sækja borgina heim, að leigja sér hjól og njóta alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða – á hjóli!



■ Friðarsúlan er tákn fyrir baráttu Ono og Lennons fyrir heimsfriði, sem hófst á sjöunda áratug 20. aldar.

## Hugsa sér frið í Viðey

Friðarsúlan í Viðey er samstarfsverkefni Yoko Ono, Reykjavíkurborgar, Listasafns Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur að frumkvæði listakonunnar. Verkið er í formi „óskabrunns“ en á hann eru grafin orðin „Hugsa sér frið“ grafin á 24 tungumálum. Upp úr brunninum stígur ljóssúla sem er saman sett úr fimmtán geislum sem sameinast í einu sterku ljósi.

Á hverju ári lýsir friðarsúlan frá 9. október (fæðingardegi John Lennons) til 8. desember sem er dánardagur hans. Einnig logar ljósið frá vetrarsólstöðum til nýársdags og eina viku að vori. Rafmagnið í súluna er framleitt úr jarðhita og kemur frá Hellisheiðarvirkjun.

## Útsýni við ströndina

Borgarmyndin breytist dag frá degi. Sumarið 2019 var nýr innsiglingarviti reistur á uppfyllingu við Sæbraut í Reykjavík, neðan Höfða og þangað er skemmtilegt að hjóla eða ganga og fá einstakt útsýni yfir ytri höfnina. Aðgengi er mjög gott að nýja vitanum og þar hefur verið komið fyrir grjótvörn og fyllingu með útsýnispalli sem þrýði er að. Það eru Yrki arkitektar sem eiga heiðurinn af hönnun og útfærslu nýja vitans.

Þegar Sjómannaskólinn við Háteigsveg var vígður 1945 var innsiglingavita komið fyrir í turni skólans. Hann þjónaði vel sínu hlutverki lengi framan af en smám saman hækkaði byggðin og fór að skyggja á merkjasendingar hans. Því var nauðsynlegt að finna innsiglingavita annan stað. Nýi vitinn er gulur að lit og hönnun hans tekur mið af gömlu vitanum við Austurhöfn og Eyjagarð í Reykjavíkurböfn en þeir eru frá árunum 1913-1917.



■ Nýi innsiglingarvitinn við Sæbraut er vel hannað mannvirki.

Ljós. Borgarsýn/Elínborg Ragnarsdóttir.





■ Með hjálp margmiðlunartækni fá sýningargestir áhugaverða framsetningu á því hvernig tilvera fyrstu íbúa Reykjavíkur hefur líkast til verið.

Mynd: borgarsogusafn.is

## Reykjavík við landnám

Landnámssýningin við Aðalstræti byggir á kenningum fræðimanna um það sem fornleifar í Reykjavík segja um líf og störf þeirra sem fyrst settust hér að. Þungamiðja sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld sem fannst árið 2001 og er varðveitt á sínum upphaflega stað. Norðan við skálann fannst veggjarbútur sem er ennþá eldri, eða síðan fyrir 871 og er hann meðal elstu mannvistarleifa sem fundist hafa á Íslandi.

Á sýningunni er reynt að gefa hugmynd um umhverfi Reykjavíkur eins og það var við landnám. Með hjálp margmiðlunartækni og túlkun á fornminjum er ljósi varpað á líf og tilveru fyrstu íbúa Reykjavíkur og tengsl þeirra við umhverfið í nýju landi. Efni Landnámssýningarinnar byggir á niðurstöðum fornleifarannsóknna, efnistökin eru vísindaleg og kynna nýjustu túlkanir vísinda- og fræðimanna á þessu tímabili sögunnar.

[borgarsogusafn.is](http://borgarsogusafn.is)





**GLJÚFRASTEINN**  
*Hús skáldsins*

---

[www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)

**Gljúfrasteinn býður gesti velkomna í allt sumar**

- Leiðsögn um húsið
- Sýning í móttöku um Innansveitarkroniku
- Safnbúð – Bækur, minjagripir og fleira
- Gönguleiðir í nágrenninu

Opið alla daga í sumar frá kl. 10.00-17.00.

Frekari upplýsingar á: [www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)

[www.instagram.com/gljufasteinn/](https://www.instagram.com/gljufasteinn/)  
[www.facebook.com/gljufasteinn](https://www.facebook.com/gljufasteinn)  
[#gljufasteinn](https://twitter.com/gljufasteinn) [#Laxness](https://twitter.com/Laxness)



Pósthólf 250 / 270 Mosfellsbær / Sími 586 8066 / [gljufasteinn@gljufasteinn.is](mailto:gljufasteinn@gljufasteinn.is) / [www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)



■ Íslenska Nóbelskaldið var göngugarpur hinn mesti en kunnig einnig að meta fallega bíla.


## Gljúfrasteinn

# Safn og saga Laxness

Það er ávallt mikil upplifun að heim-sækja safn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini en það verður opið alla daga í sumar frá 1. júní frá klukkan 10-17. Boðið er upp á vandaða hljóðleið-sögn um hús skáldsins þar sem gestir fá að kynna störfum Halldórs sem og heimilislífina á Gljúfrasteini meðan Halldór og Auður Laxness eiginkona hans bjuggu þar. Gljúfrasteinn er á leiðinni til Þingvalla í Mosfellsdal í Mosfellsbæ. Um 20 mínútur tekur að aka frá Reykjavík að Gljúfrasteini.

### Gengið um skáldaslóðir

Halldór Laxness var sem kunnugt er mikill útivistarmaður og gekk mikið í nágrenni Gljúfrasteins. Þar eru enda margar fallegar gönguleiðir og algengt að gestir safnsins fái sér göngutúr á skáldaslóðum eftir skoðunarferð inni í húsina. Það er til að mynda hægt að ganga upp með ánni Köldukvísl eða fara í lengri göngu upp á Grímannsfell, að Helgufossi eða í átt að Mosfellskirkju. Starfsfólk Gljúfrasteins getur leiðbeint fólki um gönguleiðir en einnig er hægt að nálgast göngukort í safna-búðinni.



■ Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans í hálfu öld.

Fyrsta sunnudag júlímánaðar hefjast stofutónleikar á Gljúfrasteini en þeir hafa verið haldnir á sunnudögum á sumrin frá árinu 2006. Miðar eru seldir í safnbúð Gljúfrasteins samdægurs og verða auglýstir á heimasíðu safnsins og Facebooksíðu þess.

### Sýning um Innansveitarkróniku

Lítill sýning byggð á Innansveitarkróniku, næstsíðustu skáldsögu Halldórs Laxness, er í móttöku Gljúfrasteins. Sagan gerist í Mosfellsdal þar sem Halldór

ólst upp og hann greinir þar frá atburðum sem gerðust frá 1880 og fram á fimmta áratug síðustu aldar. Sagan endurspeglar í raun sögu Íslands, allt frá hetjuskap fornaldar til þeirra tíma-móta sem heimsstyrjöldin síðari markaði í lífi þjóðarinnar. Þess má geta að hlýða má á upplestur skáldsins á Innansveitarkróniku og á fleiri verkum á spilara RÚV.

[gljufrasteinn.is](http://gljufrasteinn.is)





# Hafðu AKU með í valinu!

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

## AKU Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla

Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, sitthvor stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

**AKU**  
trekking & outdoor footwear



AKU Alterra GTX ♂  
Gönguskór með góðan stuðning  
35.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♂  
Fjölhæfir gönguskór  
29.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀  
Gönguskór með góðan stuðning  
35.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♀  
Fjölhæfir gönguskór  
29.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♀  
Léttir gönguskór  
28.990 kr.



AKU Rapida Air ♂  
Léttir dagskór  
19.990 kr



AKU Rock DFS GTX ♂  
Fjölhæfir gönguskór  
26.990 kr



AKU Selvatica ♂  
Léttir gönguskór  
24.990 kr



AKU Rapida Air ♀  
Léttir dagskór  
19.990 kr



AKU Rock DFS GTX ♀  
Fjölhæfir gönguskór  
26.990 kr



AKU Selvatica ♀  
Léttir gönguskór  
24.990 kr



GG • SPORT

Verð samkvæmt verðlista júní 2021.

Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg\_sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15




# Velkomin til Grindavíkur!



Eldgosið  
í bakgarðinum




Fjölbreytt  
afþreying  
fyrir alla  
fjölskylduna



Frábært úrval veitinga-  
staða bíða ykkar í Grindavík




Göngu- og hjólaleiðir  
við allra hæfi í  
stórbrotinni náttúru



Sundlaug og  
glæsilegt  
tjaldsvæði

Við hlökkum til að sjá ykkur!



Nánari upplýsingar á [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)